

**SKOÐUN** Andri Valgeirsson skrifar um ferðaþjónustu fatlaðra og útboð. 19



**MENNING** Zombíar á Sinfó vöktu óhug og ánægju gagnrýnanda. 34



**LÍFIÐ** Brynhildur Oddsdóttir tók upp myndband með hest í aðalhlutverki. 43



**SPORT** Hrafnhildur Lúthersdóttir var óstöðvandi í lauginni um helgina. 44







# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Þriðjudagur**
15. apríl 2014
89. tölublað 14. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


**FRÉTTIR**



### Vilja friðargæsluliða

Úkraínsk stjórnvöld hafa farið fram á það við Sameinuðu þjóðirnar að friðargæsluliðar verði sendir til landsins. 10

**Svæði verði látin vera** Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla tillaunum til að fá svæði í verndarflokki endurmetin í rammaáætlun. 4

**Vilja íslenska tækni** Ný íslensk tækni gæti gert vinnslu á þorski í Noregi hagkvæmari. 4

**Sameining ekki útilokuð** Niðurskurðaráform í nýrri fjárhagsáætlun Landbúnaðarháskólans hafa ekki verið samþykkt. Sameining við Háskóla Íslands er ekki útilokuð. 8



18

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bolungarvík | 14° | SV | 14 |
| Akureyri | 6° | SV | 9 |
| Egilsstaðir | 9° | SV | 6 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | SV | 7 |
| Reykjavík | 6° | SV | 10 |

**SUÐVESTAN** 8-15 m/s og skúrir eða él S- og V-til en úrkomulítið NA-til. Dregur smám saman úr vindi síðdegis. Hiti víðast 3-10 stig. 4

### 2 SÉRBLÖÐ

**Sumardekk | Fólk**




# Neytendastofa hefur ekkert eftirlit á landsbyggðinni

**Neytendastofa hefur ekki sinnt skyldum sínum um eftirlit utan höfuðborgarsvæðisins síðan árið 2008. Stofnunin hefur eftirlit með verðmerkingum og mælitækjum. Verðum að fá fé til að sinna skyldum okkar, segir forstjórinn.**

**NEYTENDUR** Neytendastofa hefur ekki annast eftirlit utan 100 km radíuss frá höfuðborgarsvæðinu síðan 2008 vegna niðurskurðar þrátt fyrir skyldur um að tryggja öryggi og réttindi neytenda.

Eftirlit Neytendastofu snýr að verðmerkingum í verslunum og löggildingum mælitækja svo sem voga í verslunum og hjá fyrirtækjum sem og bensíndælna.

Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu, segir þetta alvarlegt mál. „Skorið hefur verið niður í fjárframlögum til Neytendastofu á síðustu árum og það hefur bitnað helst á landsbyggðinni. Neytendastofa er ekki höfuðborgarstofa, hún er stjórnvald á landsvísu og verður að starfa sem slík.“

Tryggvi telur að úrbóta sé þörf. „Þetta er alvarleg staða og þarft er að sníða stofnuninni þann stakk að hún geti sinnt landinu öllu en ekki aðeins höfuðborgarbúum og nærsveitum hennar.“

„Ég er algjörlega sammála því að eftirlitið er á landsvísu og á að vera á landsvísu. Stofnunin verður að fá tryggt fé til að sinna skyldum sínum. Það sýnir sig á höfuðborgarsvæðinu að í hvert sinn sem við förum í eftirlitsferðir kemur eitthvað út úr ferðum okkar neytendum til hagsbóta og að það þörf er á virku eftirliti af okkar hálfu. Því má segja að staða neytenda utan höfuðborgarsvæðisins sé að einhverju leyti örlítið viðkvæmari í ljósi ástandsins,“ segir Tryggvi.

Stofnunin hefur frá hruni 2008 sinnt verðmerkingum á höfuðborgarsvæðinu og hefur í stöku tilvikum sinnt eftirliti norðan Hvalfjarðarganga, á Akranesi og í Borgarnesi, og austan Hellisheiðar, í Hveragerði og á Selfossi. Á öðrum stöðum landsins hefur stofnunin tekið við ábendingum frá neytendum og reynt að framfylgja skyldum sínum með því að senda bréf á viðkomandi staði með beiðni um úrbætur og lagfæringar. -sa



> **Neytendastofa er ekki höfuðborgarstofa, hún er stjórnvald á landsvísu og verður að starfa sem slík.**
>
> *Tryggvi Axelsson, forstjóri Neytendastofu.*




**STÚDENTAR MÓTMÆLA** Nemendur við Háskóla Íslands mótmæltu fyrirhuguðu verkfalli háskólakennara fyrir utan fjármálaráðuneytið í gær. Sjá síðu 10. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Lögregla rannsakar spjallsíðu:

# Birta myndir af fáklæddum ungum stúlkum

**LÖGREGLUMÁL** Myndir af hálfnöktum íslenskum stúlkum, þeim yngstu á fjórtánda aldursári, eru birtar á erlendri spjallsíðu. Þar skiptast íslenskir karlmenn á myndunum.

Hundruð mynda eru komin inn á síðuna þar sem notendur geta sett inn efni að vild.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir erlendu síðuna til rannsóknar hjá lögreglu. Tilkynning barst um síðuna í síðustu viku og er nú unnið í því að fá síðunni lokað, segir Friðrik.

Mikilvægt er að uppræta svona efni og koma þolendum til hjálpar, segir Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the children á Íslandi.

-sa / sjá síðu 2






Falskar tennur, farsímar og skrautfiskurinn Undri fiskuð úr skólpi borgarbúa:

# Lifði af ferð um holræsakerfið

**UMHVERFISMÁL** „Hann ber þess merki að hafa farið í gegnum eina dælistöð. Það vantar á hann augun. Þau hafa slitnað af vegna straumhraðans,“ segir Stefán Kjartansson, verkstjóri fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur, um japanska skrautfiskinn Undra sem starfsmenn fundu fyrir sex árum.

Undri er síður en svo það eina sem veitt hefur verið úr holræsakerfinu. Meðal þess sem rekið hefur á fjörur starfsmanna fráveitunnar eru falskar tennur, kreditkort og farsímar. „Það er greinilegt að þessa hluti hefur fólk misst í klósettið,“ segir Stefán.

Kostnaður vegna rusls sem íbúarnir sturta niður stefnir í 32 milljónir á árinu. -ibs / sjá síðu 6



**LEMSTRAÐUR** Starfsmenn fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur fundu skrautfiskinn Undra fyrir sex árum og hafa gætt hans síðan. Hann bar þess merki að hafa farið í gegnum dælistöð því hann er augnalaus. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM




## SPURNING DAGSINS



Sigrún, voruð þið að renna blint í sjóinn?

**„Nei, við höfum marga fjöruna sopið.“**

Sigrún Þuríður Geirsdóttir og aðrir meðlimir í sjósundshópnum Sækúnum fengu nýverið verðlaun fyrir lengsta tímann í sjónum þegar þær syntu Ermarsundið á 19 klukkustundum, 38 mínútum og 8 sekúndum.

Önnur lög gilda um afskipti sáttasemjara af kjaradeilum á almenna markaðnum en hinum opinbera:

# Ekki búið að vísa til ríkissáttasemjara

**VINNUMARKAÐUR** Kjaradeilum þriggja stéttarfélaga opinberra starfsmanna sem boðað hafa verkföll hefur ekki verið vísað til ríkissáttasemjara. Þetta eru félög háskólakennara við Háskóla Íslands og Háskólann á Akureyri, auk náttúrufræðinga sem vinna hjá Reykjavíkurborg.

Boðuð verkföll þessara félaga hefjast á tímabilinu 25. til 28. apríl, takist samningar ekki fyrir þann tíma.

Ekki gilda sömu lög um afskipti sáttasemjara af kjaradeilum félaga á almenna markaðnum og þeim opinbera.

Félög á almenna markaðnum geta ekki boðað til verkfalls nema kjaradeila þeirra við vinnuveitendur sé komin til sáttasemjara og það sé staðfest að haldnir hafi verið árangurslausir fundir í kjaradeilunni.

Félögum á opinbera markaðnum ber að tilkynna vinnuveitanda og ríkissáttasemjara að félagsmenn ætli í verkfall með 15 daga fyrirvara. Félögin þurfa ekki að sýna fram á að sáttafundir hafi verið árangurslausir áður en þau boða verkfall.

Hafi kjaradeilu ekki verið vísað til sáttasemjara er hlutverk hans fremur óljóst, það er hvenær sáttasemjari á eða getur haft afskipti af kjaradeilu stéttarfélaga. Það er ekki fyrr en verkfall er skollið á sem það er skýrt í lögunum hvert hlutverk sáttasemjara er gagnvart félögum á opinbera markaðnum. -jme



**MILLI VONAR OG ÓTTA** Háskólanemar bíða milli vonar og ótta eftir því að vita hvort kennarar fari í verkfall á prófatíma í vor. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**FRAMKVÆMDIR** Ný gata við Pósthússtræti verður samkvæmt áætlunum tilbúin í júlí 2015. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Gata og gangstétt gerðar upp frá grunni í miðbæ Reykjavíkur:

## Framkvæmdir í Pósthússtræti

**REYKJAVÍK Framkvæmdir sem hófust í byrjun apríl standa nú yfir í Pósthússtræti, milli Austurstrætis og Tryggvagötu. Ýmsar lagfæringar verða gerðar, meðal annars á gangstétt og götu, en snjóbræðsla verður lögð undir nýju hellurnar og malbikið. Kostnaður við verkefnið er áætlaður um 100 milljónir króna. Verklok eru áætluð í júlí 2015. -kóh**

VG og Píratar tapa fylgi:

## Samfylkingin eykur fylgi sitt

**KÖNNUN** Samkvæmt nýrri könnun Capacent Gallup mælist Samfylkingin með mest fylgi í Reykjavík eða 28 prósent, fjórum prósentustigum meira en fyrir mánuði. Fylgi Sjálfstæðisflokksins mælist 25 prósent, einu prósentustigi meira en í síðustu könnun.

Fylgi Bjartrar framtíðar eykst um eitt prósentustig á milli kannana og mælist 24 prósent.

Aðrir flokkar fá minna fylgi samkvæmt könnun Capacents. Píratar mælast með 10 prósent og VG með sjö prósent. Fylgi beggja flokkanna dalar um þrjú prósentustig. Framsóknarflokkurinn og Dögun mælast loks með þriggja prósenta fylgi. -jme

Hætta framleiðslu á WoD:

## CCP segir upp starfsmönnum

**VIÐSKIPTI** Tölvuleikjaframleiðandinn CCP hefur hætt þróun á tölvuleiknum World of Darkness, sem hefur verið í vinnslu á skrifstofu fyrirtækisins í Atlanta í Bandaríkjunum. Í kjölfar þessarar ákvörðunar eru lögð niður 56 stöðugildi hjá CCP í Atlanta.

Hilmar Veigar Pétursson, framkvæmdastjóri CCP, segir í tilkynningu að þessi ákvörðun sé ein sú erfiðasta sem hann hafi tekið. „Okkur dreymdi um leik sem færði spilarann í ævintýraheim World of Darkness, en verðum að horfast í augu við að það verður ekki að veruleika. Ég vona að við getum einhvern tímann bætt ykkur þetta,“ segir Hilmar. -fbj

# Fáklædd fermingarbörn á erlendri síðu

Erlend spjallsíða hefur að geyma myndir af fáklæddum íslenskum stúlkum sem eru allt niður í fjórtán ára. Lögregla rannsakar málið og reynir að fá síðunni lokað. Alvarlegt brot gegn réttindum barns segir framkvæmdastjóri Barnaheilla.

**LÖGREGLUMÁL** Á erlendri spjallsíðu stunda íslenskir karlmenn þá iðju að skiptast á myndum af fáklæddum íslenskum stúlkum. Þær yngstu eru á fjórtánda aldursári. Hundruð mynda af íslenskum stúlkum eru komin inn á spjallsíðuna.

Erlenda síðan er svokallaður „korkur“, spjallsíða þar sem notandi getur sett inn efni að vild undir umræðu. Fimm mismunandi spjallþræðir hafa verið teknir í gagnið á síðustu sex mánuðum í þeim tilgangi að skiptast á myndum af íslenskum stúlkum.

Friðrik Smári Björgvinsson, yfirlögregluþjónn hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu, segir erlendu síðuna til rannsóknar hjá lögreglu. „Lögreglunni barst tilkynning um síðuna í síðustu viku. Þetta mál er nú til rannsóknar. Reynt verður að fá síðunni lokað á sama hátt og öðrum viðlíka síðum sem hafa skotið upp kollinum á síðustu árum. Þetta er ekki í fyrsta skipti sem spjallsíða af þessu tagi er til rannsóknar hjá lögreglu.“

Í 210. grein almennra hegningarlaga segir að hver sem framleiðir, flytur inn, aflar sér eða öðrum eða hefur í vörslu sinni ljósmyndir, kvikmyndir eða sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt skuli sæta sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Einnig segir að hver sem skoðar myndir, myndskeið eða aðra sambærilega hluti sem sýna börn á kynferðislegan eða klámfenginn hátt á netinu eða með annarri upplýsinga- eða fjarskiptatækni skuli sæta sömu refsingu.

„Samkvæmt íslenskum lögum er öll skoðun, varsla og dreifing á efni sem sýnir börn yngri en 18 ára á kynferðislegan hátt ólögleg og er brot á réttindum barnsins. Mikilvægt er að uppræta slíkt efni og koma þolandanum til hjálpar. Það að myndefnið sé skoðað aftur og aftur og sé í dreifingu er í raun síendurtekið ofbeldi gegn þolandanum,“ segir Erna Reynisdóttir ,framkvæmdastjóri Barnaheilla – Save the Children á Íslandi.

sveinn@frettabladid.is



**SPJALLSÍÐA** Notendur nafngreina stúlkur og greina frá aldri og bæjarfélagi sem stúlkurnar búa í, eins og sjá má á meðfylgjandi skjáskotum af vefsíðunni.



**„Það að myndefnið sé skoðað aftur og aftur og sé í dreifingu er í raun sem síendurtekið ofbeldi gegn þolandanum.**

*Erna Reynisdóttir, framkvæmdastjóri Barnaheilla–Save the Children á Íslandi*




Talsmaður landeigenda segir að meirihlutinn megi kúga minnihlutann:

# Lögbann við gjaldtöku við Geysi

**UMHVERFISMÁL** Landeigendafélag Geysis hætti að taka gjald af ferðamönnum í gærmorgun, eða um leið og Héraðsdómur Suðurlands hafði úrskurðað að sýslumanninum á Selfossi bæri að leggja lögbann við því að gestir væru rukkaðir um aðgangseyri.

Málaferli halda þó áfram að sögn Garðars Eiríkssonar, talsmanns landeigendafélagsins. „Ríkið verður að höfða staðfestingarmál innan sjö daga frá því að sýslumaðurinn setur lögbann,“ segir Garðar.

Hann segir að samkvæmt úrskurðinum sé gjaldtakan ekki ólögmæt heldur snúist þetta um formsatriði í sameignarfélaginu. Ríkið sem á hluta landsins verði að samþykkja gjaldtökuna. Allir landeigendur verði að samþykkja gjaldtöku, það dugi ekki aukinn meirihluti.

Hann segir að úrskurðurinn sé vonbrigði. „Það er skoðun dómarans að minnihlutinn megi kúga meirihlutann vegna formsatriða,“ segir Garðar.

Landeigendafélag Geysis telur að úrskurðurinn veki spurningar um eignarrétt og geti tafið fyrir nauðsynlegri verndun og uppbyggingu á Geysissvæðinu.

Gjaldtaka inn á Geysissvæðið hófst 15. mars og kostaði 600 krónur að fara um svæðið. -jme



**FRÍTT INN** Gestir sem koma á Geysissvæðið eru ekki lengur rukkaðir um aðgangseyri að svæðinu. Talsmaður landeigendafélagsins segir að menn séu að íhuga næstu skref í málinu. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

VALITOR KORTALÁN VISA
ALLT AÐ 36 MÁNUÐIR



90 X 200 SM.

**SPARIÐ 35.000 KRÓNUR**

2 ár áklæði Ábyrgð
2 ár dýna Ábyrgð
Pokagormar
Svampur
Miðlungs

**BLUE SKY AMERÍSK DÝNA**
Miðlungsstíf dýna með 250 pokagormum pr. m². Innifalið í verði er 4 sm. þykk yfirdýna. Stærð: 90 x 200 sm.
Vnr. 8880000632

90 X 200 SM. FULLT VERÐ: 74.950
**39.950**

**SPARIÐ 3000**



**NIMTOFTE SKRIFBORÐSSTÓLL**
Góður stóll með innbyggðri gaspumpu sem tryggir stiglausa hæðarstillingu. Hægt að rugga. Litur: Svartur.
Vnr. 3620022

FULLT VERÐ: 9.995
**6.995**



1 STK.
**95**

**RUSTIK KERTI**
Hæð: 28,5 sm.
Vnr. 22305020

**50% AFSLÁTTUR**

NÝTT



**ARNE PLASTKASSAR**
Góðir plastkassar með loki á frábæru tilboði! Stærðir: Geymslubox 39 x 39 x 26 sm. **1.995** nú **995**
Bedroller 39 x 57 x 17 sm. **1.995** nú **995**
Vnr. 3974901, 3974902

FULLT VERÐ: 1.995
**995**

SINGER



FULLT VERÐ: 29.950
**24.950**

**SPARIÐ 5000**

**SINGER TALENT 3321 SAUMAVÉL**
Frábær SINGER saumavél sem gerir öll helstu sporin, zikk-zakk, hnappagöt o.fl.
Er með nálaþræðara. Vnr. 1767000

**25% AFSLÁTTUR**

NÝTT



FULLT VERÐ: 1.995
**1.495**

**STILLING SKEMILL**
Góður og litríkur skemill með geymsluplássi. Stærð: B40 x H45 x L40 sm. Vnr. 3613709, 3613710, 3613711



VERÐ AÐEINS:
**1.695**

**VIG KLAPPSTÓLL**
Klappstóll, fæst í svörtu og hvítu.
Vnr. 3626641

**SPARIÐ 1000**



KRONBORG OF DENMARK
PLUS ÞÆGINDI & GÆÐI

100 % BÓMULL

NÚ VERÐ FRÁ:
**1.995**

**HELLE SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómull. Lokað að neðan með tölum. Stærðir:
140 x 200 sm. **2.995** nú **1.995**
140 x 220 sm. **3.495** nú **2.495**
200 x 220 sm. **4.995** nú **3.995**
Vnr. 1165680

# VORDAGAR



**SPARIÐ 7000**

FULLT VERÐ: 19.950
**12.950**

**PURE NATURE SÆNG**
Gæðasæng með mjúku áklæði úr 100% bómull. Hentar vel fyrir þá sem hættir til að fá ofnæmi því áklæðið er þéttofið sem hindrar að rykmaurar og bakteríur safnist saman. Stærð: 135 x 200 sm. Fylling: 60% andadúnn og 40% andafiður. Má þvo við 60°C. Þyngd: 600 gr. Vnr. 4000350

HREIN EFNI

RÚMFATA LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ

www.rumfatalagerinn.is
**Gildir til 21.04.14**

**SPARIÐ 1000**



KRONBORG OF DENMARK
GOLD EINSTÖK GÆÐI
HREIN EFNI

BÓMULLARSATÍN

FULLT VERÐ: 4.995
**3.995**

**NELL SÆNGURVERASETT**
Efni: 100% bómullarsatín. Stærð: 140 x 200 sm.
Vnr. 1259480

## SVONA ERUM VIÐ



**34** **prósentum fleiri fyrirtæki eða félög**

**störfuðu við hugbúnaðargerð árið 2013 en árið 2008.**

Árið 2013 voru þau 576 en fimm árum áður voru þau 440 talsins.

Sjávarútvegsráðherra Noregs vonast til að íslensk tækni muni efla þorskvinnslu í landinu til muna:

# Norðmenn binda vonir við íslenska tækni

**VIÐSKIPTI** Elisabeth Aspaker, sjávarútvegsráðherra Noregs, vonast til þess að ný tækni sem íslenska hátæknifyrirtækið Valka hefur þróað geti orðið veigamikill þáttur í að gera þorskvinnslu í Noregi jafn mikilvæga og vinnslu á laxi þar í landi.

Þetta kom fram í heimsókn ráðherrans til Gryllefjord Seafood og sagt hefur verið frá í norskum fjölmiðlum. Fyrirtækið hefur fest kaup á nýju vinnslukerfi fyrir hvítfisk frá Völku, sem var stofnað af Helga Hjálmarssyni, sem er einnig framkvæmdastjóri.

„Það er ánægjulegt hvað viðbrögðin hafa verið jákvæð og þetta mun hjálpa okkur við markaðsstarfið í Noregi,“ segir Helgi, aðspurður. „Við vorum að stofna dótturfélag í Noregi og þetta mun hjálpa okkur við að byggja það upp.“ Valka var stofnuð árið 2003 og hlaut fyrirtækið nýsköpunarverðlaun Íslands í fyrra.

Fiskvinnslukerfið tekur við flökum eftir flökunarvélar og skilar tilbúnum ferskum bitum í sölupakkningar eða inn á lausfrysti. Vélin er sú fyrsta sinnar tegundar í heiminum og hefur verið í þróun hjá fyrirtækinu frá 2009. Fyrsta vélin var sett upp í fiskiðjuveri HB Granda í Reykjavík.

Gunnar Hólm, framkvæmdastjóri Gryllefjord, segir þessa nýju tækni vera byltingu fyrir fiskvinnslu í Noregi. „Við erum sérstaklega ánægð með rekstraröryggið og svo er yfirvigtin innan við 0,5 prósent. Á hefðbundnum línum er hún gjarnan 3-5 prósent,“ segir Gunnar. **-fb**



**RÁÐHERRA Í HEIMSÓKN** Elisabet Aspaker í heimsókn hjá Gryllefjord Seafood. Matthías Jónasson, þjónustustjóri Völku, sýnir henni nýja búnaðinn. MYND/AÐSEND

## Lést af slysförum

Maðurinn sem lést af slysförum við Hrafntinnusker á sunnudag hét Svavar Sæmundur Tómasson. Hann var 54 ára gamall. Svavar Sæmundur lætur eftir sig eiginkonu, þrjú uppkomin börn og þrjú barnabörn.



**SVAVAR SÆMUNDUR TÓMASSON**

Fjölskylda Svavars vill koma á framfæri þakklæti til þeirra sem komu að björgunaraðgerðum við Hrafntinnusker.

Leitin að malasísku þotunni:

## Kafbátur leitar flugvélarinnar

**ÁSTRALÍA** Ástralskt leitarteymi býr sig undir að leita malasísku farþegaþotunnar með ómönnuðum kafbátum. Þotunnar hefur verið leitað á sjó og úr lofti en árangurslaust. Nú eru liðnir tæpir 39 dagar síðan flugvélin hvarf.

Kafbáturinn sem leitarteymið mun notast við skimar eftir hafsbotninum og kortleggur út frá því mjög nákvæmlega í þrívídd. Skimunarferlið gengur hægt fyrir sig, en kafbáturinn getur kannað rúmlega 40 ferkílómetra stórt hafsvæði á hverjum sólarhring. Ferlið verður því hægvirkt en nákvæmt. **-kóh**

## LEIÐRÉTTING

Í grein á laugardaginn um skoðanakönnun varðandi nýtt framboð hægriflokks var rangt farið með nafn Evu H. Önnudóttur stjórnmálafræðings. Einnig birtist mynd af rangri konu með greininni. Beðist er velvirðingar á mistökunum.

# Svæði í verndarflokki verði látin vera af stjórnvöldum

Samtök ferðaþjónustunnar mótmæla tilraunum stjórnvalda og orkufyrirtækja til að fá svæði í verndarflokki endurmetin í 3. áfanga rammaáætlunar. Verkefnisstjórn er hvött til að virða tillögur um endurmat að vettugi.

**UMHVERFISMÁL** Samtök ferðaþjónustunnar (SAF) hvetja verkefnisstjórn rammaáætlunar til að taka ekkert þeirra svæða sem nú eru í verndarflokki til endurskoðunar í 3. áfanga rammaáætlunar. Það að svæði hafi verið sett í verndarflokk á að tryggja að svæði verði ekki nýtt til orkuframleiðslu enda geti mörg þessara svæða boðið upp á mikla náttúruupplifun og uppbyggingu tengda ferðamennsku.

Þetta er á meðal niðurstaðna aðalfundar SAF sem haldinn var í síðustu viku og kemur fram í ályktun. Aðalfundurinn mótmælir jafnframt harðlega öllum tilraunum orkufyrirtækja og opinberra stofnana, þ.m.t. Orkustofnunar og umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, til að fá verkefnisstjórnina til að taka upp svæði í verndarflokk og meta á nýjan leik. Samtökin telja að „með framferði sínu hafa þessir aðilar að engu áralangar tilraunir til að eyða óvissu um afdrif fjölmargra náttúruperla og sátt um vernd þeirra gegn orkunýtingu“.

Grímur Sæmundsen, formaður Samtaka ferðaþjónustunnar, segir að kjarninn í ályktun SAF sé að ferðaþjónustan er að vekja athygli á mikilvægi almennrar náttúruverndar, bæði fyrir þjóðina en ekki síður ferðaþjónustuna sem atvinnugrein. Grímur segir mjög halla á ferðaþjónustuna í opinberri umræðu sem sé ekki í neinu samhengi við mikilvægi hennar fyrir þjóðina sem stærstu gjaldeyrisskapandi atvinnugreinar landsins.

„Það að láta sér detta í hug að hefja orkuvinnslu í Kerlingarfjöllum og á Torfajökulssvæðinu í þessu samhengi kemur ekki til greina að okkar mati,“ segir Grímur og hnykkir á því að í tillögum um virkjanakosti sem bárust verkefnisstjórninni sé verið að fjalla um fjöregg ferðaþjónustunnar þegar til framtíðar er litið.

„Langflestir ferðamenn koma til Íslands vegna náttúru landsins, fyrst og síðast. Náttúran er sú vara sem við erum að selja umfram annað. Það er alltaf talað um nýtingu í samhengi við orku og iðnað, en nýting felst í fleiru en þessu og það verður að horfa á nýtingarmöguleika þjóðarinnar á auðlindum sínum í samhengi við þróun síðustu ára og framtíðarhorfur ferðaþjónustunnar. Kannski hefur vöxtur ferðaþjónustunnar verið svo hraður að menn hafa ekki kveikt á þeim nýju hagsmunum sem komnir eru til sögunnar,“ segir Grímur.

**svavar@frettabladid.is**



**Í KERLINGARFJÖLLUM** Orkustofnun biður um að Kerlingarfjöll verði metin að nýju þrátt fyrir að hafa fallið í verndarflokk í 2. áfanga rammaáætlunar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



> **Kannski hefur vöxtur ferðaþjónustunnar verið svo hraður að menn hafa ekki kveikt á þeim nýju hagsmunum sem komnir eru til sögunnar.**
>
> *Grímur Sæmundsen, formaður SAF*

### Endurmat ákvörðun verkefnisstjórnar

- Orkustofnun sendi þann 10. mars alls 91 virkjunarkost til umfjöllunar hjá verkefnisstjórn 3. áfanga rammaáætlunar. Þar af eru 19 hugmyndir í núverandi verndarflokki.
- Eins og Fréttablaðið greindi frá 31. mars er verkefnisstjórninni hins vegar í sjálfsvald sett hvort til endurmats virkjanakosta kemur. Úr þessu fékk verkefnisstjórnin skorið með sérstöku lögfræðiáliti umhverfis- og auðlindaráðuneytisins frá 12. mars síðastliðnum. Í áliti ráðuneytisins um endurmat virkjanakosta er tekinn af allur vafi um að lög nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun leggja þessa ákvörðun í hendur verkefnisstjórninni óháð því hvernig virkjanakosturinn [í verndar- og nýtingarflokki] kom inn á hennar borð að nýju.






## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi




| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 23° | Friedrichshafen | 12° | New York | 16° |
| Aþena | 19° | Gautaborg | 8° | Orlando | 27° |
| Basel | 13° | Kaupmannahöfn | 8° | Ósló | 10° |
| Berlín | 10° | Las Palmas | 22° | París | 15° |
| Billund | 10° | London | 13° | San Francisco | 18° |
| Frankfurt | 10° | Mallorca | 23° | Stokkhólmur | 7° |

**Á MORGUN** 5-10 m/s.




**SKÍRDAGUR** Vaxandi S-átt síðdegis með úrkomu.




**SKÚRIR EÐA ÉL** um landið sunnan og vestanvert í dag og á morgun en úrkomulaust að mestu norðaustan til. Á skírdag verður gott veður framan af en síðdegis gengur í hvassa sunnanátt með talsverðri úrkomu syðra.



**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal jonl@frettabladid.is **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hjördís Zoëga hjordis@frettabladid.is, Hlynur Þór Steingrímsson hlynur@365.is, Laila Awad laila@365.is, Sverrir Birgir Sverrisson sverrirbs@365.is, Örn Geirsson orn.geirsson@365.is **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann atli.bergmann@365.is, Bryndís Hauksdóttir bryndis@365.is, Jón Ívar Vilhelmsson jonivar@365.is, Kolbeinn Kolbeinsson kolli@365.is, **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Sólveig Gísladóttir solveig@365.is og Vera Einarsdóttir vera@365.is **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason hrannar@365.is, Viðar Ingi Pétursson vip@365.is **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir arnarut@365.is, Sigrún Helga Guðmundsdóttir sigrunh@365.is

www.n1.is facebook.com/enneinn




*Punktur er punkts gaman!*

Komdu í partí N1

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hversu dýr verður fyrirhuguð uppbygging á Keflavíkurflugvelli á næstu tveimur árum?
**2.** Hvað heitir liðið sem Dagur Sigurðsson gerði að bikarmeisturum um helgina?
**3.** Lag hvaða Íslendings var flutt á einni stærstu danstónlistarhátíð heims í Miami?

**SVÖR:**
**1.** Níu milljarðar. **2.** Füchse Berlin. **3.** Jóhanns Steins Gunnlaugssonar.

Leigjendur greiða hærra hlutfall af ráðstöfunartekjum sínum í húsnæði en fasteignaeigendur:

# Rangir hópar fá aðstoð segir forseti ASÍ

**EFNAHAGSMÁL** Eigendur íbúðarhúsnæðis eru að jafnaði í betri stöðu en leigjendur á húsnæðismarkaði. Þetta kemur fram í Hagtíðindum Hagstofu Íslands um byrði húsnæðiskostnaðar 2004 til 2013 sem kom út í gær.

Hjá þeim sem búa í eigin húsnæði hefur langtímaþróunin orðið sú að húsnæðisbyrðin lækkar sem hlutfall af ráðstöfunartekjum. Sömu sögu er ekki að segja af leigjendum á húsnæðismarkaði því þar hækkar hlutfall húsnæðiskostnaðar samkvæmt tölum Hagstofunnar.

Húsnæðiskostnaður er talinn vera verulega íþyngjandi þegar fólk þarf að ráðstafa 40 prósentum eða meira af ráðstöfunartekjum heimilis í húsnæðiskostnað. Um 8,8 prósent landsmanna voru í þeirri stöðu á árinu 2013, samanborið við 14,3 prósent árið 2006.

Gylfi Arnbjörnsson, forseti ASÍ, segir tölurnar sýna að ekki sé verið að beina aðstoðinni að rétta hópnum. „Það er gagnrýnivert að skuldalækkunartillaga ríkisstjórnarinnar nær ekki til þeirra sem eru í mestum vanda samkvæmt tölum Hagstofunnar.“

Húsnæðiskostnaður meðaleinstaklings sem hlutfall af ráðstöfunartekjum nam 16,8 prósentum árið 2013. Þessi tala hefur haldist nokkuð stöðug frá árinu 2006.

Þeir hópar sem eru líklegastir til að vera í erfiðri stöðu á húsnæðismarkaði eru leigjendur, einstaklingar undir þrítugu og einstæðir foreldrar með eitt eða fleiri börn samkvæmt Hagtíðindum. -sa



**KOSTNAÐUR** Um 8,8 prósent landsmanna eyða 40 prósentum eða meira af ráðstöfunartekjum í húsnæði. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM





*Fæst án lyfseðils*

Voltaren 11,6 mg/g, hlaup. Inniheldur 11,6 mg af díklófenaktvíetýlamíni. Ábendingar: Staðbundnir bólgukvillar. Skammtar og lyfjagjöf: Fullorðnir og börn 14 ára og eldri: 2-4 g af hlaupi borið á aumt svæði 3-4 sinnum á sólarhring. Mælt er með handþvotti eftir notkun, nema verið sé að meðhöndla hendur. Ef meðhöndla á bráð, minniháttar meiðsli í stoðkerfi skal ekki nota Voltaren lengur en 7 daga án samráðs við lækni. Hafið samband við lækninn ef einkenni eru viðvarandi eða versna eftir meðferð í 7 sólarhringa. Frábendingar: Ofnæmi fyrir einhverju innihaldsefnanna, asetýlsalisýlsýru og öðrum bólgueyðandi gigtarlyfjum (NSAID). Sjúklingar sem hafa fengið astma, ofsakláða eða bráða nefslímubólgu af völdum asetýlsalisýlsýru eða annarra bólgueyðandi gigtarlyfja (NSAID) eiga ekki að nota lyfið. Síðustu 3 mánuðir meðgöngu. Má ekki nota handa börnum og unglingum 14 ára og yngri. Sérstök varnaðarorð: Má eingöngu bera á heila og heilbrigða húð og alls ekki á slímhúðir eða augu. Getur valdið húðertingu. Varast skal mikið sólarljós, notkun samhliða bólgueyðandi lyfjum eða að hylja notkunarsvæðið með loftþéttum umbúðum. Gæta skal sérstakrar varúðar hjá öldruðum eða astma-/ofnæmis-sjúklingum (hefur valdið berkjukrampa). Hætta á meðferð ef útbrot koma fram eftir notkun. Við notkun á stór húðsvæði eykst hættan á almennum aukaverkunum, t.d. á nýru. Við brjóstagjöf eða meðgöngu má eingöngu nota lyfið í samráði við lækni. **Lesið leiðbeiningar á umbúðum og í fylgiseðli fyrir notkun. Geymið þar sem börn hvorki ná til né sjá.** Markaðsleyfis hafi: Novartis Consumer Health S.A. Umboð á Íslandi: Artasan ehf., Suðurhrauni 12a, 210 Garðabæ


# Förgun salernisrusls kostar 32 milljónir

Dömubindi, smokkar, blautþurrkur og annað rusl sem íbúarnir sturta niður stíflar vélar fráveitu Orkuveitunnar. Förgun slíks úrgangs kostar 32 milljónir í ár. Orkuveitan undirbýr nú herferð til að fræða almenning um hvert ruslið á að fara.

**FRÁVEITA** Kostnaður fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur vegna förgunar fasts rusls sem íbúarnir sturta niður um salernin og taka þarf úr dæluhjólum fráveitunnar verður ef fram fer sem horfir 32 milljónir króna á þessu ári. Orkuveitan undirbýr nú herferð til að fræða almenning um hverju ekki megi fleygja á þennan hátt.

„Þetta er stórt vandamál hjá okkur og fer vaxandi. Sorpa hætti að taka á móti þessum úrgangi til urðunar í ár. Kostnaðurinn hefur verið átta milljónir króna á ári vegna urðunar en mun fjórfaldast á þessu ári þar sem nú þarf að farga úrganginum með öðrum hætti,“ greinir Eiríkur Hjálmarsson, upplýsingafulltrúi Orkuveitu Reykjavíkur, frá.



**STURTAÐ NIÐUR** Hér sést rusl sem síað hefur verið frá skólpinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Að sögn Eiríks sturta Íslendingar niður fjórfalt meira magni af því sem ekki á að fara þá leið en Svíar. „Þeir hafa farið í herferðir til að draga úr þessu með þeim árangri að það hefur minnkað um þrjá fjórðuhluta. Ef við náum sama árangri ættum við að geta komist niður í átta milljóna kostnað á ári á ný.“



**EIRÍKUR HJÁLMARSSON**

Eiríkur bendir á að allt fasta ruslið endi ekki í dæluhjólum fráveitunnar. „Þetta stíflar einnig lagnir og heimtaugar sem íbúarnir bera sjálfir ábyrgð á. Þar með getur það verið sjálfskaparvíti að sturta niður blautþurrkum, dömubindum, tíðatöppum, eyrnatöppum, bómullarhnoðrum, smokkum, einnota trefjaklútum sem notaðir eru til þrifa og öðru föstu rusli.“

Stefán Kjartansson, verkstjóri fráveitu Orkuveitunnar, segir framangreindu sturtað niður í miklu magni. „Vélarnar okkar stíflast og bila. Það sem íbúarnir sturta niður á hverjum degi hleðst upp í dæluhjólunum. Við erum að taka upp dælu tvisvar til þrisvar sinnum í viku út af þessu. Við höfum einnig fundið gólfmoppur í dælum og þvottapoka. Það kemur alltaf einn og einn svoleiðis.“

Eitt af því versta sem kemur í kerfin er steikingarfeiti, að því er Stefán greinir frá. „Fita á ekki að fara í vaskinn. Það á að láta hana harðna og fleygja henni í sorpið en ekki skólpið.“

Meðal þess sem rekið hefur á fjörur starfsmanna fráveitunnar eru falskar tennur, kreditkort og farsímar. „Það er greinilegt að þessa hluti hefur fólk misst í klósettið.“

ibs@frettabladid.is

## Óvæntasti fundurinn var skrautfiskur

„Hann ber þess merki að hafa farið í gegnum eina dælistöð. Það vantar á hann augun. Þau hafa slitnað af vegna straumhraðans,“ segir Stefán Kjartansson, verkstjóri fráveitu Orkuveitu Reykjavíkur, um japanska skrautfiskinn Undra sem starfsmenn fundu fyrir sex árum. Stefán segir hann óvæntasta fundinn í fráveitunni. Fiskurinn lifir enn ágætislífi.



Norðurþing vill kaupa eignir og aflaheimildir Vísis svo störf hverfi ekki:

# Vilja grípa til neyðarúrræða

**SJÁVARÚTVEGUR** Bæjarráð Norðurþings samþykkti á fundi sínum í gær að óska eftir viðræðum um kaup á eignum og aflaheimildum útgerðarfyrirtækisins Vísis hf. á Húsavík.

Vísir hf. tilkynnti í lok marsmánaðar að fyrirtækið hygðist hætta allri starfsemi sinni á Djúpavogi, Húsavík og Þingeyri á næstu mánuðum og færa hana alfarið til Grindavíkur, þar sem fyrirtækið hefur höfuðstöðvar.

Um 150 manns starfa hjá fyrirtækinu í þessum þremur byggðarlögum og hefur þeim verið boðið að flytja með fyrirtækinu til Grindavíkur. Hætti Vísir starfsemi sinni yrði það gífurlegt áfall fyrir þau þrjú sveitarfélög sem um ræðir.

Bergur Elías Ágústsson, sveitarstjóri Norðurþings, viðurkennir að það gæti reynst áhætta fyrir Norðurþing að ráðast í fjárfestingu af þessari stærðargráðu.

„Það má segja að það sé neyðarúrræði, það er óhætt að segja það. Ef við lítum á þessi samfélög sem slík og leggjum þau saman þá samsvarar þetta því að öllum starfsmönnum Landspítalans yrði sagt upp og þeim boðin vinna á Akureyri,“ sagði Bergur.

Pétur Hafsteinn Pálsson, framkvæmdastjóri Vísis, sagði í samtali við Stöð 2 fyrir skömmu að hann ætlaði að ræða við aðila í sveitarfélögunum þremur áður en fyrirtækið tæki lokaákvörðun. -jjk




**HÖFUÐSTÖÐVAR** Vísir hf. hefur bækistöðvar á Grindavík en útgerðin hefur boðið 150 starfsmönnum fyrirtækisins á Þingeyri, Djúpavogi og Húsavík að flytja til Grindavíkur. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# KOMDU BETUR ÚT MEÐ ATLANTSOLÍU




## DÆLULYKILLINN AÐ VINNINGUM



Þú getur unnið glæsilega ferð til sólarlanda fyrir alla fjölskylduna eða þúsundir annarra vinninga með því að nota dælulykil Atlantsolíu. Meiri vinningsmöguleikar með meiri notkun.
**Allt um leikinn á atlantsolia.is/leikur**

Þú kemur betur út með dælulykli Atlantsolíu.

**Sæktu um dælulykilinn á atlantsolia.is eða í síma 591 3100.**

Fylgdu okkur á Facebook til að eiga möguleika á enn fleiri vinningum
**facebook.com/Atlantsolia**

ATLANTSOLIA

Sími 591 3100 | atlantsolia.is

H:N Markaðssamskipti / SÍA

Alls fá 28 tilboð um búsetu í nýjum búsetukjörnum:

## Fimm kjarnar fyrir fatlaða

**SKIPULAGSMÁL** Borgarráð hefur samþykkt áætlun um byggingu fimm búsetukjarna fyrir fatlað fólk með miklar og sértækar þjónustuþarfir. Húsnæðið verður tilbúið á næstu tveimur árum.

Samkvæmt áætluninni munu 28 einstaklingar fá tilboð um búsetu og þjónustu innan þessara nýju kjarna. Í tilkynningu frá borginni kemur fram að með nýjum húsnæðisúrræðum losni um þjónustu sem hægt er að bjóða öðru fólki en biðlistar eru eftir skammtímaheimilum og stuðningsþjónustu. -fb



**FATLAÐIR FÁ ÞJÓNUSTU** Búist er við að 28 einstaklingar fái tilboð um búsetu og þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

HARPA

Aðalfundur

Harpa tónlistar- og ráðstefnuhús ohf. heldur aðalfund sinn þriðjudaginn 29. apríl kl. 16:00 á Háalofti.

Dagskrá:
Venjuleg aðalfundarstörf.



# Sameining LbhÍ og HÍ ekki útilokuð enn

**Menntamálaráðuneytið hefur ekki enn skrifað upp á niðurskurðaráform sem lögð voru fram í nýrri fjárhagsáætlun Landbúnaðarháskólans á Hvanneyri um mánaðamótin. Gæti þýtt að sameining við Háskólann sé enn á borðinu, segir rektor.**

**FRÉTTASKÝRING**
Hvað líður sameiningu Landbúnaðarháskólans og Háskóla Íslands?


**LBHÍ Á HVANNEYRI** Meirihluti kennara og rektor LbhÍ eru fylgjandi sameiningu við HÍ, sem og háskólaráð HÍ og rektor. FRÉTTABLAÐIÐ/HÖRÐUR

Dráttur sem orðið hefur á uppáskrift menntamálaráðuneytisins á nýja fjárhagsáætlun Landbúnaðarháskóla Íslands á Hvanneyri (LbhÍ) kann að benda til þess að enn gæti komið til sameiningar skólans og Háskóla Íslands. Þetta er mat Ágústs Sigurðssonar, rektors LbhÍ. Í áætluninni, sem er til þriggja ára, eru seglin dregin saman í rekstrinum um sem nemur 70 milljónum króna á ári. Að óbreyttu segir Ágúst að skera þurfi niður 15 stöðugildi.

„Ég heyri það mjög víða þar sem ég kem að menn eru enn að velta þessu fyrir sér,“ segir Ágúst. Það eigi líka við um þá þingmenn sem hafi látið sig málið varða. Honum heyrist margir þeirrar skoðunar að fara eigi leið sameiningar. „En formlega er þetta náttúrlega bara í því ferli að við bíðum eftir að fá samþykkta þessa tillögu okkar um að draga saman seglin. Við höfum hins vegar ekki fengið svar við því enn hvort áætlunin sé samþykkt eða ekki og það þykir mér benda til þess að menn vilji endurskoða þetta.“


**ÁGÚST SIGURÐSSON**

### Fordæmin eru til

Ágúst segir líka tilfinningu sína að heldur sé að draga úr mótstöðunni. „Málið þarf ekki að skoða lengi til að sjá að tækifærin liggja í sameiningunni. Tækifærin liggja ekki í óbreyttu ástandi.“

Áhyggjur þeirra sem hafa verið á móti sameiningu hafa að hluta snúist um framtíð starfsmenntanámsins við skólann, og eins af því að starfsemin minnki og sogist til Reykjavíkur. „En það er alls ekki það sem menn vilja gera, heldur þveröfugt,“ segir Ágúst og bendir á að dæmi séu um að vel hafi tekist til við að efla starfsemi og auka á landsbyggðinni, svo sem þegar skattstofurnar voru sameinaðar ríkisskattstjóra. „Ef menn gera þetta markvisst og meðvitað, þá er það hægt.“

Í byrjun mánaðarins skoruðu um þrír fjórðu akademískra starfsmanna LbhÍ á menntamálaráðherra, rektor LbhÍ og allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis að klára sameiningarferli LbhÍ og HÍ. Fyrir helgi samþykkti líka Háskólaráð HÍ ályktun þar sem eftir því var kallað að skoðuð yrðu áfram með opnum huga þau tækifæri sem kynnu að skapast með sameiningu HÍ og LbhÍ.

„Háskóli Íslands leggur áherslu á að vísindastarfsemi á sviðum lífvísinda, búvísinda, matvæla- og næringarfræði, matvælaverkfræði, auðlindahagfræði, sjávarrannsókna, umhverfisfræði og landnýtingar verði efld til að skapa grundvöll fyrir sókn. Háskólaráð telur að fjármagn sem varið er til þessara málaflokka sé þjóðhagslega mjög arðbær fjárfesting, og mikilvægt að veita dreifðum kröftum í einn farveg,“ segir í ályktuninni.

### Vonbrigði segir rektor HÍ

Kristín Ingólfsdóttir, rektor HÍ, ræðir líka sameininguna í nýjasta tölublaði Stúdentablaðsins. „Það veldur mér gríðarlegum vonbrigðum ef þetta fer eins og á horfir að það verði ekki úr þessu vegna andstöðu sveitarfélagsins og forystu bændasamtakanna. Ég tel okkur Íslendinga vera að missa af miklu sóknarfæri fyrir báða skólana og samfélagið í heild,“ segir hún þar og bendir á mikilvægi þeirra greina sem tengjast matvælaframleiðslu.


**KRISTÍN INGÓLFSDÓTTIR**

„Landbúnaður er að þróast hratt sem þekkingargrein og því fylgja auknar kröfur til náms. Það eru margar spennandi tengingar milli skólanna og ég held að saman gætum við gert mjög góða hluti, ekki síst vegna þess að ráðherra hefur kynnt að slíkri sameiningu muni fylgja fjármunir til uppbyggingar á Hvanneyri til styrkingar á þessum greinum.“

Í grein sem kennararnir við LbhÍ sem skoruðu á ráðherra rituðu í Morgunblaðið fyrir helgi segjast þeir líka telja að „landbúnaðarvísindi og tengdar greinar eigi ekki að vera í einhverju sérhólfi“ heldur sæmi þeim að vera við hlið annarra mikilvægra fræðigreina. „Þetta er líka sú leið sem helstu samstarfsstofnanir okkar í nágrannalöndunum hafa fetað á síðustu árum,“ segir í greininni. „Sjálfskipaðir umsagnaraðilar Borgarbyggðar og Bændasamtaka Íslands hafa án faglegrar röksemdafærslu sett sig gegn sameiningaráformum.“

### Fordómar og þröngsýni

Starfsfólkið segist í greininni hafa haldið sig til hlés en að nú sé mælirinn fullur. „Við teljum okkur vera í betri aðstöðu til að meta faglega stöðu okkar verkefna umfram hina sjálfskipuðu og óumbeðnu „verndara“. Mikill meirihluti starfsmanna stofnunarinnar hefur nú lýst því yfir að hann styðji áform rektors og menntamálaráðherra.“

Þótt samdráttur opinberra verkefna á landsbyggðinni sé vissulega almennt áhyggjuefni segja starfsmennirnir það ekki geta verið meginrökin þegar komi að sameiningu skólanna. „Grunnhugmynd sameiningar felst í að efla sérstaklega starfsstöðvar LbhÍ á Hvanneyri og Reykjum.“ Starfsmenn LbhÍ segjast mótmæla því að „stefnumörkun um framtíð LbhÍ sé rekin með hræðsluáróðri, fordómum, þröngsýni og almennri vanþekkingu á faglegum forsendum háskólarekstrar.“

olikr@frettabladid.is



# DEBENHAMS

# BLÁA BOMBAN

**VERÐSPRENGJA!**

# 20%

**VIÐBÓTARAFSLÁTTUR**

AF ALLRI ÚTSÖLUVÖRU

GILDIR ÚT LAUGARDAG

## 20%

AFSLÁTTUR AF ÖLLUM NÁTTFÖTUM
FYRIR DÖMUR, HERRA OG BÖRN



**OPIÐ TIL KL. 19:00 Í KVÖLD**

GILDIR ÚT LAUGARDAG

Finndu okkur á facebook

*Gerðu lífið skemmtilegra*

DEBENHAMS SMÁRALIND

KONUR HERRAR BÖRN SNYRTIVÖRUR












**LÖGREGLUSTJÓRI HANDTEKINN** Aðskilnaðarsinnar réðust í gær inn í lögreglustöðina í Horlivka og handtóku lögreglustjórann þar. NORDICPHOTOS/AFP

# Úkraína óskar eftir friðargæsluliðum

Aðskilnaðarsinnar í austanverðri Úkraínu létu úrslitafrest stjórnvalda í gær sem vind um eyru þjóta. Í staðinn fyrir að láta herteknar stjórnsýslubyggingar af hendi í skiptum fyrir sakaruppgjöf réðust þeir inn á lögreglustöð í Horlivka.

**ÚKRAÍNA** Oleksandr Túrtsjínov, sem til bráðabirgða gegnir forsetaembætti í Úkraínu, hringdi í gær í Ban Ki-moon, framkvæmdastjóra Sameinuðu þjóðanna, og fór þess á leit að friðargæslusveitir yrðu sendar til austurhluta landsins.

Aðskilnaðarsinnar, hliðhollir Rússum, hafa lagt undir sig stjórnsýslubyggingar í nærri tíu borgum í austanverðu landinu.

Um helgina buðu stjórnvöld þeim sakaruppgjöf láti þeir byggingarnar af hendi og hætti uppreisn sinni. Frestur var gefinn þangað til í gær en aðskilnaðarsinnarnir önsuðu engu og réðust þess í stað inn á lögreglustöð í borginni Horlivka.

Úkraínustjórn sakar stjórnvöld í Rússlandi um að standa á bak við ólguna í austanverðri Úkraínu, í þeim tilgangi að auðvelda sér að innlima austurhéruðin með svipuðum hætti og Krímskaga. Ráðamenn á Vesturlöndum hafa sumir tekið undir þessar ásakanir.

Meirihluti íbúa austurhéraðanna er rússneskur eða rússneskumælandi og meðal þeirra virðist vera einhver stuðningur við að Rússland innlimi þessi héruð.

Á neyðarfundi Öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna á sunnudag skoruðu Rússar á Úkraínustjórn að standa ekki við hótanir um að beita hervaldi gegn aðskilnaðarsinnum.

Í gær hittust svo utanríkisráðherrar Evrópusambandsríkjanna í Lúxemborg til að ræða frekari refsiaðgerðir gegn Rússlandi. Reuters-fréttastofan hafði eftir Laurent Fabius, utanríkisráðherra Frakklands, að til greina kæmi að leiðtogar ESB hittust í næstu viku til þess að samþykkja nýjar refsiaðgerðir.

Síðar í vikunni hefur svo verið boðað til fundar í Genf um málefni Úkraínu, þar sem fulltrúar frá Bandaríkjunum, Rússlandi, Evrópusambandinu, Úkraínu og Sviss ætla að reyna að leita lausna.

gudsteinn@frettabladid.is

## Atburðir vetrarins

**Nóvember:** Viktor Janúkovítsj forseti, sem naut stuðnings meðal rússneskumælandi íbúa í austanverðu landinu, hættir við samning við Evrópusambandið.

**Desember:** Mótmæli Evrópusinna í vestanverðu landinu hefjast gegn Janúkovítsj.

**Febrúar:** Janúkovítsj flýr land. Ólga hefst í austanverðu landinu. Aðskilnaðarsinnar á Krímskaga ná stjórnarbyggingum á sitt vald.

**Mars:** Íbúar Krímskaga samþykkja að lýsa yfir sjálfstæði. Rússar innlima Krímskaga.

**Apríl:** Íbúar fleiri héraða í austanverðri Úkraínu hefja aðskilnaðarbaráttu.





**SPARNAÐUR** Íslendingar spara háar fjárhæðir með því að nýta endurnýjanlega orkugjafa. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Olíukynding væri dýr:

# Hitaveiturnar spara milljarða

**ORKUMÁL** Ef litið er til þess hver kostnaðurinn hefði verið fyrir heimilin í landinu ef áfram hefði verið kynt með olíu þá nemur uppsafnaður núvirtur sparnaður 2.300 milljörðum króna frá árinu 1914 til 2012. Þetta er meðal þess sem fram kemur í ársskýrslu Orkustofnunar fyrir árið 2013. Sparnaður ársins 2012 nam 112 milljörðum króna, yfir 6 prósentum af landsframleiðslu.

„Þrátt fyrir að við séum ekki sammála um allt sem gert er í orkumálum á Íslandi þá stendur það upp úr gagnvart umheiminum hvaða árangri við höfum náð í því að nýta endurnýjanlega orkugjafa [...] til húshitunar og raforkuframleiðslu,“ segir Guðni A. Jóhannesson orkumálastjóri í skýrslunni. - fbj



**ERFÐASÝNI** Rannsókn sem þessi hefur aldrei verið framkvæmd áður. FRÉTTABLAÐIÐ/AFP

Nauðgunarmál í Frakklandi:

# 500 í DNA-próf

**FRAKKLAND** Meira en 500 karlkyns nemendur og starfsmenn gáfu erfðasýni úr sér vegna nauðgunarrannsóknar í frönskum skóla í gær.

Sextán ára gamalli stúlku var nauðgað á myrkvuðu salerni og þekkti því ekki árásarmann sinn. Þó varð eftir erfðaefnissýni af árásarmanninum í fötum stúlkunnar, og það mun vera borið saman við öll 500 fyrrnefndu sýnin.

Hver sá sem neitar að gefa af sér sýni kemur til með að liggja undir grun. Öllum erfðasýnum sem ekki standast samanburð verður eytt, að sögn yfirvalda. - kóh



**RÖKRÉTT FRAMHALD** Arion banki vill opna aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Arion í erlent samstarf:

# Skuldabréfaútgáfa í evrum

**VIÐSKIPTI** Arion banki hefur samið við bankana Citi, Deutsche Bank og Nomura um skipulagningu funda með evrópskum fjárfestum sem fram munu fara á næstu dögum. Bankinn stefnir í kjölfarið að skuldabréfaútgáfu í evrum, að því gefnu að kjör og markaðsaðstæður séu viðunandi, samkvæmt tilkynningu bankans.

Þar segir að fjárfestafundirnir séu rökrétt framhald af þeirri vinnu sem fram hefur farið undanfarin ár við að auka fjölbreytni í fjármögnun bankans og opna aðgang að erlendum lánsfjármörkuðum. -hg

Frestur til að skila inn tillögum um heildarskipulag fyrir Háskólasvæðið framlengdur til 12. maí:

# Þátttakendur óskuðu eftir rýmri tíma

**SKIPULAGSMÁL** Frestur til að skila inn tillögum um heildarskipulag fyrir Háskólavæðið hefur verið framlengdur um rúmar tvær vikur, eða til 12. maí. Áætlað er að niðurstaða dómnefndar liggi fyrir í byrjun júní.

„Það er búið að vera svo mikið af samkeppnum í gangi, sérstaklega varðandi Úlfarsárdal sem var að klárast. Það komu óskir frá þátttakendum um að fá rýmri tíma og okkur fannst það mjög eðlilegt,“ segir Páll Hjaltason, formaður umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur, aðspurður. „Það sem er mikilvægast er að fá góðar tillögur og einhverjar vikur til eða frá skipta litlu í því samhengi.“

Reykjavíkurborg og Háskóli Íslands í samstarfi við Arkitektafélag Íslands efndu í febrúar til hugmyndasamkeppni um skipulagið. Þátttakendur geta skilað inn heildarhugmyndum að framtíðarskipulagi eða lagt hugmyndir inn í umræðuna. Almenningur getur því sent inn tillögur að skipulagi eða fyrirkomulagi að hluta svæðisins. Vonir standa til að verðlaunahugmyndirnar nýtist í áframhaldandi vinnu við gerð rammaskipulags fyrir svæðið.

„Það væri mjög gaman að sem flestir tækju þátt. Þetta er rosalega mikilvægt svæði í Reykjavík sem aldrei hefur verið skoðað sem slíkt nema í aðalskipulagi. Það eru mikil tækifæri til að efla þetta svæði,“ segir Páll.

Heildarfjárhæð verðlauna verður allt að 6,5 milljónum króna án virðisaukaskatts. Keppnislýsing er aðgengileg á síðunum Hugmyndasamkeppni.is og Ai.is. -fb



**PÁLL HJALTASON** Formaður umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkur segir mikilvægast að fá góðar tillögur. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Leggðu grunn að framtíðinni og Landsbankinn bætir 6.000 krónum við

**Þegar fermingarbörn leggja 30.000 krónur** eða meira inn á Framtíðargrunn Landsbankans greiðir bankinn 6.000 króna mótframlag inn á sama reikning. Þannig viljum við hvetja til sparnaðar.



# GÓÐIR, NÝLEGIR, TRAUSTIR GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI



**Skoda Octavia** Combi
Tdi 4x4
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 48.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**3.890.000**





**VW Tiguan** Track&Style
2,0TDI Árgerð 2013, dísil
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.990.000**

**VW Bjalla Design** 1.4
160 hö Árgerð 2012, bensín
Ekinn 30.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 3.690.000**

**Skoda Rapid** Amb 1.4
Tsi Árgerð 2013, bensín
Ekinn 28.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.840.000**





**VW Jetta** Highiline 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 13.700 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.490.000**

**Audi A4** Avant 2.0TDI
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 23.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 5.990.000**

**VW Golf** Trndline 1,4
245 hö Árgerð 2013, bensín
Ekinn 7.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 3.390.000**





**Kia Cee'd** EX
Árgerð 2012, dísil
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 3.490.000**

**Ford Focus** Titanium
Árgerð 2011, dísil
Ekinn 51.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð: 2.990.000**

**Fiat 500** LOUNGE
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 11.000 km, beinskiptur
**Ásett verð: 2.390.000**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**

HEKLA **NOTAÐIR BÍLAR**

Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18
og laugardaga kl. 12-16


Sprenging í umferðarmiðstöð í höfuðborg Nígeríu:

## Meira en sjötíu manns létu lífið

**NÍGERÍA, AP** Mikil sprenging varð á umferðarmiðstöð í höfuðborg Nígeríu í gær. Sprengingin kostaði að minnsta kosti 71 mann lífið.

Fjörutíu farþegavagnar eyðilögðust í sprengingunni. Talið er að einungis ein stór sprenging hafi orðið en síðan hafi kviknað í eldsneytisgeymum hverrar bifreiðarinnar eftir aðra.

Enginn hafði lýst yfir ábyrgð á sprengingunni í gær, en hryðjuverkasamtökin Boko Haram hafa hótað árásum á borgina. -gb



**BJÖRGUNARSTÖRF** Björgunarfólk flytur særða og látna af vettvangi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP




**HITI Í MANNSKAPNUM** Um 100 stúdentar tóku sér hlé frá próflestri og mótmæltu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Háskólastúdentar mótmæltu boðuðu verkfalli:

## Stúdentar eru orðnir reiðir við kennarana

**MÓTMÆLI** Reiði háskólastúdenta beinist að kennurum. Þetta segir María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs. Stúdentar mótmæltu fyrirhuguðu verkfalli háskólakennara fyrir utan fjármálaráðuneytið í gær.

„Við í Stúdentaráði höfum fengið á okkur gagnrýni fyrir að hjóla ekki beint í kennara. Við höfum tekið þann pól í hæðina að það sé beggja aðila að semja. Síðustu daga hefur þróunin verið sú að reiðin beinist frá ríkinu og að kennurum.“ María Rut segir að óvissan sé stúdentum mjög erfið. „Þetta er aukið álag á stúdenta, og það er ekki eins og að á prófatímabili sé lítið álag fyrir. Þetta kemur mjög illa við alla en sérstaklega þá sem eru haldnir prófkvíða.“

Ef samningar milli háskólakennara og ríkisins nást ekki munu kennarar leggja niður störf frá 25. apríl næstkomandi. María Rut segir að mikið sé í húfi fyrir háskólanema og það ríki mikil reiði á meðal þeirra. „Við sýnum kjarabaráttu kennara stuðning en það er umdeilt hvaða aðferð þeir beita.“ -ssb



**KRÖFUR** María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs, og Vigfús Rúnarsson, varaformaður ráðsins, fóru yfir kröfur stúdenta. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> **Við sýnum kjarabaráttu kennara stuðning en það er umdeilt hvaða aðferð þeir beita.**
> *María Rut Kristinsdóttir, formaður Stúdentaráðs.*


**TOPP HJÓLAFESTINGAR Á GÓÐU VERÐI**
Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig

SJÖ VERSLANIR MEÐ MIKIÐ VÖRUÚRVAL




REYKJAVÍK, Bíldshöfða 9,
KÓPAVOGUR, Smiðjuvegi 4a, græn gata
HAFNARFJÖRÐUR, Dalshrauni 17
REYKJANESBÆR, Krossmóa 4, SELFOSS, Hrísmýri 7
AKUREYRI, Furuvöllum 15, EGILSSTAÐIR, Lyngási 13
www.bilanaust.is | Sími: 535 9000

Bílanaust
Gæði, reynsla og gott verð!

Himneska súkkulaðið mitt er úr lífrænt ræktuðu hráefni og Fairtrade-vottað. Hágæða súkkulaði sem kætir bragðlaukana.

Solla





# Láttu hjartað ráða

UPPSKRIFTIR OG NÁNARI UPPLÝSINGAR UM LÍFRÆNU VÖRURNAR MÁ FINNA Á

HIMNESKT.IS




BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

1.598 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



**SVÍNALUNDIR**
verð áður 2.398 kr./kg

2.079 kr./kg



**FJALLALAMBS SKYNDIGRILL**
verð áður 2.549 kr./kg

1.198 kr./kg




**BAYONNE SKINKA**
verð áður 1.495 kr./kg

1.198 kr./kg

ÚR KJÖTBORÐI



**SVÍNAHNAKKI ÚRB.**
verð áður 1.598 kr./kg

2.248 kr./kg



**HANGIFRAMPARTUR ÚRB.**
verð áður 2.498 kr./kg

490 kr./pk.




**HAMBORGARAR 2X115G M/BRAUÐI**
verð áður 540 kr./pk.

398 kr./kg

198 kr./kg



**SÆTAR KARTÖFLUR**
verð 398 kr./kg

**BÖKUNARKARTÖFLUR**
verð 198 kr./kg

2.878 kr./kg



**HANGILÆRI ÚRB.**
verð áður 3.198 kr./kg

1.398 kr./kg




**HAMBORGARHRYGGUR**
verð áður 1.598 kr./kg

1.398 kr./kg




**KRYDDAÐAR SVÍNAKÓTILETTUR**
verð 1.398 kr./kg

1.998 kr.




**HUNANGSKÓTILETTUR LÉTTREYKTAR**
verð 1.998 kr.

1.998 kr./kg




**HUNANGSKÓTILETTUR LÉTTR. BBQ**
verð 1.998 kr.

1.745 kr./kg



**LAMBAHRYGGUR FROSINN**
verð áður 2.049 kr./kg

1.198 kr./kg



**LAMBALÆRI FROSIÐ**
verð áður 1.298 kr./kg

1.898 kr./kg



**LONDON LAMB**
verð áður 2.198 kr./kg

1.398 kr./kg



**FJALLALÆRI**
verð áður 1.498 kr./kg

VISA

FK VIÐSKIPTAMANNAKORT - **Tilvalið gjafakort**

OPIÐ mánudaga - miðvikudaga frá 09:00 - 18:00 / fimmtudaga 09:00 - 18:30
föstudaga 09:00 - 19:00 / laugardaga 10:00 - 16:00 / lokað sunnudaga. **www.fjardarkaup.is**

# FJARÐARKAUP
# PÁSKA-TILBOÐ
15. - 19. APRÍL

1.974 kr. · 1.965 kr. · 1.965 kr. · 2.089 kr.

**NÓA PÁSKAEGG**
Lakkrísegg 325g áður 2.398 kr. Nú 1.974 kr. Karamellukurl áður 2.398 kr. Nú 1.965 kr. Án mjólkur áður 2.398 kr. Nú 1.965 kr.
Konsumegg Nr.5 áður 2494 Nú 2.089

348 kr./pk.
**RYE SNACKS 2 GERÐIR**
verð 348 kr./pk.

998 kr.
**PÁSKA OSTAKAKA M/PIPP SÚKKULAÐI**
verð 998 kr..

424 kr.
**OKKAR BAKARÍ MÚSLÍ BRAUÐ**
verð 424 kr.

396 kr.
**OKKAR BAKARÍ ÞRIGGJA KORNA BRAUÐ**
verð 396 kr.

**25 % VERÐLÆKKUN**
af völdum DUNI vörum

1.349 kr. · 1.349 kr. · 336 kr.

**KUBBAKERTI 6X13 CM**
verð áður 448 kr.
**DÚKUR 120X180 CM**
verð áður 1.798 kr.
**SERVÉTTUR 24 CM**
verð áður 428 kr.
**DÚKALENGJA 0,4X4,8M**
verð áður 1.798 kr.

598 kr. · 298 kr.
**PIK-NIK 255G**
verð áður 659 kr.
**PIK-NIK 113G**
verð áður 348 kr.

998 kr.
**MYLLU SÚKKULAÐITERTA**
verð 998 kr.

698 kr.
**OKKAR BAKARÍ GULRÓTARKAKA**
verð 698 kr.

698 kr.
**OKKAR BAKARÍ BANANAKAKA**
verð 698 kr.

144 kr.
**TOFFUPOPS 120G**
verð 144 kr.

398 kr. · 253 kr.
**ORA**
Maískorn 840g verð 398 kr. Rauðkál 580g verð 253 kr.

146 kr. · 269 kr.
**MALTÖL 0,5L**
verð 146 kr.
**EGILS APPELSÍN 2L**
verð áður 309 kr.

399 kr.
**FLORIDANA ANDOXUN 1L**
verð 399 kr.

998 kr. · 898 kr.
**COKE LIGHT 12X0,33ML**
verð 998 kr.
**COKE COLA 4X2L**
verð 898 kr.

238 kr.
**FRÓN KREMKEX 260G**
verð áður 298 kr.

## BREYTTUR AFGREIÐSLUTÍMI

| | | | |
|---|---|---|---|
| ÞRIÐJUDAGUR 15. APRÍL | 9-18 | FÖSTUDAGUR 18. APRÍL | LOKAÐ |
| MIÐVIKUDAGUR 16. APRÍL | 9-19 | LAUGARDAGUR 19. APRÍL | 10-17 |
| SKÍRDAGUR 17. APRÍL | 10-16 | | |

FK
FJARÐARKAUP



**1 RÉTTARHÖLD Í LÍBÍU** Yfirmenn leyniþjónustu Líbíu eru á meðal sakborninga í réttarhöldum sem nú standa yfir í Trípólí. Mennirnir eru meðal annars sakaðir um morð sem framin voru þegar stjórnvöld reyndu að berja niður uppreisnina sem hófst í borginni Bengasí í febrúar 2011. NORDICPHOTOS/AFP

# ÁSTAND HEIMSINS






**2 SÚRDEIGSBRAUÐIN BRENND Í JERÚSALEM** Rétttrúaðir gyðingar brenna sýrðu brauðin sín og annan sýrðan mat á bálkesti í Jerúsalem. Þeim er bannað að hafa í fórum sínum sýrðan mat yfir páskahátíðina.



**3 VEIÐA PLAST Í INDÓNESÍU** Skransafnarar veiða plasthluti upp úr ánni Citarum á vesturhluta eyjunnar Jövu í Indónesíu. Áin er sögð mengaðri en nokkur önnur á í heimi, en úr henni fá jafnframt 15 milljónir manna drykkjarvatn sitt.

PÁSKATILBOÐ

GLÆNÝ ÝSUFLÖK
KR/KG
1290

NÝR STÓR HUMAR
NÝLÖGUÐ HUMARSÚPA

LAXAFLÖK
KR/KG
1990

HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Gnoðarvogi 44 • Sími 588 8686
OPIÐ MÁNUDAGA - FÖSTUDAGA KL. 9 - 18.15 • LAUGARDAGA 11-16



**4 HORFT ÚT UM GLUGGA Í KASMÍR** Indverskur hermaður gengur fram hjá glugga í borginni Srinagar í Kasmírhéraði, rétt í þann mund sem ungur drengur lítur út um gluggann. Bæði Indland og Pakistan gera tilkall til héraðsins.



**5 HVÍLD Í AFGANISTAN** Verkamenn í Kabúl hvíla sig stundarkorn eftir að hafa erfiðað við kolaburð í úthverfi höfuðborgarinnar. Flestir eru þeir frá norðurhluta landsins, hafa skilið fjölskyldur sínar eftir heima en búa allt að 20 saman í herbergi.



**6 HÆNUM SLÁTRAÐ Í JAPAN** Eftir að fuglaflensuveira fannst í hænum í suðurhluta Japans skipuðu stjórnvöld svo fyrir að 112 þúsund hænsnum skyldi slátrað. Þetta fólk sá um verkið.

# iPad

## hvar sem er, hvenær sem er



Birt með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.
Tilboð gildir til 21. apríl 2014.



**FERMINGARTILBOÐ**

## Apple TV

**Tilboð: 15.990.-***

**Fullt verð: 18.990.-**

## iPad

Verð frá: **49.990.-**

**Smáralind**
Skírdagur 13-18 | Laugardagur 11-18
Lokað föstudaginn langa, páskadag og annan í páskum
Sími 512 1330

**epli.is**

Nýtt kortatímabil í Smáralind frá 17. apríl

Hvernig fáum við stórar, hagkvæmar vegabætur?

# Rukkað á nýrri Sundabraut

Í umræðum um samgönguáætlun á Alþingi í síðustu viku endurtók Hanna Birna Kristjánsdóttir innanríkisráðherra það sem hún hefur áður sagt, að hún vilji kanna hvernig einkaaðilar geti komið að fjármögnun stórra samgönguframkvæmda.

Í gær var svo sagt frá því að ráðherrann hefði skipað stýrihóp til að skoða málið. Í tilkynningu ráðuneytisins er bent á það sem blasir við öllum; að um leið og minna fé hefur verið veitt til stofnframkvæmda í vegakerfinu undanfarin ár, fer þörfin sífellt vaxandi. Stýrihópnum er ætlað að „kanna rækilega hvaða framkvæmdir unnt væri að ráðast í með samvinnu ríkis og einkaaðila, allt frá undirbúningi og hönnun og að rekstri og þjónustu við slík mannvirki“.



Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is

Í umræðunum á þingi var Hanna Birna spurð hvaða verkefni hún sæi fyrir sér að kæmu til greina í einkaframkvæmd af þessu tagi og nefndi þá sérstaklega Sundabraut, sem lengi hefur verið á teikniborðinu. Hún sagðist hafa verið í sambandi við borgaryfirvöld í Reykjavík, sem hefðu mikinn áhuga á samstarfi um slíka framkvæmd.

Hugmyndum um aukna þátttöku einkaaðila í byggingu og rekstri nýrra samgöngumannvirkja hefur oft verið mætt með tortryggni. Í umræðunum á þingi bar hins vegar ekki á öðru en að nokkuð víðtæk sátt væri um þessar hugmyndir. Í máli Hönnu Birnu kom fram að til þess að slíkar framkvæmdir gengju upp yrðu vegfarendur að eiga val um aðra, gjaldfrjálsa leið. Það ætti við um Sundabraut (þar sem fólk getur haldið áfram að nota Vesturlandsveginn) en síður aðrar aðkomuleiðir inn í höfuðborgina eins og Suðurlandsveg og Reykjanesbraut. Jafnframt yrði gjaldtakan fyrir að nota veginn að vera hófleg og sanngjörn.

Innanríkisráðherra nefndi að margar sveitarstjórnir hefðu haft samband við ráðuneytið og sýnt því áhuga að brýnar samgönguframkvæmdir í viðkomandi sveitarfélögum yrðu fjármagnaðar með sambærilegum hætti. Fyrir fram verður að teljast ólíklegt að margar framkvæmdir úti um land, þar sem umferð er mun minni en í nágrenni höfuðborgarinnar, myndu reynast nógu hagkvæmar til að standa undir sér með gjaldtöku.

Vaðlaheiðargöngin eru gott dæmi; það er ólíklegt að þau standi undir sér og skattgreiðendur bera í raun ábyrgð á framkvæmdinni þótt hún sé kölluð einkaframkvæmd. Þar voru gerð mistök sem stýrihópur innanríkisráðherra kemur vonandi í veg fyrir að endurtaki sig.

Miklu nærtækara er að horfa til Hvalfjarðarganganna. Enginn kvartar lengur yfir að þurfa að borga í þau vegna þess hvað hagræðið fyrir vegfarendur er augljóst og umferðin er nógu mikil til að fjárfestingin borgi sig upp. Göngin hefðu líkast enn ekki verið boruð ef þessi háttur hefði ekki verið hafður á fjármögnuninni.

Reykvíkingar verða þess vegna að horfast í augu við að eina leiðin til að fá Sundabraut eins og ástandið er nú í fjármálum ríkisins er að hún verði lögð í einkaframkvæmd og borgað fyrir afnot af henni. Það er raunhæf og fær leið.

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRAR:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is,* Mikael Torfason *mikael@frettabladid.is* Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
ISSN 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Gleðigengið

Benedikt Jóhannesson, einn af talsmönnum meints klofningsframboðs frá Sjálfstæðisflokknum, ritar grein í gær þar sem hann svarar ráðherranum fyrrverandi Birni Bjarnasyni. Björn hafði skrifað pistilinn „Óánægðir sjálfstæðismenn standa ekki að óánægjuframboði“. Undir lok pistils síns skrifar Björn meðal annars að andrúmsloftið innan Sjálfstæðisflokksins verði ánægjulegra ef óánægjuraddir ESB-aðildarsinna þagna þar. Benedikt segir Björn þarna hitta naglann á höfuðið, því það sé altalað í flokknum hve einkar glaðlegt andrúmsloft sé alltaf í kringum hann og félaga hans á landsfundum sem annars staðar.



### Náttúrutröðkun

Landeigendum á Geysi er óheimilt að rukka ferðamenn um 600 krónur fyrir aðgang að svæðinu samkvæmt dómsniðurstöðu frá því í gær. Talsmaður þeirra var skiljanlega ósáttur í gær og sagði litla náttúruvernd fólgna í því að traðka niður svona lítið svæði hömlulaust. Ugglaust eru margir sáttir við þá niðurstöðu að aðgangur að íslenskri náttúru sé ókeypis. Því er hins vegar ekki að neita að hirðuleysi ríkisins í þessum efnum undanfarna áratugi er vægast sagt ámælisvert og ótrúlegt að ástandið sé orðið eins og raun ber vitni á Geysi – sem og mörgum öðrum náttúruperlum, í eigu ríkisins eða ekki.



### Ókeypis náttúruspjöll

Útspil ráðherra ferðamála, Ragnheiðar Elínar Árnadóttur, er smávægilegur plástur á sárið, en hún hyggst leggja til aukafjárveitingu til uppbyggingar ferðamannastaða í sumar. Óljóst er hvaða staðir fá fjárveitingu og einnig hversu háar fjárhæðir. Ragnheiði til varnar þá tekur hún við embætti í óviðunandi stöðu vegna sinnuleysis forvera hennar, fyrir mýmarga ferðamannastaði, þar sem unnin hefur verið sjálfboðavinna og margir borgað með sér við að passa að náttúran einfaldlega eyðileggist ekki til frambúðar. En við getum allavega haldið áfram að níðast á náttúrunni eins og við viljum. Og það ókeypis.

fanney@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Samfélag fyrir alla – 1. maí 2014

JAFNRÉTTI



Gylfi Arnbjörnsson
forseti ASÍ

Grundvöllur tilvistar og starfs verkalýðshreyfingarinnar er auk hefðbundinnar kjarabaráttu að berjast fyrir samfélagi jafnréttis og jafnra tækifæra. Yfirskrift 1. maí 2014 endurspeglar þessa sýn verkalýðshreyfingarinnar. En af hverju er þessari kröfu haldið á lofti núna?

Misskipting hefur farið vaxandi í þjóðfélaginu á mörgum sviðum. Þessi þróun birtist með ýmsum hætti.

Kostnaður almennings vegna lyfja og læknisþjónustu er kominn út fyrir öll þolmörk. Afleiðingin er ekki aðeins sú að þessi kostnaður hefur mjög neikvæð áhrif á fjárhag fólks heldur þurfa sífellt fleiri að neita sér um nauðsynleg lyf og læknisþjónustu.

Tryggt og mannsæmandi húsnæði er ein af forsendum mannsæmandi lífsskilyrða. Mikill og vaxandi fjöldi fjölskyldna og einstaklinga er á hrakhólum vegna húsnæðisskorts eða þarf að sætta sig við óásættanlegar aðstæður í húsnæðismálum af fjárhagslegum ástæðum. Þá er öllum almenningi og sérstaklega ungu fólki ómögulegt að kaupa húsnæði við núverandi aðstæður. Við þessu hefur ASÍ brugðist með því að kynna tillögur um nýtt húsnæðislánakerfi að danskri fyrirmynd og nú fyrir fáeinum dögum nákvæmlega útfærðar tillögur og kostnaðarmat á nýju félagslegu húsnæðiskerfi fyrir tekjulægsta hópinn.

Tækifæri ungs fólks til að sækja sér menntun við hæfi er mikilvæg forsenda virkrar þátttöku á vinnumarkaði og starfstækifæra í framtíðinni. Menntakerfið svarar í dag ekki kröfum um möguleika til náms sem svara þörfum einstaklinga og atvinnulífs. Þá eru sterkar vísbendingar um að hópur fólks hafi ekki lengur efni á að senda börn sín í skóla eftir að skyldunámi lýkur vegna kostnaðar.

Atvinna við hæfi og þátttaka á vinnumarkaði eru sjálfsagðar kröfur og lykillinn að virkri þátttöku í samfélaginu. Virkni og almenn atvinnuþátttaka er jafnframt mikilvæg forsenda velferðarsamfélagsins. Þúsundir einstaklinga eru atvinnulausar. Þetta á ekki síst við um mikinn fjölda ungmenna sem aldrei hafa náð að festa sig í sessi á vinnumarkaði.

Við viljum ekki þessa þróun. Við viljum ekki svona samfélag. Verkalýðshreyfingin vill byggja upp réttlátt þjóðfélag. Samfélag þar sem allir fá að njóta sín og tækifæri til að blómstra, óháð efnahag.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRI:** Andri Ólafsson *andri@frettabladid.is* **RITSTJÓRNARFULLTRÚI:** Álfrún Pálsdóttir *alfrun@frettabladid.is* **VIÐSKIPTI:** Fanney Birna Jónsdóttir *fanney@frettabladid.is* **MENNING:** Friðrika Benónýsdóttir *fridrikab@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Lilja Katrín Gunnarsdóttir *liljakatrin@frettabladid.is* **VÍSIR:** Kolbeinn Tumi Daðason, *kolbeinntumi@365.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Sæmundur Freyr Árnason *sfa@frettabladid.is* **ÚTLITSHÖNNUN:** Silja Ástþórsdóttir *siljaa@frettabladid.is*

# Svindl og svínarí?

HEILSA
Teitur Guðmundsson
læknir



Það er dálítið merkilegt að lesa nýleg gögn og fréttaflutning varðandi lyfið Tamiflu sem hefur verið mikið í umræðunni undanfarið. Margra ára barátta var háð um aðgang að rannsóknargögnum til að óháðir aðilar fengju tækifæri til að átta sig á staðhæfingum um virkni þess. Nýlega birt gögn gefa dekkri mynd af virkni lyfsins og þeim loforðum sem framleiðendur þess höfðu uppi. Meira að segja kemur fram í ritstjórnargrein í British Medical Journal nú nýverið að framleiðandinn hafi fegrað virknina og látið undir höfuð leggjast að tilkynna um vissar auka- og hliðarverkanir.

Það er enn merkilegra þegar þetta mikla og stóra mál er skoðað hversu götótt eftirlitið virðist vera og gróðamarkmiðin yfirgnæfandi. Hér er um að ræða dýrt sérlyf sem var selt í hundraða milljóna skömmtum um allan heiminn til að verjast inflúensu, heilu þjóðirnar keyptu þetta efni til að geta varist hugsanlegri vá í tengslum við svína- og fuglaflensur.

Við eigum hér á Íslandi til dæmis enn mjög mikið magn af lyfinu sem aldrei hefur verið notað. Það sem er enn merkilegra finnst manni er að einstök ríki og lyfjastofnanir þeirra hafa framkvæmt stöðugleikapróf til þess að átta sig á geymslutíma þess þar sem það rann út fljótlega eftir að það var keypt. Slíkt hefur verið gert í því skyni að þurfa ekki að henda ónotuðum birgðum og kaupa þær aftur. Í það minnsta hefur fyrirtækið ekki sjálft gefið út lengri fyrningartíma á þessum lyfjum, heldur bera heilbrigðisyfirvöld í hverju landi fyrir sig ábyrgðina á að þau virki eins og staðan er í dag.

### Tekið af markaði

Þetta er langt frá því að vera eina lyfið sem hefur náð gífurlegri útbreiðslu á heimsvísu með tilheyrandi tekjumöguleikum framleiðandans. Þannig má nefna alræmt gigtarlyf, Vioxx, sem á sínum tíma var „selt“ sem arftaki allra annarra slíkra og með mun minni aukaverkunum. Það var notað til að meðhöndla slitgigt, bráð verkjavandamál og ýmislegt fleira. Það lyf var tekið af markaði þar sem það jók hættuna á hjarta- og heilaáföllum verulega.

Fullyrt hefur verið að sú áhætta hafi verið þekkt, notast hafi verið við blekkingar í undirliggjandi rannsóknum og gögnum haldið frá við veitingu söluleyfa. Það hafði hins vegar malað gull fram að því að það var tekið af markaði, þrátt fyrir milljarða greiðslur í fjöldamörgum dómsmálum í kjölfarið.

Það er býsna algengt að lyf séu tekin af markaði vegna aukaeða milliverkana sem koma fram í kjölfar notkunar og það ferli getur tekið einhvern tíma. Því eru læknar og sjúklingar minntir á það reglulega að láta vita hvort og þá hvaða einkennum viðkomandi finnur fyrir. Slíkt er skráð í gagnabanka og síðan er reynt að vinna úr þessu eftir fremstu getu með það fyrir augum að tryggja öryggi sjúklinga.

### Óþægileg lyf

Umræða um lyf og læknisfræði er mjög nauðsynleg og hún verður auðvitað að vera á því plani að ekki sé um sleggjudóma, upphrópanir eða órökstuddar fullyrðingar að ræða. Við gerum ráð fyrir því að unnið sé af heilindum og það er eðlilegt að menn hlaupi ekki til og taki lyf eða viðlíka af markaði nema fyrir liggi rökstuddur grunur. Þá er vont að vita til þess að góðum og gildum lyfjum sé skipt út fyrir nýrri sem jafnvel virka verr. Það fylgir því samt óneitanlega óþægileg tilfinning að aðgengi að nauðsynlegum upplýsingum geti verið leynt vísvitandi og að markaðssetning eigi sér stað þrátt fyrir vitneskju um skaðsemi.

Það hefur oft verið fjallað um það að eftirlitsstofnanir séu of veikburða, iðnaðurinn of sterkur og að aðhald vanti. Í tilfelli lyfjaiðnaðarins er um ævintýralegar fjárhæðir að ræða og má

> Fullyrt hefur verið að sú áhætta hafi verið þekkt, notast hafi verið við blekkingar í undirliggjandi rannsóknum og gögnum haldið frá við veitingu söluleyfa.

sem dæmi nefna að áætluð fjárveiting bara eins lyfjarisans til rannsókna er 6,9 milljarðar Bandaríkjadala eða ríflega 860 milljarðar króna fyrir árið 2014. Auðvelt er að verða vænisjúkur og sjá ekkert nema illt, mútugreiðslur til lækna og þannig mætti lengi telja. Ljóst er að slíkt er mikil einföldun og hér er ekki bara svindl og svínarí. Að sama skapi er deginum ljósara að þessir aðilar ásamt öðrum þurfa að taka sig verulega á miðað við umfjöllun síðustu ára til að viðhalda því mikla trausti sem þeim er veitt. Þá þarf greinilega að tryggja mun betur að eftirlitsaðilar hafi nægjanlegt fjármagn og völd til að sinna sínum skyldum.

# Opið bréf til borgarfulltrúa

SAMGÖNGUR



Andri Valgeirsson
varaformaður Sjálfsbjargar landssambands fatlaðra

Ég hef ferðast með ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík í um 20 ár og hef því töluverða reynslu af að ferðast með þeim. Fyrir örfáum dögum lenti ég í þeirri „skemmtilegu“ reynslu á leið heim úr vinnu að ferðaþjónustubíllinn sem ég var farþegi í bilaði á miðjum fjölförnum gatnamótum. Þetta er kannski ekki í frásögur færandi, þar sem bílar bila og getur það auðvitað gerst hvar og hvenær sem er. Alla mína tíð sem farþegi hjá ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík hefur þetta einungis gerst tvisvar sinnum og bæði skiptin á þessu ári, 2014.

Persónulega finnst mér ástæðan fyrir þessu nokkuð augljós. Fyrir ári hófust umræður hjá Reykjavíkurborg í samstarfi við Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu þess efnis að bjóða ætti ferðaþjónustu fatlaðra á höfuðborgarsvæðinu út til einkarekstrurs.

Ástæður eru sagðar vera mögulegur sparnaður í rekstri og leið til að bæta þjónustu við notendur. Útboðið hefur dregist mjög á langinn og á meðan hefur enginn nýr bíll verið keyptur hjá ferðaþjónustu fatlaðra í Reykjavík.

Þegar bílum í atvinnurekstri er einungis haldið við með lágmarksviðgerðum er engin furða að þeir bili á miðjum gatnamótum. Sérstaklega þegar um er að ræða bíla sem eru níu til þrettán ára gamlir og keyrðir 400.000-800.000 kílómetra!

Alveg frá byrjun hef ég furðað mig á þessum útboðshugmyndum þar sem ferðaþjónusta fatlaðra í Reykjavík er að mínu mati nokkuð góð. Auðvitað má alltaf bæta allt en það væri örugglega hægt að spara með öðrum hætti en með útboði. Fólk verður að átta sig á því að þetta eru almenningssamgöngur sem eru nauðsynlegar fyrir fatlað fólk. Ég vil leyfa mér að draga í efa að mikill sparnaður verði í rekstri ferðaþjónustu fatlaðra með þessum aðgerðum, hvað þá bætt þjónusta fyrir farþega. Til þess að bæta þjónustu þessa er langbest að tala við og vera í fullu samráði við farþega og hagsmunafélög fatlaðs fólks.

Í stað þess að láta nægja að upplýsa okkur um stöðu mála, væri ekki betra að vinna með okkur? Vil ég því hvetja borgarstjórn Reykjavíkur til að hefja nú þegar fullt samráð við aðildarfélög fatlaðra í þessu ferli. Ekkert um okkur án okkar!




Rekstur Orkuveitu Reykjavíkur hefur tekið stakkaskiptum á síðustu árum. Ný lög gilda um fyrirtækið og eigendur hafa markað því sameiginlega stefnu. Stjórn fyrirtækisins hefur skerpt á starfsreglum sínum og stjórnháttum en um áramót var starfsemi Orkuveitu Reykjavíkur skipt upp í samkeppnisrekstur og sérleyfisrekstur að lagaboði. Á sama tíma hefur verið glímt við mikinn skulda- og rekstrarvanda. Árangur þeirrar baráttu hefur vakið mikla athygli. Þetta verða helstu umfjöllunarefni opna ársfundarins 2014.

Gildi Orkuveitu Reykjavíkur eru framsýni, hagsýni og heiðarleiki.

Opinn ársfundur Orkuveitu Reykjavíkur 2014

Breytt stefna, bættir stjórnhættir, traustari fjárhagur

Orkuveita Reykjavíkur heldur opinn ársfund föstudaginn 25. apríl kl. 14:00-16:00 á Bæjarhálsi 1. Markmið fundarins er að auka gegnsæi í starfseminni og stuðla að upplýstri umræðu um málefni fyrirtækisins.

Dagskrá

- **Jón Gnarr borgarstjóri setur fund**
- **Eigendastefna og sameignarsamningur** Dagur B. Eggertsson, formaður eigendanefndar.
- **Umbætur í stjórnháttum innan Orkuveitu Reykjavíkur** Haraldur Flosi Tryggvason, formaður stjórnar.
- **Kvennakórinn Hrynjandi tekur lagið**
- **Umhverfið og auðlindirnar** Brynhildur Davíðsdóttir, varaformaður stjórnar.
- **Stærsta hindrunin að baki** Bjarni Bjarnason forstjóri.
- **Hvernig er eiginlega að vinna hjá þessari Orkuveitu?** Hildur Ingvarsdóttir, forstöðumaður viðhaldsþjónustu.
- **Fyrirspurnir og umræður** Fundarstjóri verður Elín Smáradóttir lögfræðingur.

Orkuveita Reykjavíkur | Bæjarhálsi 1 | www.or.is

Orkuveita Reykjavíkur

# Tilkynning til barnaverndar er beiðni um aðstoð, ekki kæra

BARNAVERND



**Þóra Jónsdóttir**
verkefnastjóri og lögfræðingur Barnaheilla

**➜ Það er því af umhyggju fyrir barninu, en ekki af óvild við foreldrana sem langflestar tilkynningar berast til barnaverndarnefnda.**

Margir líta svo á að eitt það versta sem geti gerst í lífi foreldra sé að vera tilkynntir til barnaverndarnefndar. Með því sé því lýst yfir að foreldri eða aðstandandi sé ekki fær um að sinna hlutverki sínu gagnvart barni og því fylgi fordæming og skömm.

Það er ákaflega mikilvægt að minna á með reglubundnum hætti hver tilgangur með lagalegri tilkynningaskyldu til barnaverndarnefndar er. Tilkynning er ekki kæra, heldur beiðni um að barni og fjölskyldu þess verði veitt aðstoð.

Tilkynnandi kann að hafa hugboð um að barn sé í aðstæðum sem eru ekki góðar fyrir það, það fái ekki þann stuðning og atlæti sem nauðsynlegt er til að það þroskist og mikilvægt sé að koma því til aðstoðar. Það er því af umhyggju fyrir barninu, en ekki af óvild við foreldrana sem langflestar tilkynningar berast til barnaverndarnefnda. Tilkynning til barnaverndarnefndar er ekki dómur yfir frammistöðu aðstandenda barnsins. Við skyldum miklu fremur einblína á að barni berist aðstoð í aðstæðum sem taldar eru á einhvern hátt óheppilegar eða óheilbrigðar barninu. Hér skyldi ekki einblínt á það við hvern sé að sakast, heldur að aðstæður hafi þróast á þann veg að gera þurfi ráðstafanir til að koma barninu og fjölskyldu þess aftur á sporið.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi hafa það að markmiði að stuðla að bættum hag barna og fjölskyldna þeirra og að hafa áhrif á viðhorf til barna í samfélaginu. Barnaheill líta á það sem hlutverk sitt að tala máli barna og hvetja því samfélagið allt til að líta jákvæðum augum á þau tækifæri sem geta falist í að vera veittur stuðningur frá barnaverndarkerfinu.

Við vitum það öll sem reynt höfum, að það er ekki leikur einn að ala upp barn. Við erum misjafnlega sett hvað varðar félagslega, fjárhagslega eða heilsufarslega stöðu. Sumir hafa óþétt stuðningsnet og geta illa fengið aðstoð í uppeldishlutverki sínu. Sá stuðningur sem býðst þegar starfsfólk barnaverndarnefndar gerir vart við sig ætti vitanlega að þykja kærkominn og opna leiðir að nýjum tækifærum til að skapa barni gott og heilbrigt líf.

# Lýsing byggir á lögum

FJÁRMÁL



**Þór Jónsson**
upplýsingafulltrúi Lýsingar hf.

Gífuryrði Einars Huga Bjarnasonar hæstaréttarlögmanns um Lýsingu hf. í áskorun hans til þingmanna, sem Fréttablaðið birti 4. apríl sl., um að lengja lögbundinn fyrningarfrest eru honum vissulega ekki til sóma. En lengri fyrningarfrestur er kappsmál lögmanna, sem hafa sérstaklega sóst eftir að reka svokölluð gengislánamál, og í því ljósi er ef til vill skiljanlegt að lögmanninum hlaupi kapp í kinn.

Þannig stíluð grein er að jafnaði ekki svaravert en mér finnst rétt umræðunnar vegna að leiðrétta fullyrðingar í henni sem byggjast á röngum lagaskilningi og misskilningi á dómum Hæstaréttar.

**1** Það er til dæmis misskilningur að Lýsing hafi áhrif á það hvort mál fyrnist. Það er á valdi kröfuhafa að slíta fyrningu.

**2** Umrædd útreikningsaðferð Lýsingar styðst meðal annars við álit lögmanna og niðurstöður Hæstaréttar í málum nr. 50/2013, 337/2013, 463/2013 og 661/2013 og var síðast staðfest í úrskurði úrskurðarnefndar um viðskipti við fjármálafyrirtæki frá 14. mars sl. í máli nr. 90/2013. Fullyrðingar lögmannsins um að endurreikningur Lýsingar sé í andstöðu við dómafordæmi standast því ekki.

**3** Enn fremur er rétt að fram komi að Lýsing hefur í ýmsum tilvikum gengið lengra í þágu viðskiptamanna sinna en lagaskylda og dómar kveða á um. Því er það rangt sem lögmaðurinn heldur fram að Lýsing beiti iðulega þröngri túlkun. Jafnvel þótt svo væri er það meginregla í lögfræði að undantekningar beri að túlka þröngt.

### Ekkert fjær sanni

Lögmaðurinn hefur um árabil haft óvenjulega mikinn áhuga á Lýsingu. Í viðtali við Fréttablaðið árið 2011 gaf hann í skyn að Lýsing ætti gjaldþrot á hættu og að viðskiptamenn yrðu að varast að hugsanlegar kröfur á hendur félaginu brynnu inni í búinu. Ekkert er fjær sanni. Lýsing hefur starfað óslitið frá 1986, er með elstu fjármálafyrirtækjum landsins, með sterka eiginfjárstöðu, hefur hvorki þegið ríkisstyrki né lánasöfn á afsláttarkjörum og gekk nýverið í gegnum árangursríka endurfjármögnun. Til marks um öfluga starfsemi má nefna að Lýsing keypti á dögunum Lykil af MP banka.

Í sama viðtali í Fréttablaðinu ráðlagði lögmaðurinn viðskiptamönnum fjármálafyrirtækja að hætta að greiða af fjármögnunarleigusamningum sínum, þeir væru „ólögmætir lánssamningar", og velti fyrir sér hvaða áhrif slíkt „högg" hefði á starfsemi Lýsingar. Skemmst er frá því að segja að höggið hefur látið standa á sér. Hæstiréttur hefur í tveimur nýlegum dómum, 638/2013 og 717/2013, staðfest lögmæti fjármögnunarleigusamninga Lýsingar og hafnað sjónarmiðum eins og þeim sem lögmaðurinn hélt fram. Hafi einhver fengið högg er það væntanlega sá sem fylgdi ráðgjöf lögmannsins og hætti að greiða af samningum sínum og skuldar nú í ofanálag dráttarvexti frá árinu 2011.

**➜ Hafi einhver fengið högg er það væntanlega sá sem fylgdi ráðgjöf lögmannsins og hætti að greiða af samningum sínum og skuldar nú í ofanálag dráttarvexti …**

Ég ætla samt að stilla mig um gífuryrði og láta við sitja að benda á að mál geti verið afar mismunandi frá einu tilviki til annars, þótt þau kunni í fljótu bragði að virðast hliðstæð, og því er varasamt að gera ráð fyrir að einstök dómsmál svari öllum spurningum um ágreining um inntak samninga í öðrum málum.

Jafnframt er vert að hafa í huga að starfsemi Lýsingar á fjármálamarkaði er leyfisskyld og háð ströngum skilyrðum og opinberu eftirliti eins og starfsemi banka og annarra fjármálafyrirtækja.

# Heimilum blæðir, landbúnaður í bómull

EFNAHAGSMÁL



**Guðjón Sigurbjartsson**
viðskiptafræðingur

Helmingur heimilanna í landinu á í erfiðleikum með að ná endum saman og um tíu prósent okkar eru í alvarlegum vanskilum. Atvinnulífið getur ekki greitt hærri laun, meðal annars vegna erfiðs rekstrarumhverfis og gjaldmiðilsvanda. Launahækkanir umfram getu hækka bara verðlag og verðtryggðar skuldir. Þetta er alvöru ómöguleiki fyrir fólkið í landinu og mun alvarlegri og erfiðari en verkefnið að ljúka samningum við Evrópusambandið sem er nú bara þægileg innivinna.

Hvað er til ráða? Í McKinsey-skýrslunni og víðar eru upplýsingar um það sem gera þarf til að bæta lífskjörin í landinu. Meðal þess brýnasta er að taka á óhagkvæmni landbúnaðarins.

### Landbúnaðurinn nýtur velvildar

Þeir njóta líka velvildar sem hafa lítið handa á milli og þeir sem standa höllum fæti. En það er ekki hægt að gera allt fyrir alla.

Landbúnaðurinn fær samt árlega frá neytendum hvorki meira né minna en 8 milljarða króna í formi tollverndar, það er markaðsverndar, samkvæmt OECD. Auk þess fær hann 12 milljarða frá skattgreiðendum í styrkjum á fjárlögum. Samtals eru þetta 20 milljarðar króna á ári, sem eru um þrjú prósent af opinberum útgjöldum. Það er þrisvar sinnum meira en meðaltalið í Evrópu þar sem opinn matvörumarkaður tryggir lág verð og gott framboð. Þessi vernd og styrkir eru með því mesta í heiminum og koma hart niður á efnaminni heimilum.

### Ef bæta á lífskjör þarf breytingar

Opna þarf á tollfrjálsan innflutning matvæla og fella niður undanþágur landbúnaðarins frá samkeppnislögum. Við opnun aukast ráðstöfunartekjur meðalheimilis um 100 til 200 þúsund kr. á ári. Þetta kemur sér best fyrir þá efnaminni þar sem verja þarf stærstum hluta útgjaldanna í grunnþarfir og kaupmáttur ráðstöfunartekna eykst um að minnsta kosti 5 til 10%. Við opnun matvælamarkaðarins, með eða án inngöngu í ESB, opnast 550 milljóna manna innri markaður Evrópu fyrir okkar matvælaframleiðendum.

Á móti samdrætti í sumum greinum landbúnaðarins koma ný tækifæri. Innlend matvælavinnsla fær ódýrara innflutt hráefni, eins og hún hefur nýtt sér þegar kjúklinga, svínakjöt og smjör hefur skort hér innanlands. Við höfum reynslu af alþjóðlegum viðskiptum með matvæli. Sjávarútvegsfyrirtækin eru í raun matvælaframleiðendur í útflutningi. Bakkavör, glæsilegt 18.800 manna fyrirtæki, framleiðir gríðarlegt magn ferskra matarskammta daglega í Bretlandi og víðar um heiminn.

Upp munu vaxa fleiri alþjóðleg matvælafyrirtæki. Við getum líka, eins og mörg Evrópulönd, nýtt þekkingu og reynslu í landbúnaði til að hjálpa fólki í þróunarlöndum við að auka sína matvælaframleiðslu til eigin neyslu og útflutnings á Evrópumarkað og til okkar.

Lækka þarf styrki skattgreiðenda til landbúnaðarins um tvo þriðjuhluta niður í Evrópumeðaltalið. Styrkirnir myndu lækka úr 12 milljörðum í 4 milljarða á ári. Með þessari 8 milljarða lækkun útgjalda ríkisins mætti til dæmis lækka virðisaukaskattinn um 5 prósent. Lækkun virðisaukaskatts kemur á matvæli, föt og aðrar nauðsynjar og fleira og myndi líka koma þeim efnaminnstu best.

**➜ Þessi vernd og styrkir eru með því mesta í heiminum og koma hart niður á efnaminni heimilum.**

Skipuleggja þarf landnotkun til sveita og miða stuðning skattgreiðenda við nýtingu lands en ekki framleitt magn. Skilgreina þarf heppileg landsvæði til landbúnaðar meðal annars út frá fjarlægð frá þéttbýli og umhverfissjónarmiðum. Framleiðslutengdur stuðningur stuðlar að sóun þegar framleiðslan miðast við að fá styrki.

Sumir telja mikilvægt að hafa landbúnað sem víðast um landið, það styðji við þróun ferðaþjónustu og sé skemmtilegra þegar ferðast er um landið. Ósnortin náttúra hefur sérstakt aðdráttarafl fyrir marga. Ekki er öll byggð til prýði. Í opnu kerfi verða færri og stærri býli og ímynd greinarinnar mun stórbatna.

### Sérhagsmunir fárra víki

Alþingi virðist máttlaust þegar kemur að breytingum sem gagnast hinum þögla meirihluta á kostnað háværra sérhagsmunahópa. Þeir sem hafa verið að beita sér fyrir breytingum á landbúnaðarkerfinu eru SA, SVÞ, FA, Neytendasamtökin, sumir fjölmiðlanna, Samkeppniseftirlitið og einstaklingar. Skilningur er að vaxa. Fleiri ættu að láta til sín taka og styðja nauðsynlegar breytingar. Sveitarfélög sem greiða framfærslustyrki, hjálparstofnanir sem sinna matargjöfum, verkalýðsfélög sem berjast fyrir bættum kaupmætti og fleiri einstaklingar sem sjá þörfina. Þessar breytingar eru nauðsynlegar og þær má gera af tillitssemi og með stuðningi við þá sem verða fyrir röskun.

# Af prísamergð til handa Austurhöfn

BYGGINGALIST



**Örnólfur Hall**
arkitekt

**➜ Þeir segja að fjölmiðla- og áróðursmeistarar risastóru teiknistofanna séu duglegir við að afla þeim prísa úr þeirri miklu prísaflóru.**

Á netinu má sjá fjölda ýmissa verðlauna í byggingarlist, um hundrað talsins, svonefnd Architecture Awards (AA), fyrir áhugaverðustu byggingar í heimi. Ósköpin öll af bygggingum hampa AA-prísum, hver annarri heimsfrægari. Ein verðlaun kalla gjarnan á hrinu annarra – eins og tíðkast í heimi sjóbisnissins.

Margir arkitektar í Evrópu hafa um þetta stór orð og eru uggandi vegna þessarar þróunar. Þeir segja að fjölmiðla- og áróðursmeistarar risastóru teiknistofanna séu duglegir við að afla þeim prísa úr þeirri miklu prísaflóru. Altalaður er ábatasamur verðlaunaiðnaður.

Stórgóðir arkitektar með afburðaverk, en á litlum teiknistofum, eiga litla sem enga möguleika á þessu sviði og segjast hvorki hafa burði til að „lobbýa" né eiga gilda sjóði til að koma sér á framfæri við verðlaunaveitendurna.

Fjöldi arkitekta furðar sig á 1. sætinu við úthlutun síðustu Miesverðlauna, og þá einkum hvers vegna sneitt var hjá frábæru tonglausninni í Ghent í Belgíu, verki á viðkvæmum stað við miðaldabyggingar, lausn sem er afgerandi í anda Mies van der Rohe sjálfs, með einkunnarorð sín, Less Is More, og mjög rómuð af UNESCO. Verkefnið fékk flest atkvæði evrópskra arkitekta og áhugafólks um byggingarlist, sem veittu því 70% atkvæða. Hins vegar fékk Mies-prísinn verk með aðeins 10% atkvæða að baki sér. Hvers vegna? er spurt.

Antonio Borghi, formaður ACE, Sambands evrópskra arkitekta, hafði umsjón með kosningunni, en verðlaunin voru hins vegar í höndum sérstakrar úthlutunarnefndar sem taldi að efnisgerð og hæð tónlistarhússins við Austurhöfn félli stórvel að umhverfi Kvosarinnar!

Geta má einnig um svonefnd LEAF-verðlaun, sem ýmsir vita að standur fyrir Life, Earth and Air Friendly Design og að baki þeim eru ýmis samtök sem veita verðlaun undir þessari yfirskrift. Ein þeirra eru í West Hartford í BNA, í London og víðar. Veita þau meðal annars verðlaun fyrir „viðhaldsfríar" og vistvænar byggingar. Kátbroslegt finnst fjölda fagfólks.


Ábendingahnappinn má finna á www.barnaheill.is




INHOPE insafe SAFT

# Hættulegar hugmyndir

Bjarni Benediktsson fjármálaráðherra lýsti því yfir í viðtali í Fréttablaðinu nýlega að hann stefndi að því að leggja fram lagafrumvarp í haust um breytingu á virðisaukaskattskerfinu. Fyrir réttum sjö árum lækkaði virðisaukaskattur á menningarefni á borð við geisladiska og bækur niður í 7%. Almennt er virðisaukaskatturinn hins vegar 25,5%.

FJÁRMÁL



Sindri Freysson
rithöfundur

### Skelfilegar afleiðingar

Mér vitanlega hefur fjármálaráðherra ekki nefnt hvaða skattprósentu hann hefur í huga en fylgi hann tillögum AGS frá 2011 um að virðisaukaskattur á vörur og þjónustu verði 20% yfir línuna myndi virðisaukaskattur á bækur og tónlist hækka um þrettán prósentustig, sem jafngildir 286% hækkun á skattlagningu! Varan sjálf hækkar um 12,15%, bók sem lesandi borgar nú 5.350 krónur fyrir þyrfti hann að punga út 6.000 krónur fyrir ef virðisaukaskatturinn færi upp í 20%.

Í skýrslunni Kortlagning á hagrænum áhrifum skapandi greina kemur fram að samanlögð velta í bókaútgáfu og smásölu á bókum í sérverslunum nam 11,8 milljörðum árið 2009. Á núvirði eru þetta 14,7 milljarðar króna. Ef við reynum að vera bjartsýn og segja að bóksala myndi „aðeins“ dragast saman um tíu prósent – sem er nánast óskhyggja því að vísast yrði hrap bóksölu miklu meira eins og til eru dæmi um erlendis frá – þá myndi veltan í greininni minnka um tæpan 1,5 milljarða króna. Ársverkin voru samtals rúmlega 1.125 og ef við miðum við að bein fylgni sé á milli sölu og ársverka þýddi það að 112 ársverk myndu tapast – eða með öðrum orðum, 112 manns myndu missa vinnuna í greininni. Þetta er bjartsýna spáin!

### Meirihluti hlúir að bókaútgáfu

Í þarseinasta mánuði birti International Publishers Association fjórðu skýrslu sína um hvernig virðisaukaskattheimtu á bækur er háttað í heiminum. Alls náði rannsóknin til 51 lands og leiddi þetta í ljós: Meirihluti landanna, eða rúm 92%, hlúa að bókum og bókaútgáfu með því að gæta þess að virðisaukaskattur á prentaðar bækur sé lægri en á aðrar vörur. Meira að segja þjóðir sem freistast til þess í þágu „einföldunar“ á skattkerfinu eða til að stoppa í fjárlagagötin með því að hækka virðisaukaskatt á bækur sjá flestar að sér, eins og sést til dæmis á því að í júní 2012, tveimur mánuðum eftir að virðisaukaskattur á bækur hafði verið hækkaður upp í 7%, ákváðu frönsk stjórnvöld að lækka hann aftur niður í 5,5%, fyrst og fremst í þágu bókaútgáfu og bóksölu í landinu.

Í Suður-Ameríku er enginn virðisaukaskattur lagður á bækur í þrettán löndum. Virðisaukaskattur í ESB-löndunum 27 er að meðaltali 7,83% en í Suður-Ameríku er hann enn lægri, eða 1,94% að meðaltali. Í Norður-Ameríku er enginn vaskur á bókum í Kanada. Aðeins fjögur lönd sem könnunin náði til, Búlgaría, Síle, Danmörk og Gvatemala, hafa ekki lægri virðisaukaskatt á bækur en aðrar vörur.

### Núll-prósenta-leiðin er best

Ég skora hér með á ríkisstjórn Íslands að hrófla ekki við virðisaukaskatti á bækur og tónlist á Íslandi – og helst af öllu að fella hann alfarið niður. Niðurfelling er vitaskuld besta leiðin, leið Bretlands, Írlands, Noregs og Úkraínu, mun betri leið en undanþága. Núll prósenta virðisaukaskattur er eindreginn stuðningur við alla bókaútgáfu; frá höfundi til útgefanda til bóksala til bókasafna, og loks til lesenda. Núll prósenta virðisaukaskattur hvetur fólk til að kaupa bækur og er þar með skilvirkasta leiðin til að styðja við bókmenningu, málsamfélagið, lestur og læsi.

Hvers konar árás á skapandi greinar skaðar virðiskeðju þeirra og leiðir til taps fyrir þjóðina í heild, hvort sem litið er til efnislegra eða óefnislegra verðmæta. Núverandi ríkisstjórn Bókaþjóðarinnar skráir sig kirfilega á sakaskrá sögunnar ef hún ræðast á bókaútgáfu á Íslandi með aukinni skattheimtu. Bjarni, sumar hugmyndir eru miklu hættulegri en aðrar.

**➜ Ég skora hér með á ríkisstjórn Íslands að hrófla ekki við virðisaukaskatti á bækur og tónlist á Íslandi …**

**visir.is**
Sjá má lengri útgáfu greinarinnar á Vísi.

## AF NETINU

### „Við eigum þetta land“? Jæja, er það svo?



[…] Bandaríkjamenn, sem telja sig í framvarðasveit einkaeignar og frelsis til orðs og æðis, tóku upp þá stefnu fyrir 140 árum að helstu náttúruverðmæti landsins væru í þjóðareign en ekki einkaeign. Og þannig hefur það verið síðan með atbeina 27 Bandaríkjaforseta.

Hér á landi ríkir argasta forneskja í þessum málum sem hefur verið þjóðarskömm í áratugi. Sjálfbær þróun, varúðarreglan og jafnrétti kynslóðanna eru fótum troðin. Nú er mál að linni og þótt fyrr hafi verið.

http://omarragnarsson.blog.is

*Ómar Ragnarsson*






# Ekki kasta því góða fyrir róða

HEILBRIGÐISMÁL



**Ingimar Einarsson**
félags- og stjórnmálafræðingur

Mikið fagnaðarefni er hversu skipulegri stefnumótun og áætlanagerð er nú gert hærra undir höfði í þjóðfélaginu en áður var. Á það ekki aðeins við í atvinnulífinu heldur hafa mikil umskipti orðið hjá hinu opinbera í þessum efnum. Nýlega gaf Stjórnarráð Íslands út sérstaka handbók um stefnumótun og áætlanagerð sem örugglega á eftir að nýtast vel einstökum ráðuneytum.

Í heilbrigðismálum hefur verið hefð fyrir langtímastefnumótun og hver heilbrigðisáætlunin leyst aðra af hólmi á liðnum áratugum. Þannig hefur heilbrigðisáætlun til ársins 2020 verið í undirbúningi um nokkurt skeið. Mikilvægt er að ný áætlun hafi einhver tengsl við fyrri áætlanir og er því nauðsynlegt að gera grein fyrir þróuninni síðustu áratugi.

**Heilbrigði allra árið 2000**

Árið 1977 samþykkti Alþjóðaheilbrigðisþingið ályktunina um „Heilbrigði allra árið 2000", sem ári síðar lá til grundvallar Alma Atayfirlýsingunni, þar sem megináherslan er lögð á grunnþjónustuna. Þessar ályktanir lágu síðan til grundvallar þeim 38 heilbrigðismarkmiðum sem Evrópuríki settu sér árið 1984. Árið 1987 var lögð fram þingsályktunartillaga á Alþingi um íslenska heilbrigðisáætlun, en hún hlaut ekki samþykki þingsins fyrr en á árinu 1991. Á þeim tíma var lítill skilningur á því að ráðast í gerð heilbrigðisáætlunar og það var ekki fyrr en forstjóri WHO, Dr. Halfdan Mahler, kom á Heilbrigðisþing á Íslandi árið 1988 að ráðamönnum varð ljóst að þeir yrðu að taka sig á í þessum efnum.

**Áætlun til 2010**

Á tíunda áratugnum var mikil umræða um forgangsröðun og stefnumótun í heilbrigðismálum. Tveimur nefndum var komið á fót. Annars vegar nefnd um forgangsröðun í heilbrigðismálum, og hins vegar nefnd sem falið var að endurskoða heilbrigðisáætlunina í samræmi við breytingar á heilbrigðisþjónustu innanlands sem utan. Afraksturinn af þeirri vinnu var ný heilbrigðisáætlun til ársins 2010 sem samþykkt var á Alþingi vorið 2001. Sú heilbrigðisáætlun markaði að mörgu leyti tímamót því í henni var ekki aðeins varpað fram skýrri framtíðarsýn heldur voru um leið innleidd mælanleg markmið, þannig að á gildistímabili áætlunarinnar var auðveldara en áður að fylgjast með framvindunni og í lokin meta árangurinn af framkvæmd hennar.

**Heilsa 2020**

Heilbrigðisáætlunin til ársins 2010 rann sitt skeið í lok fyrsta áratugar aldarinnar og um svipað leyti hófst vinna við gerð nýrrar áætlunar til ársins 2020. Í byrjun var aðallega horft til skýrslu nefndar WHO frá 2008 um félagsleg áhrifavalda heilsu og þar næst stefnumörkunar Evrópudeildar WHO í heilbrigðismálum til ársins 2020 (Health 2020). Í þeirri stefnu er lögð áhersla á að aðildarríkin vinni sérstaklega að bættri heilsu og vellíðan fólks, dragi úr ójöfnuði, styrki lýðheilsu og tryggi notendamiðað heilbrigðis- og velferðarkerfi, sem er um leið almennt, sanngjarnt og sjálfbært og uppfyllir einnig ýtrustu gæðakröfur. Til viðbótar hefur greining ráðgjafafyrirtækisins Boston Consulting Group á íslenska heilbrigðiskerfi verið lögð til grundvallar frekari útfærslu á afmörkuðum verkefnum.

**Úrbætur**

Í úttekt Boston Consulting Group var reynt að draga fram megineinkenni heilbrigðiskerfisins og þau borin saman við fyrirkomulag heilbrigðismála í nágrannalöndunum. Alþjóðlegur samanburður sýnir að árangur heilbrigðisþjónustu á Íslandi er með því besta sem gerist í heiminum. Erlendu ráðgjafarnir töldu þó að ýmislegt mætti betur fara og hefur þegar verið ráðist í verkefni sem gengur undir heitinu Betri heilbrigðisþjónusta 2013-2017 og falla þar undir þjónustustýring, hagræðing í rekstri, greiðsluþátttaka einstaklinga, samtengd rafræn sjúkraskrá o.fl.

**➜ Það verður að tryggja betra jafnvægi milli heilsugæslu, sérgreinalækninga og sjúkrahúsþjónustu.**

Vandi heilbrigðiskerfisins er engu að síður mikill og kallar á víðtækar úrbætur og reyndar endurskipulagningu helstu þjónustuþátta. Það verður að tryggja betra jafnvægi milli heilsugæslu, sérgreinalækninga og sjúkrahúsþjónustu. Heilsugæsla verður að geta sinnt hlutverki sínu sem fyrsti viðkomustaður í heilbrigðisþjónustunni og sjúkrahúsin verða að geta annað flestum verkefnum sínum innan tiltekinna tímamarka. Jafnframt þarf að koma á betra skipulagi á sérfræðiþjónustu lækna utan sjúkrahúsa. Þetta kallar óhjákvæmilega á að mótuð verði skýrari heildarsýn og stefnumörkun til lengri tíma. Heilbrigðisáætlunum verður einfaldlega ekki kastað fyrir róða.

# Gálgahraun, Þríhnúkagígur og réttarríki geðþóttans

NÁTTÚRUVERND



**Björn Guðmundsson**
framhaldsskólakennari

Íslendingar sem reyndu að vernda Gálgahraun gegn eyðileggingu hafa þurft að svara til saka og bíða nú dóms. Glæpur þeirra var að þvælast fyrir lögreglu og jarðýtueigendum.

Þríhnúkar ehf./3H Travel sem helltu niður hundruðum lítra af olíu á vatnsverndarsvæði höfuðborgarinnar 8. maí 2013 hafa hins vegar ekki þurft að svara til saka svo ég viti. Ég spurði innanríkisráðherra spurninga um þetta mál í opnu bréfi í þessu blaði. Ekkert svar barst en eftir ítrekunarbréf þar sem vísað var í lög um upplýsingaskyldu stjórnvalda fékk ég símhringingu og var boðið viðtal við ráðherra sem ég þáði.

Ráðherrann baðst afsökunar á að hafa ekki svarað, opna bréfið hefði farið fram hjá henni og öðrum í ráðuneytinu. Næst kom fyrirlestur um þrískiptingu valdsins. Hún sagðist ekki vita til þess að olíuhneykslið væri í ákæruferli en að hún mætti jafnframt ekki skipta sér af því. Hún gat ekki svarað því hvers vegna „kerfið" kærði Hraunavinina en ekki þá sem helltu niður olíunni.

Hún virtist þó gera sér grein fyrir alvarleika þess máls. Hún benti mér á að ég gæti sjálfur kært Þríhnúka ehf./3 H Travel. Þá spurði ég ráðherrann hvað myndi gerast ef maður væri skotinn til bana úti á götu í viðurvist vitna, yfirvöld vissu hver skaut en enginn væri handtekinn og ákærður. Ráðherra vafðist tunga um tönn en sagði svo að þá væri kerfið að bregðast og líklega myndi Alþingi fjalla um málið. En hver er að bregðast í olíumálinu?

Hvaða ályktanir má draga af þessu? Almenningur sem þvælist fyrir verktökum og lögreglu er lögsóttur. Skilaboðin eru skýr. Að berjast fyrir óspilltri náttúru óhreinkar sakavottorð manna en forsvarsmenn gróðafyrirtækis sem hellir niður olíu á vatnsverndarsvæði helmings þjóðarinnar þurfa ekki að svara til saka. Brutu þeir reglur við olíuflutningana? Er þetta ekki refsivert? Þeir missa ekki einu sinni starfsleyfi á svæðinu. Hvers vegna?

**Á skítugum skónum**

Byggist réttarkerfið á geðþótta einstaklinga sem þar hafa vald? Mega fulltrúar auðvaldsins vaða á skítugum skónum um náttúru landsins án þess að lögregla og ákæruvald geri nokkuð? Hvað stjórnar aðgerðarleysi „kerfisins" í olíumálinu? Þessu gat ráðherrann ekki svarað.

**➜ Mega fulltrúar auðvaldsins vaða á skítugum skónum um náttúru landsins án þess að lögregla og ákæruvald geri neitt? Hvað stjórnar aðgerðaleysi „kerfisins" í olíumálinu? Þessu gat ráðherrann ekki svarað.**

Ráðherrann virtist hafa nokkurn skilning á þeim málstað sem ég hef barist fyrir varðandi náttúruspjöllin við Þríhnúkagíg. Þar eru uppi áform um framkvæmdir sem hefðu í för með sér óafturkræf náttúruspjöll á stórmerkilegu náttúrufyrirbæri og svæðinu umhverfis sem er innan þjóðlendu. OR hefur líka lýst áhyggjum sínum vegna áhættu fyrir neysluvatn höfuðborgarinnar. Og vegarlagning um göngu-skíðasvæðið frá Bláfjöllum að Þríhnúkagíg verður ekki réttlætt með tali um aukið umferðaröryggi eins og gert var varðandi Gálgahraun.

Nú bíða Þríhnúkar ehf./3H Travel eftir leyfi frá forsætisráðuneytinu til að fá afhenta þessa náttúruperlu til langs tíma til að gera á henni óafturkræf náttúruspjöll. Mun forsætisráðherra sýna þjóðinni og náttúru landsins þá vanvirðingu að veita slíkt leyfi? Er íslensk náttúra bara leikvöllur auðvalds þar sem græðgin er í fyrirrúmi? Eru íslensk stjórnvöld þjónar þessa auðvalds?

Hanna Birna bauðst til að útvega mér viðtal við einhvern í kerfinu sem væri fróðari um þessi mál en hún. Mér var sagt að ráðuneytið myndi hafa samband við mig. Nú, rúmum tveim mánuðum síðar, hefur það loforð ekki verið efnt. Ég sendi aðstoðarmanni ráðherra tölvupóst, hún svaraði og sagði að haft yrði samband en það hefur ekki gerst.

Í byrjun fundarins spurði ég ráðherra og ritara hans hvort fundurinn væri tekinn upp eða fundargerð rituð en svo var ekki. Ég vona að ég hafi hér að ofan farið rétt með það sem fram kom á fundinum.

# OR á réttri leið!

FJÁRMÁL



**Gunnar Alexander Ólafsson**
stjórnmálafræðingur með meistaragráðu í opinberri stjórnsýslu og heilsuhagfræði

Fyrir fjórum árum staðfesti matsfyrirtækið Fitch Ratings neikvætt lánshæfismat hjá Orkuveitu Reykjavíkur. Þetta þýddi í raun að OR stóðu til boða enn verri lánskjör. Rök FR voru þau að greiðslugeta fyrirtækisins væri ekki góð (vægt til orða tekið) og tekjugrunnur fyrirtækisins ekki sterkur, þar sem gjaldskrá fyrirtækisins hefði ekki haldið í við verðlagsþróun allt frá 2005.

Efnahagshrunið fór illa með fyrirtækið en skuldir þess voru að miklu leyti í erlendum gjaldmiðlum. Þegar lánshæfismatið var birt var mánuður til sveitarstjórnarkosninga og þáverandi meirihluti Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks gerði lítið annað en að mótmæla þessu mati en án aðgerða. Eftir sveitarstjórnarkosningar tók við nýr meirihluti Besta flokks og Samfylkingar. Nýr meirihluti hafði forgöngu um að setja í gang aðgerðaráætlun til að bjarga fjárhag fyrirtækisins. Gripið var til margþætta aðgerða til að bæta fjárhag þess, meðal annars hækkunar gjaldskrár, uppsagna starfsfólks, frestunar framkvæmda og sölu eigna. Þetta voru erfiðar aðgerðir en nauðsynlegar og kjósendur í borginni hafa virt það við núverandi meirihluta að hafa gripið til nauðsynlegra aðgerða til að breyta fjárhag OR.

**Allir liðir gengið eftir**

Aðgerðaráætlunin að betri fjárhag OR ber hið frumlega nafn Planið og í nýlegri úttekt greiningardeildar Arion banka kemur fram að markmið Plansins hafi gengið betur en áætlanir gerðu ráð fyrir. Planið hefur skilað 30 milljarða ávinningi en á þessum tímapunkti er gert ráð fyrir því að það hafi skilað 28 milljörðum. Allir liðir Plansins hafa gengið eftir en gert er ráð fyrir því að aðgerðir Plansins standi til 2016. Planið og aðrar aðgerðir hafa skilað því að nettóskuldir OR hafa lækkað úr 229 milljörðum árið 2011 í 186 milljarða eða um 43 milljarða.

Allir notendur, viðskiptavinir og fyrrverandi starfsmenn OR hafa fundið fyrir aðgerðum fyrirtækisins. Þær voru nauðsynlegar til að tryggja áframhaldandi rekstur fyrirtækisins. Að grípa til aðgerða eins og gert var samkvæmt Planinu er ekki til vinsælda fallið en ég virði það við núverandi meirihluta að hafa farið út í þessar aðgerðir því OR stendur fjárhagslega miklu betur núna.

**➜ Gripið var til margþættra aðgerða til að bæta fjárhag fyrirtækisins …**

Því er það ósk mín að þeir flokkar sem mynda núverandi meirihluta í Reykjavík og hafa staðið að þessum erfiðu aðgerðum fái áfram traust í komandi kosningum til að klára markmið Plansins og skila OR sem fjárhagslega sterku fyrirtæki með getu til að lækka gjaldskrá sína og greiða góðan arð til eigenda sinna. Það skiptir alla borgarbúa miklu máli hverjir stjórna og að þeir láti hagsmuni borgarbúa ráða för. Dæmið um OR og hvaða stefnu var fylgt fyrir og eftir síðustu borgarstjórnarkosningar sýnir að við erum betur sett eftir þessar aðgerðir en fyrir.

# Hvað veldur minnkandi neyslu erlendra ferðamanna?

FERÐAÞJÓNUSTA



**Anna Fríða Garðarsdóttir**
viðskiptafræðingur

Þegar fjöldi erlendra ferðamanna jókst með þeim hætti sem hann gerði á árunum 2011 og 2012 þá spurði ég mig þeirrar spurningar hvort veiking krónunnar í kjölfar hruns fjármálakerfisins 2008 hefði gert það að verkum að neysla á hvern erlendan ferðamann hefði aukist að einhverju marki.

Eftir hrun varð mun hagstæðara að sækja landið heim og ferðamennirnir fá meira fyrir sinn gjaldmiðil en fyrir hrun. Í rannsókn minni, sem er lokaverkefni í viðskiptafræði við Háskólann á Bifröst, reyndist það ekki vera niðurstaðan, en í rannsókninni var neyslan á árunum 2000-2012 skoðuð út frá verðlagi ársins 2012 og einnig yfirfærð í Bandaríkjadali og evrur.

**Minni neysla**

Rannsóknin leiddi í ljós að neysla á hvern erlendan ferðamann á Íslandi hefur minnkað um 16% frá árinu 2000 til ársins 2012 þegar hún er skoðuð í íslenskum krónum og minnkað enn meira þegar hún er skoðuð í Bandaríkjadölum og evrum, eða um 20% í dölum og 42% í evrum. Þróunin til lækkunar hófst löngu fyrir hrun fjármálakerfisins. Heildarneysla erlendra ferðamanna á þessu tímabili nær tvöfaldaðist (96%) en fjöldi erlendra ferðamanna sem sóttu Ísland heim meira en tvöfaldaðist (130%). Heildarneyslan jókst því ekki í sama hlutfalli og fjölgun ferðamanna til landsins.

Í rannsókn minni skoðaði ég einnig stöðu ferðaþjónustunnar í Kanada og Nýja-Sjálandi og bar saman þróun neyslu erlendra ferðamanna þar við þróunina hér á Íslandi á þessu tímabili. Í samanburðinum kom í ljós að á þessu tímabili hafði neysla á hvern erlendan ferðamann í Kanada aukist um 129% og á Nýja-Sjálandi um 40% þegar hún var skoðuð í Bandaríkjadölum. Þegar hún var skoðuð í evrum hafði hún aukist um 67% í Kanada og 2% á Nýja-Sjálandi.

Bæði kanadískur og nýsjálenskur dalur hafa styrkst gagnvart dölum og evrum en íslensk króna hefur veikst mjög mikið gagnvart sömu gjaldmiðlum. Á undanförnum 6-7 árum hefur hver ferðamaður eytt hærri fjárhæðum í Bandaríkjadölum á Nýja-Sjálandi en á Íslandi og þeir dvelja einnig lengur í landinu.

**➜ Að mínu mati er hins vegar mikil þörf á ítarlegri lífsstílsgreiningu erlendra ferðamanna …**

**Hvað veldur?**

Til að útskýra hvað veldur því að neysla fer minnkandi er frekari rannsókna þörf en þó er hægt að velta ýmsum hlutum upp. Skattsvik gætu til dæmis mögulega verið ein ástæðan fyrir lækkandi neyslutölum.

Að mínu mati er hins vegar mikil þörf á ítarlegri lífsstílsgreiningu erlendra ferðamanna líkt og gert hefur verið með margra ára rannsóknum til að mynda í Kanada og Nýja-Sjálandi og miða allt markaðsstarf að því að ná til þeirra hópa sem gefa mest af sér. Ísland er lítið samfélag og er dýr áfangastaður heim að sækja. Það er að mínu mati heillavænlegri þróun að byggja framtíð ferðaþjónustunnar á gæðum frekar en magni. Ég vona að niðurstöður rannsóknarinnar komi til með að nýtast ferðamálayfirvöldum í frekari rannsóknum á neyslumynstri erlendra ferðamanna sem sækja landið heim, því ein af ástæðum fyrir minni neyslu gætu snúið að verðmæti þeirra markhópa sem sækja landið heim.



• FERMINGARGJAFIR • FERMINGARGJAFIR • FERMINGARGJAFIR • FERMINGARGJAFIR •
NÚ ER ORMSSON KOMIÐ
HEIM OG SAMAN
Opið virka daga frá 10-18 og laugardaga frá 11-15
OPNUNAR TILBOÐ
Hljómtækjadeildin er nú flutt til föðurhúsanna í Lágmúla 8
og því hefur allt vöruúrval Ormsson nú fundið sér samastað á sama stað.
Pioneer HLJÓMTÆKI X-EM11
TILBOÐ 19.900
Hljómtækjastæða Verð: 25.900
Pioneer HLJÓMTÆKI X-HM11-K
TILBOÐ 27.900
Hljómtækjastæða Verð: 34.900
Pioneer HLJÓMTÆKI X-SM00
TILBOÐ 29.900
iPod vagga Verð: 39.900
Pioneer HLJÓMTÆKI DEH-X3500UI
TILBOÐ 21.500
Bíltæki Verð: 28.900
Pioneer HLJÓMTÆKI DCS-222K
5.1 rása
TILBOÐ 36.900
DVD-Heimabíókerfi Verð: 49.900
Pioneer HLJÓMTÆKI DV-2242
TILBOÐ 9.900
DVD spilari Verð: 14.900
CELESTRON Travelscope 70
TILBOÐ 12.900
Stjörnu-sjónauki
Verð:16.900
TASKA FYLGIR
Frábærir sjónaukar í úrvali
OLYMPUS
CELESTRON
Verð frá: 3.990
Pioneer HLJÓMTÆKI XW-BTS1
TILBOÐ 16.900
Bluetooth
Bluetooth hátalarar Verð: 22.500
Hercules Air+
TILBOÐ 39.900
DJ stjórnborð Verð:49.999
Skullcandy HEYRNARTÓL
25% afsláttur
Pioneer HLJÓMTÆKI SE-MJ721
25% afsláttur
Heyrnartól af bestu gerð
Nintendo Wii mini
Wii U
NINTENDO DS
Tveir litir
Mario Kart fylgir Verð: 26.900 I Verð: 69.900 I Verð: 29.900
ÚRVAL TÖLVULEIKJA
9.450
5.990
Kr. 7.990
Kr. 8.990
Kr. 5.990
Kr. 7.990
Kr. 8.990
SPENNA SNERPA SNILLD
Ljósaperan enduruppgötvuð
LIFX SMART LED LJÓSAPERA
· 40.000 tíma ending sem gerir 27 ár miða við 4 klst. notkun á dag.
· 1017 Lumens í fullum styrk
· 17W í fullum styrk en 9W í 50% styrk.
· Allt að 16 milljón litir mögulegir og hvítt ljós 2700-8000 Kelvin.
· LIFX snjallforrit í Apple iOS 6+ eða Android 4.0+
· Stuðningur við allt að 60+ perur á sama netkerfi.
LIFX
Verð: 15.900
SAMSUNG NX 1000 { TIL BÆÐI SVÖRT OG HVÍT }
TILBOÐ 79.900
· 20.3 milljón pixlar
· 20-50 mm linsa fylgir
· APS-CMOS Sensor
· 8 rammar á sek.
· Direct Wi-Fi
· I-Function linsa
· Lokarahraði frá 1/4000 upp í 30 sek.
· ISO 100-12800
· Notar RAW, JPEG, EXIF, DPOF og PictBridge skráarsnið
· Tekur upp 1080p (30fps) myndbönd (H.264) með hljóði
· Hristivörn (DIS og OIS innbyggt)
Wi Fi CERTIFIED
SAMSUNG
Með vélinni fylgir í kaupbæti
SAMSUNG GALAXY Tab 2
Kaupauki
Samsung GALAXY Tab 2
7” WiFi spjaldtölva fylgir með í kaupunum
KOMDU OG GERÐU FRÁBÆR KAUP Í „NÝRRI“ VERSLUN!
ORMSSON
LÁGMÚLA 8 • REYKJAVÍK
SÍMI 530 2800 • ORMSSON.IS



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**GEIR ÞÓRÐARSON**
**bókbindari,**
**Norðurbrún 1,**

lést þann 9. apríl á líknardeild Landspítalans í Kópavogi. Útför fer fram 22. apríl frá Áskirkju klukkan 13.00.

**Gunnar Þ. Geirsson**
**Bjarni Geirsson**
**Þórður Geirsson**
**Anna G. Hafsteinsdóttir**
**Þuríður Björnsdóttir**
**Erna Valdimarsdóttir**
**afabörn og langafabörn.**



Faðir okkar,

**GUÐJÓN PÁLSSON**
**hljóðfæraleikari og tónmenntakennari,**

lést á hjúkrunarheimilinu Hlíð á Akureyri laugardaginn 12. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

**Páll, Fanný, Herjólfur, Erla Björg, Friðjón Snorri og systkini hins látna.**



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**SÓLBORG S. SIGURÐARDÓTTIR**

lést á hjúkrunarheimilinu Mörk 5. apríl síðastliðinn. Útför hennar fer fram frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 16. apríl kl. 13.

**Álfheiður Steinþórsdóttir**
**Sigurður Steinþórsson**
**Magnús Steinþórsson**
**Steinþór Steinþórsson**
**Vilhjálmur Rafnsson**
**Kristjana Ólafsdóttir**
**Margrét Ragnarsdóttir**
**Bjarnþóra Egilsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



Kær systir mín, mágkona og frænka,

**ANNA GUÐMUNDSDÓTTIR**
***hússtjórnarkennari,***
**Reynimel 36,**

lést sunnudaginn 6. apríl. Útför hennar verður gerð frá Neskirkju þriðjudaginn 15. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélagið.

**Jóhannes Guðmundsson**
**Guðrún María Tómasdóttir**
**Jóhanna Guðbjörnsdóttir**
**Þuríður Guðbjörnsdóttir**
**Tómas Jóhannesson**
**Helgi Jóhannesson**
**Sigríður Jóhannesdóttir**
**Guðmundur Þorri Jóhannesson**
**og fjölskyldur.**



Elskuleg eiginkona mín, móðir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og dóttir,

**GUÐNÝ PÁLA RÖGNVALDSDÓTTIR**
**Kirkjusandi 5, Reykjavík,**

lést á heimili sínu sunnudaginn 6. apríl síðastliðinn. Útförin fer fram frá Háteigskirkju miðvikudaginn 16. apríl næstkomandi kl. 13.00.

**Hörður Björnsson**
**Rögnvaldur H. Jónsson**
**Mar Martinez**
**Hörður M. Harðarson**
**Björn Arngríms Harðarson**
**Nanna Ólafsdóttir**
**Sigrún Harðardóttir**
**Helgi Ómar Bragason**
**Sigurður Harðarson**
**Hrönn Stella Jónsdóttir**
**Erla Kristín Harðardóttir**
**Álfhildur Friðriksdóttir**
**Gunnar Halldórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**






**ÞETTA GERÐIST** 15. APRÍL 1955

## Útþensla McDonalds hófst

Á þessum degi árið 1955 var fyrsti McDonalds-veitingastaðurinn opnaður eftir að einkaleyfi fékkst á vörumerkinu. Staðurinn var í Des Plaines í Illinois-ríki.

Raunar var fyrsti McDonalds-staðurinn opnaður sjö árum áður en það gerðu bræðurnir Maurice og Richard McDonald. Skriður komst þó ekki á útbreiðsluna fyrr en kaupsýslumaðurinn Ray Kroc heimsótti veitingastað bræðranna og heillaðist af aðferð þeirra við að framleiða hamborgara og mjólkurhristing á ódýran hátt.

Eftir opnun staðarins í Des Plaines hófst vöxtur McDonalds-fyrirtækisins. Einungis áratug síðar voru staðirnir orðnir fleiri en þúsund talsins og árið 1967 opnaði McDonalds útibú í Kanada. Var það fyrsta skrefið í útbreiðslu hamborgarakeðjunnar um allan heim.

Í byrjun þessarar aldar voru veitingastaðirnir orðnir fleiri en þrjátíu þúsund í hundrað og nítján löndum.

Þaulskipulögð markaðsherferð McDonalds hefur löngum verið talin ein helsta ástæðan fyrir velgengni fyrirtækisins. Það hefur þó lent í skakkaföllum undanfarin ár vegna aukinnar meðvitundar um alþjóðleg viðskipti.



# Tólf hljómsveitir leika í hafnfirskum stofum

**Heima í Hafnarfirði nefnist tónlistarhátíð sem haldin verður síðasta vetrardag. Þar munu tólf hljómsveitir leika í tólf heimahúsum í miðbæ Hafnarfjarðar, auk þess sem hin rómaða hljómsveit Kátir piltar mun slá upp partíi á Fjörukránni og spila fram eftir nóttu.**

Þessi hugmynd fæddist reyndar hjá Færeyingum á síðasta ári. Festivalið þeirra í Götu í nóvember, sem þeir kölluðu Heima, er fyrirmyndin að þessu hjá okkur hér í Hafnarfirði,“ segir Kristinn Sæmundsson, forsvarsmaður Menningar- og listafélags Hafnarfjarðar. Félagið stendur fyrir tónlistarveislu að kvöldi síðasta vetrardags, 23. apríl, en þá mun félagið halda tónlistarhátíðina Heima í Hafnarfirði. Hugmyndin byggist á því að tónlistarmenn úr ýmsum áttum halda stutta tónleika í tólf heimahúsum miðsvæðis í bænum og hátíðargestirnir rölta á milli húsa og hlusta og njóta. „Okkur langar til að leysa þann heimilislega anda sem ríkir hér suður frá úr læðingi,“ segir Kristinn.

Ekki er nóg með að gestir þurfi að rölta milli húsa til að sjá fleiri en eina hljómsveit heldur munu hljómsveitirnar einnig færa sig á milli húsa. Dagskráin stendur frá 20 til 23 og mun hver hljómsveit leika í 45 mínútur á sama stað. Óttast Kristinn ekkert öngþveiti í miðbænum þessa þrjá tíma? „Nei nei, við erum búin að ráða skátana til að vera með umferðarstjórnun og erum að láta framleiða gamaldags skilti sem vísa fólki til vegar,“ útskýrir hann. „Það á því enginn að þurfa að villast í hrauninu í Hafnarfirði nema hann óski þess sjálfur.“

Eftir tónleikana tekur hljómsveitin Kátir piltar við stjórninni og verður slegið upp veislu á Fjörukránni. „Það er stórviðburður,“ fullyrðir Kristinn. „Aðgöngumiði á heimatónleikana gildir líka í Fjörukrána og Gaflaraleikhúsið þar sem verður opinn míkrafónn fyrir þá sem vilja láta ljós sitt skína.“

Meðal þeirra listamanna sem staðfest hafa komu sína á Heima í Hafnarfirði eru Fjallabræður, Bjartmar Guðlaugsson, Ylja, Vök og DossBaraDjamm. Sérstakur gestur hátíðarinnar verður tónlistarmaðurinn Hallur Joensen frá Færeyjum.



**STÓRVIÐBURÐUR** Kristinn fullyrðir að endurkoma Kátra pilta sé stórviðburður í tónlistarlífinu. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


fridrikab@frettabladid.is




Okkar ástkæra systir og frænka,

**HANNA INDRIÐADÓTTIR COARE**

er látin. Jarðarför hennar hefur farið fram frá heimabæ hennar, Calfont St Peter í Englandi.

**Þórir Indriðason**
**Ása María Kristinsdóttir**
**Hans Jakob Kristinsson**
**og systkinabörn.**



Móðir okkar, tengdamóðir og amma,

**DAGNÝ PEDERSEN**
**Hrafnistu í Hafnarfirði,**

lést 31. mars. Útför hennar hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun og hlýju.

**Jón Magnússon**
**Helen P. Brown**
**Halla Magnúsdóttir**
**Anna Magnúsdóttir**
**Guðmundur Jóhannsson**
**og barnabörn.**



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**JÓSÚA MAGNÚSSON**
**hjúkrunar- og dvalarheimilinu Höfða, Akranesi,**

andaðist miðvikudaginn 9. apríl. Útför hans verður gerð frá Akraneskirkju miðvikudaginn 16. apríl kl. 14.00.

**Ragnheiður Jósúadóttir**
**Ingi Gunnarsson**
**Borghildur Jósúadóttir**
**Sveinn Kristinsson**
**Sigurður Jósúason**
**Orchide Jósúason**
**og fjölskyldur.**



Okkar ástkæri eiginmaður, faðir, afi, tengdafaðir, bróðir og mágur,

**GUÐMUNDUR KR. ÞÓRÐARSON – MUGGUR**
**stýrimaður, til heimilis að Skaftahlíð 8,**

lést föstudaginn 4. apríl. Úför Muggs fór fram föstudaginn 11. apríl í kyrrþey. Þökkum hlýhug og stuðning á erfiðum tímum. Þeim sem vilja minnast hans er bent á styrktarfélagið Ljósið.

**Þuríður Þorsteinsdóttir**
**Elva Hrund Guðmundsdóttir**
**Albert Rúnar Einvarðsson**
**Kristinn Þór Guðmundsson**
**Ingibjörg Bj. Bjarnadóttir**
**Eva Lind Þuríðardóttir**
**og barnabörn.**
**Díana Þórðardóttir**
**Gyða Þórðardóttir**
**Gissur Jóhannsson**
**og fjölskylda.**



Ástkær eiginmaður, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**ÖRVAR KRISTJÁNSSON**
**harmonikkuleikari,**

lést á Landspítalanum í Fossvogi mánudaginn 7. apríl sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þökkum hlýhug og kveðjur.

**Guðbjörg B. Sigurðardóttir (Bubbý)**
**börn, tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@365.is**.

# ALLT Í
# PÁSKAMATINN

HAGKAUP
SMJÖRSPRAUTAÐ
**KALKÚNASKIP**

HAGKAUP MÆLIR MEÐ

ÞETTA EINA SANNA!



HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR **GÆÐIN**

Undanfarin 13 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári.
Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

HAGKAUPS SMJÖRSPRAUTAÐ KALKÚNASKIP
3.298 kr/kg



HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR **GÆÐIN**

FYLLT MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT

NÝTT!

HAGKAUP
**FYLLT HÁTÍÐALÆRI**
MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT

HAGKAUP MÆLIR MEÐ

HAGKAUPS FYLLT HÁTÍÐALÆRI
3.298 kr/kg

Lærin eru úrbeinuð og fást með 3 tegundum af fyllingum:

- Döðlur og gráðaostur
- Fíkjur, engifer og kanill
- Franskur Camembert

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!



HAGKAUP
**HAMBORGAR-HRYGGUR**
SÉRVALINN ÚR HÁGÆÐA HRÁEFNI

SALT MINNI

SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM ÚR HÁGÆÐA HRÁEFNI!

SALT MINNI

HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR **GÆÐIN**

HAGKAUPS HAMBORGARHRYGGUR
1.799 kr/kg
verð áður 1.999

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# MESTA ÚRVALIÐ AF PÁSKAEGGJUM?



TROÐFULLT AF NAMMI!

**Risaegg**
1.350 gr.

NÝTT!

**Nizza bragðrefur**
Með blönduðu sælgæti í skelinni.

**Konfekt egg**
Stútfullt af konfekti.

**Spadómsegg Siggu Kling**

HJÁ OKKUR FÆRÐU GOSIÐ KALT Í KÆLINUM!

NÝTT!

**Sirius Konsum**
Dökkt súkkulaði,
6 egg saman í pk.

## Úrval fyrir páskaborðið








**Valor súkkulaði**
Hágæða spænskt súkkulaði framleitt frá árinu 1881.




**Kaffi Gull**
Fyrsta blanda Te & Kaffi og hefur lengi verið ófáanleg. Til að fagna þremur áratugum bjóða Te & Kaffi upp á kaffið sem kom þeim á kortið.

Meðalristuð blanda tegunda frá S-Ameríku, Afríku og indónesíu. Góð fylling og léttkryddaður keimur prýðir þessa úrvals kaffiblöndu.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

# FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



## STYRKTI BUGL

**Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns færði barna- og unglingageðdeild Landspítala, BUGL, 250 þúsund krónur að gjöf á dögunum. Féð safnaðist á 25 ára afmælistónleikum sveitarinnar í Hörpu í fyrra.**




Nú hlýnar í veðri, bjóðum upp á

Yfirhafnadaga

15% afsláttur af öllum yfirhöfnum

Léttir frakkar, vatteraðir jakkar og þunnar dúnúlpur.

Allt fyrir fermingarnar og brúðkaupin. Frábær sumarföt fyrir fríið og golfið.

Sjáið myndirnar á facebook.com/Parisartizkan

BASLER Parisar TÍZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770




**GOTT FYRIR MELTINGUNA** Prógastró er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum.

# GÓÐA MELTINGU UM PÁSKANA

**GENGUR VEL KYNNIR** *Færð þú oft illt í magann eða verður að leggja þig eftir að hafa borðað stóra máltíð? Taktu málið í þínar hendur og prófaðu Prógastró DDS+3.*





Það kannast flestir við einkenni þess að hafa borðað mikið yfir páskana, vera útblásinn, illt í maganum og finna fyrir vanlíðan. Uppþemba og meltingarónot eru algeng vandamál í kringum hátíðir og fátt er betra til að láta sér líða vel í maganum eftir máltíðir en Prógastró DDS+3. Tvö hylki af Prógastró fyrir stóra máltíð geta létt verulega á meltingunni og þá sérstaklega ef á boðstólum er reykt kjöt, feitar sósur og því um líkt. Prógastró DD+3 er einn öflugasti asídófílusinn á markaðnum í dag. Hann inniheldur fjórar tegundir af góðgerlum sem eru bæði gall- og sýruþolnir, margfalda sig í smáþörmunum og koma þeim í frábært jafnvægi. Maginn verður glaður og við með!

**SÝRU- OG GALLÞOLNIR GERLAR**

Mikilvægt er að gerlarnir sem teknir eru séu sýru- og gallþolnir því maginn inniheldur mikla sýru og próbíótísku gerlarnir eiga mjög erfitt með að lifa af í því háa sýrustigi sem fyrirfinnst í maganum. Þörfin fyrir góðgerlana er í smáþörmunum og því þurfa þeir að lifa af ferðina í gegnum súran magann. Dr. S.K. Dash, höfundur Prógastró DDS+3, hefur þróað tækni sem gerir alla hans gerla sýruþolna. Prógastró DDS+3 þarf ekki nauðsynlega að geyma í kæli svo að á sumum sölustöðum finnst hann í hillum en samt er ráðlagt að geyma í kæli eftir opnun.

## NÁNAR

Hægt er að kaupa Prógastró DDS+3 í öllum helstu apótekum, heilsubúðum og heilsuhillum stórmarkaða og verslana. Nánari upplýsingar á www.gengurvel.is.


FYRIR VEISLUNA



Kjólar

9.990 kr.

Stærðir 38-46

FLASH

Laugaveg 54, sími: 552 5201

Sjá fleiri myndir á







Gjöf handa þér og þínum

Tékk KRISTALL

www.tk.is

Laugavegi 178 - Sími: 568 9955



SÓFAR Í ÖLLUM STÆRÐUM

Rín

Íslenskir sófar
Fyrir íslensk heimili

Basel

Þú velur
- Gerð (fleiri en 900 mismunandi útfærslur)
- Stærð (engin takmörk)
- Áklæði (yfir 3000 tegundir)

og draumasófinn þinn er klár

LAGERHREINSUN

Við ætlum að rýma fyrir nýjum vörum og
bjóðum allt að 50% afslátt

Verð nú kr. 149.000 Fullt verð 284.900

Verð nú kr. 19.000 Fullt verð 47.900

Speglar frá 5.000
Skrifstofuhillur frá 9.900
Rúm 153-193cm frá 69.000
Borðstofuborð frá 47.500
Sófaborð frá 7.500

Púðar frá 2.900
Stólar frá 2.000
Borðstofuskenkar frá 77.000
Bar skápar frá 89.000
Púðaver frá 1.000

Opið virka daga kl. 10-18
laugard. 11-16

Patti HÚSGÖGN

Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sími: 557 9510 - www.patti.is

# ÍÞRÓTT FYRIR ALLA

**SKEMMTILEG ÍÞRÓTT** *Frisbígolf hefur verið stundað hér á landi í nokkur ár og hentar fólki á öllum aldri. Fyrsta mót ársins verður haldið á skírdag.*

Ein þeirra ungu íþróttagreina sem njóta sívaxandi vinsælda hérlendis er frisbígolf. Leiknum svipar til golfs nema þar er notaður frisbídiskur í stað golfkylfu og bolta og er markmiðið að kasta disknum í tilteknar körfur í sem fæstum köstum. Frisbígolfið er upprunnið í Bandaríkjunum og hefur verið spilað þar í áratugi. Einn af upphafsmönnum íþróttarinnar hér á landi er Birgir Ómarsson, formaður Frisbígolfsambands Íslands, en hann kynntist íþróttinni þegar hann stundaði nám í Bandaríkjunum 1995. „Það er einkum tvennt sem gerir þessa íþrótt svo skemmtilega. Annars vegar getur fólk á öllum aldri stundað hana. Þú getur bæði spilað leikinn með barninu þínu og ömmu þinni á sama tíma. Hins vegar er lítill stofnkostnaður en leikmenn geta í raun notast við einn frisbídisk þótt þeir sem eru lengra komnir noti nokkrar ólíkar gerðir. Þetta er ótrúlega skemmtilegt sport.“

Nokkrir frisbígolfvellir eru á höfuðborgarsvæðinu og í sumar verða þrír nýir vellir opnaðir í Reykjavík, einn við hlið Grasagarðsins í Laugardal, annar ofarlega í Elliðaárdal og sá þriðji í Fossvogsdal.

Fyrsti frisbígolfvöllur landsins var tekinn í notkun við Úlfljótsvatn árið 1998, annar er á Gufunesi og sá þriðji er á Klambratúni. Eftir að síðastnefndi völlurinn var opnaður sumarið 2011 jókst áhuginn mikið og telur Birgir að um 1.000 manns stundi nú íþróttina að staðaldri. Hún er mest stunduð yfir sumartímann þegar veður er skaplegt en Birgir segir þó marga vera það áhugasama að þeir stundi íþróttina allt árið, sérstaklega á vellinum á Klambratúni.

Undanfarin ár hefur sambandið skipulagt Íslandsmót auk þess sem fjölmörg mót eru haldin hvert sumar. „Núna í sumar skipuleggjum við að minnsta kosti tíu mót og verður fyrsta mótið á skírdag. Við búumst við góðri þátttöku þar.“

Allar nánari upplýsingar um mótið og frisbígolf má finna á vefsíðunni folf.is.



**HENTAR ÖLLUM** Frisbígolf er ódýr og skemmtileg íþrótt sem hentar flestu fólki, segir Birgir Ómarsson, formaður Frisbígolfsambands Íslands.
MYND/VALLI

# HOLLUR OG SVALANDI

**SCANDIC HEILDVERSLUN EHF. KYNNIR** *Alo-drykkurinn er stútfullur af næringarefnum. Hann fæst í fimm gerðum og er bæði bragðgóður og svalandi.*

Alo-drykkurinn er unninn úr Aloe vera-plöntunni sem er uppfull af vítamínum, steinefnum og mikilvægum amínósýrum. Drykkurinn er unninn beint úr plöntunni sjálfri og fylgir aldinkjötið með.

Drykkurinn inniheldur ekkert duft og engin tilbúin bragð-, litar- eða rotvarnarefni. Fimm gerðir fást af drykknum sem kominn er í nýjar umbúðir með íslenskum innihaldslýsingum. Drykkurinn er í senn bragðgóður og svalandi og hentar bæði með mat og sem millimál. Hann er sömuleiðis góður sem viðbót í hvers kyns „boost“. Drykkurinn viðheldur vökvajafnvægi líkamans og er vinsæll hjá íþróttamönnum. Exposed-drykkurinn er sá upprunalegi og jafnframt þekktasti. Hann er bragðbættur með hunangi en hinir innihalda auk Aloe vera ýmiss konar ber og ávexti.

Allar nánari upplýsingar er að finna á www.facebook.com/AlOdrinkIsland og í síma 864-7087.

**AWAKEN:**
**HVEITIGRAS... NÚNA GOTT Á BRAGÐIÐ**
Þessi drykkur gefur skjóta orku en einn snafs samsvarar einum kaffibolla. Drykkurinn sameinar orkuna í hveitigrasinu og heilsusamleg áhrif Aloe vera í einum sopa.

**ENRICH:**
**MEÐ GRANATEPLUM OG TRÖNUBERJUM**
Margir trúa því að granateplið hafi verið hinn forboðni ávöxtur í aldingarðinum Eden. Granateplið er enn í dag tákn gnægðar, frjósemi og gæfu. Það er þekkt fyrir höfugt bragð og heilsusamlega eiginleika. Hér er því blandað við trönuber og Aloe vera-safa.

**EXPOSED:**
**ALOE VERA OG HUNANG**
Þetta er sá upprunalegi og jafnframt þekktasti. Margir hafa notað Aloe vera við sólbruna og til að kæla og græða sár. Plantan er uppfull af vítamínum, steinefnum og amínósýrum en drykkinn má nota sem grunn að heilbrigðu líferni. Hann er auk þess bragðgóður og svalandi.

**ALLURE:**
**MANGÓ/TANGÓ**
Mangóstan, eða gullaldin, er talið hafa kælandi áhrif. Í ALO Allure blandast suðrænu frændurnir, hinn ofurnæringarríki mangó og mangóstan, við Aloe vera. Upplifunin er hressandi.

**APPEAL:**
**DIVINE CITRUS**
Kínverskt greipaldin er upprunnið í Suðaustur-Asíu. Það er eins og greipaldin á sterum. Þetta er nýjasti drykkurinn en hér er hinu kínverska greipaldini blandað við litla frænda, rautt greipaldin, sítrónu og Aloe vera. Úr verður frískandi sítrusdrykkur.




www.fi.is

Fræðslu- og myndakvöld
Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi
Eldgosið í Eyjafjallajökli 2010

Í sal FÍ 16. apríl, kl. 20:00
Hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi
Halldór Björnsson veðurfræðingur fræðir okkur um hnattrænar loftslagsbreytingar og áhrif þeirra á Íslandi.
Eldgosið í Eyjafjallajökli 2010; á norðurslóðum, Svalbarði og nágrenni
Að loknu kaffihléi mun Kerstin Langenberger fv. skálvörður FÍ sýna myndir frá Eyjafjallajökulsgosinu 2010 og frá ferð sinni norður til Svalbarða og nágrennis.
Aðgangseyrir kr. 600, innifalið kaffi og kleinur
Allir velkomnir!

FERÐAFÉLAG ÍSLANDS
Mörkinni 6 | 108 Reykjavík | S: 568 2533 | www.fi.is

**FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ** sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

Útgefandi: **365 miðlar** | Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Sölumenn: **Bryndís Hauksdóttir,** bryndis@365.is, s. 512 5434
**Kolbeinn Kolbeinsson,** kolli@365.is, s. 512-5447
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**

# SUMARDEKK

ÞRIÐJUDAGUR **15. APRÍL 2014**

**Kynningarblað** Dekk, felgur, Formúlan og samanburður á hjólbörðum.



VORBOMBA · VORBOMBA ·

**Fólksbílar**
Dekkjastærð 13" - 16"
**4.990,-**

**Jepplingar**
**5.990,-**

**Jeppar**
Dekkjastærð undir 33"
**7.990,-**

- **Dekkjahótel** (geymsla á dekkjum)
- **Dekk og felgur í úrvali**
- **Snyrtileg aðstaða og**
- **Alltaf heitt á könnunni**

MasterCard VISA
LÉTT GREIÐSLUR

Dekkjahúsið
Dalbrekku 17, Kópavogi
Sími: 55 33 100
dekkjahusid@dekkjahusid.is
30 ára reynsla og þekking









Hjólbarðar mynda einu snertingu ökutækis við veginn og því er mikilvægt að hjólbarðar séu ávallt í góðu lagi og með réttum loftþrýstingi.

# Jarðtenging við vegi

**Seljendum hjólbarða er skylt að hafa upplýsingar um samræmdar gæðaprófanir hjólbarða á þar til gerðum merkingum sem límdar eru á hjólbarðana. Um það kveða reglur sem tóku gildi 1. nóvember 2012. Þar með geta kaupendur gert mjög áreiðanlegan samanburð á gæðum, kostum og öryggi hjólbarða.**

Umferðarstofa hvetur bíleigendur eindregið til að gera samanburð á hjólbörðum með tilliti til öryggis og kostnaðar. Í einhverjum tilfellum eru dýrari hjólbarðar endingarbetri og getur raunkostnaður þeirra því verið minni.

Hjólbarðar mynda einu snertingu bílsins við veginn. Því er mikilvægt að hjólbarðar séu alltaf í góðu lagi og ættu ökumenn að athuga ástand þeirra reglulega.

Eftirtalin atriði skyldi ávallt hafa í huga varðandi hjólbarða:

### Loftþrýstingur

Athugið hvort loftþrýstingur sé réttur miðað við stærð hjólbarða. Sé loftþrýstingur of mikill eða of lítill minnkar snertiflötur hjólbarðanna og veggrip þeirra um leið. Upplýsingar um réttan loftþrýsting er yfirleitt að finna í handbók bílsins en einnig má spyrjast fyrir hjá aðilum sem þekkja vel til, svo sem bifvélavirkjum, starfsmönnum hjólbarðaverkstæða og skoðunarstöðva.

Jafn loftþrýstingur í hjólbörðunum er einnig mikilvægur; að sami þrýstingur sé í hvoru afturhjóli og sami þrýstingur í hvoru framhjóli.

### Mynstur og slit hjólbarða

Bíleigendur þurfa að fylgjast með sliti á hjólbörðum bíla sinna enda minnkar veggrip þeirra við slit og þar með öryggi. Samkvæmt reglugerð má dýpt mynsturraufa í hjólbarða ekki vera minni en 1,6 mm.

### Sama gerð hjólbarða undir öllum bílnum

Hjólbarðar undir bifreið sem er 3.500 kíló eða minna að leyfðri heildarþyngd skulu allir vera sömu gerðar.

### Hjólbarðar sem hæfa aðstæðum

Afar brýnt er að ökumenn noti ávallt dekk sem hæfa aðstæðum sem þeir aka við hverju sinni. Þannig gengur engan veginn að aka um á sléttum sumardekkjum í hálku eða ófærð. Ökumönnum ber þó ekki skylda samkvæmt umferðarlögum til að nota vetrarhjólbarða þegar vetrarfærð ríkir þótt eindregið sé mælt með því.

### Hjólbarðastærð og áhrif á hraða

Ökutæki skráð á Íslandi eru flutt til landsins með fyrir fram ákveðna stærð af hjólbörðum, sem er mjög mismunandi eftir ökutæki og framleiðanda. Þessir hjólbarðar slitna eins og aðrir hjólbarðar og þarf að skipta út með tímanum. Þá er mikilvægt að ekki séu settir minni eða stærri hjólbarðar undir ökutækið í staðinn. Við það að setja minni hjólbarða undir ökutækið fer það hægar en hraðamælir gefur til kynna og séu stærri hjólbarðar settir undir ökutækið verður hraðinn meiri en hraðamælir gefur tilkynna.

Frávik eru leyfð á milli hraða og hraðamælis. Leyfilegt frávik hraðamælis er allt að 10 prósent yfir raunhraða að viðbættum 4 km/klst. Hraðamælir má aldrei sýna meira en 4 prósentum minni hraða en raunhraða.

*Heimild: Umferðarstofa.*




## STÆRSTI FRAMLEIÐANDI DEKKJA

**Þótt danski** leikfangarisinn LEGO framleiði ekki hefðbundin dekk getur fyrirtækið þó státað af því að vera stærsti framleiðandi dekkja í heiminum.

**Árið 2012,** sama ár og fyrirtækið fagnaði 50 ára afmæli LEGO-dekksins, hlaut það viðurkenningu frá Heimsmetabók Guinness sem stærsti framleiðandi dekkja í heiminum en árið 2012 framleiddi LEGO 318 milljónir dekkja. Það þýðir að á hverjum degi eru framleidd yfir 870.000 dekk í verksmiðjum fyrirtækisins, víða um heim.



**Verksmiðjur LEGO** framleiða dekk allan sólarhringinn, 365 daga ársins, enda hefur yfir helmingur leikfanga fyrirtækisins einhvers konar dekk.

**Áður en** fyrsta LEGO-dekkið var framleitt og sett á markað árið 1962 voru hefðbundnir kubbar notaðir til að útbúa dekk. Fyrsta LEGO-dekkið tilheyrði leikfangasetti nr. 400 frá fyrirtækinu. Þar mátti meðal annars finna sjúkrabíl og slökkviliðsbíl. Fimm árum síðar var settið það söluhæsta hjá fyrirtækinu en þá seldust rúmlega 820 þúsund kassar á heimsvísu.

**Minnsta dekkið** er 14,4 millimetrar og tilheyrir litlum tveggja sæta bíl. Stærsta dekkið er hins vegar 10,7 sentímetrar og er undir Power Puller-tryllitækinu.

**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000
**Umsjónarmenn auglýsinga:** Kolbeinn Kolbeinsson, kkolbeins@365.is, s.512-5447
**Ábyrgðarmaður:** Jón Laufdal.

# Er sumarið komið í umferð hjá þér?

Nú er tími sumardekkjanna kominn og því hvetjum við bíleigendur til að fá aðstoð fagmanna okkar við val á dekkjum með rétta eiginleika,- **það er öruggast.**

Dekkin eru eina snerting bílsins við veginn og öryggi þitt veltur því á gæðum þeirra. Við hjá Bílabúð Benna búum að áratuga reynslu og vitum að mikill munur er á gæðum og endingu þeirra dekkja sem eru í boði á markaðnum.



Við erum á Facebook | Bjóðum vaxtalaus lán frá Visa og Mastercard í allt að 12 mánuði | Nánari upplýsingar á benni.is | **Umboðsmenn um land allt**



PIRELLI · TOYO TIRES driven to perform · BFGoodrich Tires TAKE CONTROL · MAXXIS · INTERSTATE TIRES

NESDEKK Reykjavík Reykjanesbæ

**Þjónustusími: 561 4200**

**Reykjavík**: Fiskislóð 30 og Grjóthálsi 10
**Reykjanesbæ:** Njarðarbraut 9

Bílabúð Benna
*Sérfræðingar í bílum*

**Bílabúð Benna - Dekkjaþjónusta**

Reykjavík • Tangarhöfða 8 • Sími: 590 2045
www.benni.is • Þjónustuborð: 590 2000





# Hvert dekk vegur aðeins níu kíló

Dekk skipta höfuðmáli í Formúlu 1-kappakstrinum. Mikil þróunarvinna liggur að baki dekkjunum sem notuð eru. Framleiðendur á borð við Avon, Bridgestone, Continental Dunlop, Englebert, Firestone, Goodyear, Michelin og Pirelli hafa spreytt sig á gerð þeirra.

Dekkin sem notuð eru í Formúlu 1-kappakstrinum eiga fátt skylt við venjuleg bíladekk. Á venjulegum dekkjum má aka allt að 80 þúsund kílómetra en formúludekkin aftur á móti eru smíðuð til að endast hluta úr einni keppni. Þessi skammi endingartími kemur til af því ofboðslega álagi sem er á dekkjunum í keppninni.

Skipt er um dekk minnst einu sinni í hverri keppni. Reyndar var bannað að skipta um dekk árið 2005 og því þurfti sami dekkjagangurinn að endast alla keppnina eða um 300 km. Þessi regla var afturkölluð strax árið eftir og skipti þar mestu atvik sem upp kom í bandarísku formúlukeppninni árið 2005. Þá lenti Ralf Schumacher, sem ók fyrir Toyota, í harkalegum árekstri í 13. beygju í Indianapolis-brautinni. Ástæðan var bilun í hægra afturdekki. Æðimörg vandamál komu upp tengd Michelin-dekkjum í keppninni. Að lokum voru aðeins sex keppendur eftir, allir ökumenn í liðum sem voru með Bridgestone-dekk.

Nokkrir dekkjaframleiðendur hafa þróað og framleitt dekk í Formúlu 1 í gegnum tíðina. Þetta eru Avon, Bridgestone, Continental, Dunlop, Englebert, Firestone, Goodyear og Michelin. Pirelli hefur frá árinu 2011 haft einkarétt á því að skaffa dekk í keppnina.

Dekkin sem notuð eru í Formúlunni í dag eru flest slétt. Á árunum 1998 til 2008 kröfðust reglur þess að minnst fjórar rásir væru í öllum dekkjum og var það gert til að hægja á bílunum. Þessari reglu var breytt árið 2009 þegar sléttu dekkin fóru undir bílana á ný.

Í blautu veðri eru hins vegar notuð annars konar dekk með rásum sem kljúfa vatnið betur. Í miklu vatnsveðri hafa dekkin þó ekki við að kljúfa vatnið. Þá halda formúlubílarnir ekki í við öryggisbílinn þar sem dekkin fljóta ofan á vatninu. Í slíkum tilfellum er keppni frestað.

Í hverri keppni eru tvær gerðir af sléttum dekkjum í boði, hörð dekk sem endast betur og gefa minna grip og mýkri dekk sem gefa meira grip en endast verr. Liðin verða að nota báðar týpurnar í keppninni. Þó er gerð undantekning ef notuð eru bleytudekk.

Reglurnar kveða einnig á um að ökumenn sem komast áfram eftir tímatöku verði að byrja keppni á sömu dekkjum og voru notuð í hraðasta hringnum í tímatökunni.

## ENDURKOMA PIRELLI

**Pirelli sér** öllum tólf liðum Formúlu 1 fyrir dekkjum. Dekkjaframleiðandinn sneri aftur í keppnina eftir nokkurt hlé árið 2009 en hafði þá ekki komið að henni síðan 1991.

Nokkrar staðreyndir um Pirelli-formúludekkin:

**Bleytudekkin geta** tvístrað meira en 60 lítrum af vatni á sekúndu þegar ekið er á 300 km hraða á klukkustund.

**Pirelli framleiðir** um 50 þúsund dekk fyrir hvert keppnistímabil.

**Öll formúludekkin** eru búin til í verksmiðju Pirelli í Izmit í Tyrklandi.

**Í hverri** keppni er Pirelli með 15 bíla á sínum snærum og 50 starfsmenn, þar af einn verkfræðing fyrir hvert lið.

**Hvert framhjól** vegur um níu kíló. Afturhjólin eru eilítið þyngri.

**Dekkin virka** best við um 90 gráðu hita.

### Skipt á mettíma

Dekkjaskipti í Formúlu 1 taka aðeins örfáar sekúndur. Heimsmetið á lið Red Bull sem skipti um öll fjögur dekkin á 1,9 sekúndum í kappakstrinum í Austin í Bandaríkjunum í fyrra.



Sebastian Vettel hjá Red Bull-liðinu kælir dekkin á bíl sínum eftir að hann varð fyrstur í tímatöku í keppni á Indlandi í fyrra. NORDICPHOTOS/GETTY



Dekk fyrir blauta braut eru með raufarmynstur í ysta byrði. Tvær týpur eru til, annars vegar miðlungsbleytudekk fyrir raka braut og þegar veðurspá er óljós og hins vegar fullbleytudekk fyrir rigningu.



Dekk fyrir þurrt veður eru þekkt undir nafninu „slicks". Þau eru framleidd í fjórum gerðum; mjög mjúk, mjúk, miðlungs og hörð. Aðstæður hverju sinni, gerð malbiks, fjöldi krappra beygja og hámarkshraði ráða hvaða gerð er notuð hverju sinni.

www.n1.is facebook.com/enneinn




MICHELIN Quality Dealer 2014



Michelin Primacy 3

- Frábært undir fjölskyldubílinn og stærri fólksbíla
- Endingargott og sparar eldsneyti
- Besta dekkið – hæsta heildarskor í könnun Autobild 2014



Michelin Energy Saver +

- Undir smærri bíla, meðalstóra og fjölskyldubíla
- Umhverfisvænt, endingargott og stutt hemlunarvegalengd
- Sumardekk ársins 2013 samkvæmt gæða- og öryggisprófum ADAC



Michelin Pilot Sport 3

- Algjör lúxus undir kraftmikla sportbíla
- Gefur gott grip og bætir aksturseiginleika
- Dekk fyrir kröfuharða eigendur sportlegra lúxusbíla

Hjólbarðaþjónusta N1:

| | | | |
|---|---|---|---|
| Bíldshöfða | 440-1318 | Langatanga Mosfellsbæ | 440-1378 |
| Fellsmúla | 440-1322 | Reykjavíkurvegi Hafnarfirði | 440-1374 |
| Réttarhálsi | 440-1326 | Grænásbraut Reykjanesbæ | 440-1372 |
| Ægissíðu | 440-1320 | Dalbraut Akranesi | 440-1394 |

Opið
mánudaga-föstudaga kl. 08-18
laugardaga kl. 09-13

www.n1.is www.dekk.is

N1

ÍSLENSKA/SIA.IS ENN 68624 04/14



Dekkjasalan býður upp á mikið úrval af dekkjum og felgum. Valdimar Sigurjónsson, eigandi Dekkjasölunnar, er lengst til hægri. MYND/GVA

# Landsins mesta úrval af dekkjum?

**Á fjórum árum hefur Dekkjasalan styrkt sig í sessi sem einn öflugasti dekkja- og felguseljandi hérlendis. Nýlega opnaði fyrirtækið fullkomið dekkjaverkstæði og getur því þjónustað viðskiptavini sína enn betur en áður.**

Dekkjasalan ehf. í Hafnarfirði er nú að hefja fimmta starfsár sitt en 20. apríl árið 2010 opnaði Dekkjasalan umboðssölu með dekk og felgur að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði. Miklar breytingar hafa átt sér stað á þessu tímabili og þjónustustig fyrirtækisins hefur hækkað með hverju árinu sem líður að sögn Valdimars Sigurjónssonar, eiganda fyrirtækisins. „Þegar fyrirtækið byrjaði var lögð áhersla á umboðssölu með notuð dekk og felgur. Það sem kom á óvart var það magn af felgum sem kom í umboðssölu. Þróunin varð því strax í þá átt að þjónusta þann markað vel.“

Valdimar segir fyrirtækið hafa gert það með því að bjóða viðskiptavinum upp á ýmsa valkosti. „Við erum með úrval af nýjum felgum ásamt því að pólýhúða notaðar felgur og gera þær eins og nýjar, eða kannski má segja betri en nýjar vegna þess hversu slitsterk pólýhúðunin er. Einnig erum við með allar helstu gerðir af nýjum dekkjum á mjög góðu verði. Aðalbreytingin er samt sem áður sú að við höfum opnað fullkomið dekkjaverkstæði hérna í húsinu við hliðina og getum því afkastað mun fleiri bílum ásamt því að öll aðstaða fyrir viðskiptavini er nú til fyrirmyndar.“

## Fjögur þúsund felgur á söluskrá

Lager Dekkjasölunnar er vel nýttur. „Hér er mikið magn af dekkjum og felgum sem tekur mikið pláss. Segja má að hver fersentímetri sé nýttur hér, ef ekki undir dekk og felgur þá aukahluti eins og felguboltar, miðjulok í álfelgur, hjólkoppar og fleira sem tilheyrir hjólabúnaði bílsins.“

Á þessum árstíma er lagerinn alveg í hámarki enda vortörnin að byrja að sögn Valdimars. „Ætli það séu ekki um það bil fjögur þúsund felgur á lagernum núna. Þá eru ekki taldar með felgurnar sem við eigum til að lána undir bíla sem eru að koma í pólýhúðun. Við eigum um 20 mismunandi ganga af dekkjum á felgum sem eru klárir til að bílarnir stoppi ekki hjá viðskiptavinum meðan verið er að vinna í felgunum. Einnig reynum við að eiga sem flestar gerðir af felgum klárar til þess að geta klárað þetta strax. Þá tökum við einfaldlega gömlu felgurnar upp í þær nýpólýhúðuðu.“

## Myndir af dekkjum og felgum

Þess má geta að myndir af öllum dekkjum og felgum eru á heimasíðu fyrirtækisins www.dekkjasalan.is ásamt öllum upplýsingum um verð hverrar vöru.

Vöruhús Dekkjasölunnar er að Dalshrauni 16 í Hafnarfirði. Opið er frá klukkan 8 til 18 virka daga og frá klukkan 10 til 16 á laugardögum. Símanúmerið er 587-3757 og einnig er hægt að hafa samband gegnum tölvupóst á netfangið dekkjasalan@dekkjasalan.is.



Myndir af öllum felgum og dekkjum er að finna á www.dekkjasalan.is. MYND/GVA

## VERÐKÖNNUN FÍB



**Sumarhjólbarðar þurfa** umfram vetrarhjólbarða að vera slitþolnir og þola hraðan akstur á sumarheitum og þurrum vegum langtímum saman en þeir þurfa líka að vera mynstraðir þannig að þeir hrindi vatni vel frá sér og haldi veggripi vel í bleytunni. Framleiðendur ódýrra hjólbarða ráða illa við að bæta aksturseiginleika í bleytu auk þess sem öryggið er verra. Hemlunarvegalengd sama bíls á lélegum dekkjagangi í bleytu er miklu lengri en ef hann er á dekkjagangi af góðri tegund.

**Félag íslenskra** bifreiðaeigenda, FÍB, gerði á dögunum verðkönnun á sumarhjólbörðum. Í könnuninni var spurt um verð á fjórum hjólbörðum eða einum hjólbarðagangi undir bílinn. Könnunin var gerð í 15. viku þessa árs. Spurt var um verð á nýjum hjólbörðum af tveimur algengum stærðum hjólbarða fyrir fólksbifreiðar og jeppa/jepplinga. Beðið var annars vegar um verð á sumarhjólbörðum fyrir fólksbíla, stærð 195 / 65 R15 og hins vegar verð sumarhjólbarða fyrir jeppa/jepplinga af stærð 235 / 65 R17.

**Marktæk svör** bárust frá 21 seljanda. Verð í könnuninni er listaverð og án afsláttar en margir seljendur bjóða margvíslegan afslátt.

**Ódýrasti dekkjagangurinn** í fólksbílaflokki er SONAR SC608-dekk frá Dekkjahöllinni þar sem umgangurinn kostar 43.856 krónur. Í flokki jepplingadekkja er Aoteli Ecosaver-dekkjagangur frá Sólningu ódýrastur á 91.600 krónur. Nánari upplýsingar um verðkönnunina má nálgast á vefnum www.fib.is.






Eyðimerkur Namibíu eru einstök náttúrufyrirbæri. Á myndinni sést jeppinn sem notaður var í ferðalaginu. MYND/GÍSLI JÓNSSON

# Á jeppa í Afríku

**Afríka er heil veröld út af fyrir sig. Heimsálfan býr yfir stórkostlegri náttúru, mjög fjölbreyttu dýralífi og vinalegu fólki sem tekur vel á móti gestum. Vinirnir Gísli og Stína keyrðu á sérútbúnum jeppa um sex lönd á sex vikum sem reyndist mikið ævintýri frá upphafi til enda.**

Íslenska fyrirtækið Arctic Trucks hefur um nokkurra ára skeið tekið þátt í mörgum verkefnum á Suðurpólnum. Vegna umfangs þeirra þurfti fyrirtækið að reisa verkstæði í Suður-Afríku fyrir nokkrum árum og þar kynntist einn starfsmanna þess, Gísli Jónsson, suðurhluta Afríku. Hann hreifst svo af fallegri náttúru og vinalegum landsmönnum að hann skipulagði, ásamt vinkonu sinni Önnu Kristínu Bang Pétursdóttur, sex vikna jeppaferð um Suður-Afríku, Namibíu, Botsvana, Sambíu, Simbabve og Mósambík. „Ég hafði sjálfur starfað þarna í nokkra mánuði og kynnst innfæddum. Stína las sér mikið til um allar aðstæður og í sameiningu smíðuðum við ferðaplanið.“

Ferðafélagarnir fengu lánaðan Toyota Hilux-jeppa hjá kunningja Gísla sem býr í Jóhannesarborg og þar hófst ferðalagið í upphafi árs 2011. Jeppinn var vel útbúinn og var meðal annars með tjald á toppnum. Fyrir vikið þurftu þau aldrei að gista á hótelum eða gistiheimilum á meðan á dvöl þeirra stóð.

„Jeppinn var meðal annars útbúinn með grófum 33 tommu dekkjum, ARB-læsingum, uppfærðri fjöðrun og 160 lítra eldsneytistönkum því það er slæmt að verða bensínlaus í Afríku utan alfaraleiðar. Auk þess var jeppinn með toppgrind, húsi á palli með skúffukerfi og ísskáp og ýmsum öðrum búnaði.“



Gísli Jónsson með hina stórkostlegu Viktoríufossa í baksýn. MYND/GÍSLI JÓNSSON

Náttúrufegurð Afríku er stórbrotin og segir Gísli þau hafa séð marga ótrúlega fallega staði og kynnst um leið hlýju heimamanna. „Mér fannst þó Namibía og Botsvana standa upp úr. Í Namibíu búa um 3,3 milljónir manna en landið er tíu sinnum stærra en Ísland. Landið er því mjög strjálbýlt og ekkert fólk að finna á stórum svæðum. Náttúrufegurðin er alveg mögnuð og dýralífið mjög fjölbreytt. Á sama svæði sáum við fíla, gíraffa og antilópur hlaupa um, ljón labba eftir slóðanum eftir góða máltíð og krókódíla svamla innan um flóðhesta. Hrægammarnir sátu svo uppi í tré og biðu eftir að hýenurnar hyrfu af braut.“

### Mjög góður matur

Sem fyrr segir gistu þau í tjaldi á toppi jeppans sem gerði allt skipulag auðveldara að sögn Gísla. „Auðvitað er hægt að gista á flestum stöðum en það gaf okkur mikið frjálsræði að gista í tjaldi. Við vorum sjálfstæðari fyrir vikið og ef okkur leist ekki á aðstæður á einum gististað héldum við bara áfram ferðalaginu. Það skipti raunar öllu máli í ferðalagi okkar; að vera sjálfstæður og geta tekið eigin ákvarðanir varðandi gistingu og hvað við borðuðum.“

Að sögn Gísla var maturinn á þessum slóðum mjög góður, sérstaklega í Suður-Afríku, Namibíu og Botsvana. „Þegar við vorum komin til Sambíu var maturinn orðinn meira framandi þar sem við smökkuðum til dæmis steikta ánamaðka og sitthvað fleira. Í það heila var þetta eitthvert stórkostlegasta ferðalag sem ég hef upplifað og ég væri svo sannarlega til í frekari ferðalög á þessum slóðum í framtíðinni.“






DEKKJAHÖLLIN

**AKUREYRI**
Draupnisgötu 5
462 3002

**EGILSSTAÐIR**
Þverklettum 1
471 2002

**REYKJAVÍK**
Skeifunni 5
581 3002

**REYKJAVÍK**
Skútuvogi 12
581 3022

Skoðaðu úrvalið á vefnum okkar:
www.dekkjahollin.is

facebook /dekkjahollin

Framúrskarandi fyrirtæki 2010 -13

## SAGA DEKKSINS

**Fyrirrennarar dekkjanna** voru tréhjól sem umlukin voru járnhring og síðar stálhring. Slík „dekk“ voru notuð undir kerrur og vagna. Járnræmur voru þá hitaðar í eldi, settar utan á hjólið og kældar. Þannig dróst járnið saman og festist tryggilega við hjólið. Vagnasmiður sá um þessa smíði.

**Fyrsta loftfyllta** dekkið var búið til af uppfinningamanninum John Boyd Dunlop árið 1887. Hann starfaði sem dýralæknir í Belfast og ákvað að finna lausn á vanda sonar síns sem fékk alltaf mikinn höfuðverk þegar hann hjólaði á hörðum götum. Reyndar var einkaleyfi Dunlop lýst ógilt þar sem Skotinn Robert William Thomson átti svipaða hugmynd aðeins fyrr.

**Önnur merkileg** tímamót í sögu dekksins voru þegar Charles Goodyear og Robert William Thomson uppgötvuðu gúmmísuðu.

**Gervigúmmí var** síðan fundið upp í rannsóknarstofum Bayer á þriðja áratugnum.





### Hjólbarðaskipti

Aðferð:

- Setjið bílinn í gír, handhemilinn á og steina við hjól, ef þörf krefur.
- Setjið viðvörunarþríhyrning 50 til 100 metrum fyrir aftan bílinn.
- Takið hjólkoppinn af og losið um allar felgur, en takið þær ekki af.
- Náið í varahjólbarðann og tjakk. Stillið tjakkinn undir bílinn. Upplýsingar um hvar hann er og hvar á að setja hann undir eru í eigendahandbók bílsins.
- Tjakkið bílinn upp þar til hjólbarðinn sem skipta á um er í lausu lofti.
- Skrúfið felguræр af og takið sprungna hjólbarðann undan.
- Setjið varahjólbarðann undir og skrúfið rærnar að. Sú hlið róarinnar sem er með úrtakinu (kóníska hliðin) á að snúa að hjólbarðanum (felgunni). Herðið rær á misvíxl, þannig að felgan sitji rétt á.
- Slakið bílnum niður, takið tjakkinn undan og herðið allar rærnar aftur. Setjið hjólkoppinn á.

*Heimild: Umferðarstofa*



### ÖRYGGISAPP

**Tire Facts-appið** frá Tire Safety Group veitir ókeypis dekkjaupplýsingar beint í símann. Þar er að finna allar helstu upplýsingar af heimasíðu Tire Safety Group en með því að skrá inn DOT-kóða dekkja, sem gefur meðal annars upplýsingar um stærð og framleiðsludag, fást nauðsynlegar upplýsingar um endingartíma. Þá fá eigendur tilkynningu ef dekk þeirra hafa verið innkölluð en margir eru grunlausir um það.

**Dekk ætti** ekki að nota lengur en í sex ár og lætur appið vita hversu mikið þau eiga eftir.

**DOT-kóðinn er** letraður í hliðar dekksins. DOT stendur fyrir The U.S. Department of Transportation og í kjölfarið má lesa tölur og bókstafi sem segja til um framleiðanda og framleiðsludag.

**Appið er** uppfært á sólarhringsfresti. Það má nálgast á www.tiresafetygroup.com.




SUMAR ÚTSALA
25%
AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM LEGSTEINUM
Við bjóðum
VARANLEGT LETUR
sem endist í yfir 100 ár
Hér hvílir
Auðúlfur Stórólfsson
f. 1.2.1895 d. 2.3.1991
Blessuð sé minning hans
Endurmerkjum
eldri legsteina
með varanlegu letri
Graníthöllin
Legsteinar
www.granitholllin.is
Bæjarhrauni 26, Hafnarfirði
555-3888

## BÍLAR & FARARTÆKI

hjól.is
bestir í hjólum..



Honda VFR 800 2008 ekið 7 þús km Ásett verð 1190 þús Rnr. 124846 gsm.8998471

**NÚ ER TÍMINN !!**

Besti sölutíminn framundan, mikil sala, vantar allar gerðir af hjólum á skrá og staðinn !!

**hjól.is**
**Sími: 577 4565**
**Erum með yfir 100 tæki á staðnum........Kíktu í heimsókn!!!**
**www.hjol.is**




SUZUKI



Suzuki Fjórgengis utanborðsmótorar. Nettir, Léttir, Sparneytnir, Hljóðlátir, Öruggir og Áreiðanlegir. Eigum flestar stærðir á lager.

**Suzuki Umboðið ehf**
**SKEIFAN 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 565-1725**
**SUZUKI@SUZUKI.IS**
**WWW.SUZUKI.IS**

bilauppbod.is

**ÞARFTU AÐ KAUPA EÐA SELJA BÍL?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



**GULLMOLINN TIL SÖLU.**

Renault Kangoo Express árg 2003. Ekinn 146 þús km. Bensín 5 gíra. Skoðaður 2014. Góð sumar og vetrardekk. Fæst fyrir 500 þús. Uppl. hjá Halldóri sími 520-1800



Til sölu Toyota Landcruiser VX 120 árg. 2008, ekinn 122þús, sjálfskiptur,breyttur í 33",bíll í toppstandi.



**TOMBÓLUVERÐ !**

MMC CARISMA ,98, EK 170 Þ. Ny skoðaður. Ný smurður og yfirfarinn. Verð aðeins kr. 350 þ. Í toppstand. Svolitlar lakkskemdir. Uppl í s. 868-3144




Rafbíllinn Ókeypis. Láttu bensín sparnaðinn borga bílinn. Kynntu þér reynslu annarra viðskiptavina okkar á islandus.is. Nissan Leaf frá 2.995þús. Tilboð á Toyota, Ford, Chevrolet og Tesla. Útsölutilboð á sýningabílum, eftirársbílum, rafbílum, metan/bensín/díselbílum. Íslensk ábyrgð og allt að 100% fjármögnun í boði. islandus. is - S.5522000

Volvo S40 2,4 árg.'08, ek. 111 þ. Ásett 2490 þ. Tilboð 1850 þ. Sjálfsk, álfelgur og leðuráklæði S. 698 4828

### 250-499 þús.



**TILBOÐSVERÐ AÐEINS 490ÞÚS, STGR.**

Peugeot 307 árg ,01 ek. 162þús km. bsk, skoðaður. 5d. ný heilsársdekk. mjög eyðslugrannur. ásett verð 690þús. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. uppl í s:659-9696



**FRÁBÆR EYÐSLUGRANNUR FERÐABÍLL**

Honda HR-V 1.6 árg ,00. ekinn 181þús km. beinskiptur. ný skoðaður. ný yfirfarinn á verkstæði. heilsársdekk. flottur og skemmtilegur bíll. ásett 680þús. Tilboðsverð aðeins 490þús stgr. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696

### 500-999 þús.



**VW FOX DISEL !**

Mögulega eyðslu minnsti bíll sem að þú munt nokkurn tíman eiga ! VW Fox disel 1.4 árg ,06 ek. 141þús km. 3dyra. 4m. bsk. eyðsla ca 4L/100km. sko'15. ásett 1.050þús. Tilboðsverð 890þús. möguleiki á 100% vísaláni. s:659-9696



**SJÁLFSKIPTUR-100% VÍSALÁN !**

NISSAN PRIMERA ACENTA 2004 ek.151 þús, sjálfskiptur, ný skoðaður 15, bakkmyndavél, magazine, ofl. mjög góður akstursbíll, ásett verð 950 þús TILBOÐ 690 ÞÚS möguleiki á 100% visaláni s.841 8955

## Bílar óskast



**STAÐGREIÐI BÍLA 0-500 ÞÚS!**

Óska eftir að kaupa bíla á allt að 300 þús. staðgreitt! Þeir mega þarfnast lagfæringa helst ekki eldri en ,01, skoða allt er með pening og pappíra klára og get gengið frá kaupum strax, ef mér lýst vel á. Uppl. s. 691 9374.

**BÍLL ÓSKAST Á 25-250ÞÚS.**
Má þarfnast lagfæringa.
**Hringdu S. 615 1815 eða sendu sms.**

**KAUPI BÍLA FYRIR ALLT AÐ 800 ÞÚS.STGR!!**

Óska eftir að kaupa bíla fyrir allt að 500þús. staðgreitt. Er með pappíra og pening til að ganga frá því samdægurs ef að samningar nást. Bíllinn má þarfnast lagfæringar og/eða skoðunar. skoða allar tegundir. Hringdu í síma: 659-9696 eða sendu email á 6599696@gmail.com




# ALLT Í
# PÁSKAMATINN

HAGKAUP
SMJÖRSPRAUTAÐ
**KALKÚNASKIP**
HAGKAUP MÆLIR MEÐ

ÞETTA EINA SANNA!

Undanfarin 13 ár hefur Hagkaup boðið upp á smjörsprautað kalkúnaskip sem er algjört lostæti og hefur slegið rækilega í gegn á hverju ári.
Það er tilbúið beint í ofninn og eldamennskan ofur einföld.

HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR
**GÆÐIN**



HAGKAUPS
SMJÖRSPRAUTAÐ
KALKÚNASKIP
3.298 kr/kg

HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR
**GÆÐIN**



FYLLT MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT

NÝTT!

HAGKAUP
**FYLLT HÁTÍÐALÆRI**
MEÐ FRÖNSKUM CAMEMBERT
HAGKAUP MÆLIR MEÐ

HAGKAUPS
FYLLT
HÁTÍÐALÆRI
3.298 kr/kg

Lærin eru úrbeinuð og fást með 3 tegundum af fyllingum:

- Döðlur og gráðaostur
- Fíkjur, engifer og kanill
- Franskur Camembert

Þarf ekki að sjóða! Aðeins 90 mín. í ofni!



SÉRVALINN AF FAGMÖNNUM ÚR HÁGÆÐA HRÁEFNI!

SALT MINNI

HAGKAUP
**HAMBORGAR-HRYGGUR**
SÉRVALINN ÚR HÁGÆÐA HRÁEFNI
SALT MINNI

HAGKAUP
MERKIÐ TRYGGIR
**GÆÐIN**

HAGKAUPS
HAMBORGAR-
HRYGGUR
1.799 kr/kg
verð áður 1.999

**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

# MESTA ÚRVALIÐ
## AF PÁSKAEGGJUM?



TROÐFULLT AF NAMMI!

**Risaegg**
1.350 gr.

NÝTT!

**Nizza bragðrefur**
Með blönduðu sælgæti í skelinni.

**Konfekt egg**
Stútfullt af konfekti.

HJÁ OKKUR FÆRÐU GOSIÐ KALT Í KÆLINUM!

**Spadómsegg Siggu Kling**

NÝTT!

**Sirius Konsum**
Dökkt súkkulaði,
6 egg saman í pk.

## Úrval fyrir páskaborðið





**Valor súkkulaði**
Hágæða spænskt súkkulaði framleitt frá árinu 1881.



**Kaffi Gull**
Fyrsta blanda Te & Kaffi og hefur lengi verið ófáanleg. Til að fagna þremur áratugum bjóða Te & Kaffi upp á kaffið sem kom þeim á kortið.

Meðalristuð blanda tegunda frá S-Ameríku, Afríku og indónesíu. Góð fylling og léttkryddaður keimur prýðir þessa úrvals kaffiblöndu.

HAGKAUP
*Ein ferð betra verð*

## Rafvirkjun

**RAFLAGNIR OG DYRASÍMAKERFI S. 896 6025**
Tilboð dyrasímakerfi, töfluskipti. Löggildur rafverktaki. rafneisti@simnet.is

## Trésmíði

**INNRETTINGAR.IS**
Sérsmíðum innréttingar eftir þínum þörfum. Sérsmíði ehf s. 587 0777.

## Viðgerðir




**HEIMILISTÆKI-VIÐGERÐIR**
Gerum við öll merki, komum á staðinn, skoðunargjald 4900,-kr S. 845 5976.

## Önnur þjónusta

Blekhylki.is
Ódýr blekhylki í flesta prentara, ný verslun í Hagkaup Smáralind, einnig á Fjarðargötu 11 Hf og í síma 517-0150.




# KEYPT & SELT

## Til sölu



**LOK Á HEITA POTTA OG HITAVEITUSKELJAR.**
Stærðir í cm: 235x235, 217x217, 210x210, 200x200, 217x235, 217x174. Lokin þola 1000 kg jafnarðarþunga af snjó. Vel einangruð og koma með 10 cm svuntu. Sterkustu lokin á markaðnum. Litir: Brúnt eða Grátt. Opnarar til þess að auðvelda opnun á loki. www.Heitirpottar.is Sími 777 2000



**HUMAR - 2.600 KR.KG.**
Fiskikóngurinn Sogavegi 3 & Höfðabakka 1. Sími 587 7755 - www.fiskikongurinn.is



**ANTIK SÓFASETT**
Ný uppgert antik sófasett, sem stendur af 1+3ja sæta sófa 1 kónga stól, 2.stk armstólar, þrír stólar með háu baki. Selst í einu lagi. Verð 1190.000þús skoða einnig tilboð. Uppl. sendist á sverrirag@gmail.com

## Óskast keypt

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu!
www.kaupumgull.is
**Opið alla daga 11-18, Kringlan - 3. hæð ( Hagkaupsmegin )**
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg & www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betriheilsa.is/erla

## Nudd

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Rvk. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**TIL LEIGU VERSLUNAR EÐA ÞJÓNUSTUHÚSNÆÐI MIÐSVÆÐIS Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU**
Nýbýlavegi 8 (gamla Toyota húsinu) Til leigu 60 - 600 fm verslunar eða þjónustuhúsnæði hentar vel fyrir verslanir, veitingastarfsemi, hárgreiðslustofur og fleira, einnig 160- 400 fm húsnæði með allt að 4 metra lofthæð sem hentar undir léttan iðnað, lagerrými, heildsölur, verslanir o.fl greið aðkoma að húsnæðinu, frábært auglýsingagildi, matvöruverslanir, veitinga og kaffihús í göngufæri.
**Allar nánari uppl. veitir Sverrir í s. 661-7000**

**HERBERGI TIL LEIGU Í DALBREKKU, KÓPAVOGI.**
Til leigu snyrtileg, 15 m2 herbergi með aðgangi að baði, eldhúsi, þvottavél og internet aðgangi. Stutt í Bónus, veitingastaði, kaffihús og strætó. Verð frá 55.000 á mánuði.

Available now! 15m2 rooms for rent, with access to kitchen, bath, laundry, internet. Close to Bónus, restaraunts and buses.Price from 55.000.
**Uppl. gefur Sverrir í s. 661-7000**

**WWW.LEIGUHERBERGI.IS**
Dalshraun 13 Hafnarfirði

Funahöfða 17a-19, Reykjavík

Smiðjuvegi 68-72 Kópavogi

VERÐ FRÁ 45.000 á mán. Rent a room price from 45.000 kr. per month.
**gsm 824 4535**

**leiga@leiguherbergi.is**

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir meðleiganda að hreinu og góðu húsnæði, hentar til geymslu á bílum og fl. Salur 90fm, 30 fm wc,kaffistofa og fl Verð á 1/2 65 þ. uppl 8988577

Til leigu tvö iðnaðarbil, 90 og 180 m2 við Suðurhellu í Hafnarfirði. Uppl. 6601060 / 8224200

## Geymsluhúsnæði

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1 til 17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**VILT ÞÚ VINNA Á PRIMO RISTORANTE?**
Primo leitar að vönum þjónum í sal á Primo Ristorante. Við leitum að jákvæðum og opnum einstaklingum með mikla þjónustulund. Viðkomandi þarf að hafa góða reynslu af vinnu við þjónustu á veitingastað og vera lipur í mannlegum samskiptum.

Mikilvægt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.
**Áhugasamir sendi ferilskrá á netfangið haukur@primo.is.**

Allt hreint

**ATVINNA / RÆSTINGAR**
Starfskraftur óskast til að ræstigarstarfa í 105 Reykjavík Ásamt því að ræsta þarf viðkomandi að sjá um kaffistofu og fl..

Vinnutími er frá kl 08:00 til 16:30

Æskilegt er að viðkomandi tali Íslensku Leitað er að einstaklingi 25 ára eða eldri. Viðkomandi þarf að geta hafið störf 2 maí 2014
**Umsóknum skal skila á heimasíðu Allt hreint allthreint. is undir liðnum**

**„ Atvinna í boði „ fyrir 25 apríl nk.**

**GÆÐABAKSTUR/ ÖMMUBAKSTUR**

**ÓSKAR EFTIR Í SUMARAFLEYSINGAR**
Sölumönnum sem sjá um útkeyrslu og framstilingar. Við leytum að starfsmönnum sem eru líkamlega hraustir, tala, skrifa og skilja íslensku, eru stundvísir og reglusamir, hafa góða skipulagsfærni og góð mannleg samskipti
**Umsókn ásamt ferilskrá sendist á gudmundur@gaedabakstur.is**
**fyrir 20.04.2014**

Starfsfólk óskast í fullt / hlutastarf á 10 Dropa kaffihús, helst með reynslu. Áhugasamir sendið umsókn á fanneyg@gmail.com f. 23. apríl.

STRÁ

Starfsemi STRÁ ehf. býr að aldarfjórðungs reynslu og þekkingu á sviði starfsmanna- og ráðningarmála en stofan hefur unnið fyrir mörg helstu og leiðandi fyrirtæki landsins um árabil.

Rík áhersla er lögð á trúnað varðandi vörslu gagna og upplýsinga bæði gagnvart umsækjendum, sem og vinnuveitendum.

Ánægðir viðskiptavinir til margra ára hafa notið þjónustu STRÁ, en stofan hefur jafnframt umsjón með ráðningum í sérfræði- og stjórnunarstöður.

www.stra.is



## Til hvers að auglýsa ?

Ef þú auglýsir sjálf-/ur eftir starfsmanni eyðir þú verulegum tíma í úrvinnslu innsendra umsókna.

Okkar styrkur er öflugur gagnabanki og yfir tveggja áratuga reynsla við að þjónusta fyrirtæki við leit að starfsmanni.

Sparaðu þér tíma, kostnað og fyrirhöfn - leitaðu aðstoðar fagmanna með langvarandi reynslu af ráðningarmálum.

STRÁ Starfsráðningar ehf. - Suðurlandsbraut 30 - sími 588-3031
stra@stra.is - gudny@stra.is - www.stra.is.

# TILKYNNINGAR

## Einkamál




Konur ! KK um fimmtugt vil kynna sig yngri konu með fast samband í huga. S : 841-7667

## fasteignir


### PARHÚSALÓÐ Á ARNARNESHÆÐINNI



Mjög vel staðsett 1.077 fm eignarlóð innst í botnlanga við Byggakur fyrir tvö parhús. Staðsetning við græn svæði.

Nánari upplýsingar veitir
**Halldór Ingi Andrésson**
löggiltur fasteignasali

**sími:** 897 4210
halldor@miklaborg.is

Verð: **34,0 millj.**

FASTEIGNASALAN **MIKLABORG** **569 7000** Síðumúli 13 www.miklaborg.is
Óskar R. Harðarson og Jason Guðmundsson, löggiltir fasteignasalar
**- með þér alla leið -**


## atvinna




### Hópbílar óska eftir
**að ráða bifreiðastjóra í framtíðarstörf**

**Um er að ræða áætlunarakstur:**

**Selfoss – Reykjavík – Selfoss**
**og**
**Selfoss - Vík - Selfoss**

Frekari upplýsingar veittar á skrifstofutíma:
Ágúst Haraldsson, rekstrarstjóri í síma 822 0073

Einnig er hægt að sækja um á www.hopbilar.is
undir liðnum starfsmenn.
Hvetjum konur janfnt sem karla að sækja um.

**HÓPBÍLAR**
**Hópbílar hf. – Melabraut 18 – Hafnarfirði – 599 6000 – hopbilar@hopbilar.is**


## til leigu


### SKRIFSTOFUHÚSNÆÐI TIL LEIGU

Mjóddin - Álfabakki 14, 3. Hæð. Til leigu til lengri eða skemmri tíma nokkur skrifstofuherbergi, svo og opið rými sem hentar vel fyrir skrifstofur eða aðra starfsemi. Aðstöðunni fylgir gott sameiginlegt rými, svo sem stórt fundarherbergi, kaffistofa og snyrtingar.

Nánari upplýsingar veitir Theódór S. Halldórsson í síma 896-2818 eða **tsh@centrum.is**


## tilkynningar

### Aðalfundur Farfugla

Aðalfundur Bandalags íslenskra Farfugla verður haldinn þriðjudaginn 29. apríl n.k. kl. 20.00 í Farfuglaheimilinu í Laugardal, Sundlaugavegi 34.
Venjuleg aðalfundarstörf.

**Stjórnin.**

Skipulagsstofnun

### Mat á umhverfisáhrifum

#### Ákvörðun um matsskyldu

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir:

- **Breyting á Húsavíkurhöfn og lagning Bakkavegar, Norðurþingi.**
- **Framleiðsluaukning Eldisstöðvarinnar Ísþórs ehf., Þorlákshöfn.**

skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum nr. 106/2000. Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, Reykjavík og á **www.skipulagsstofnun.is**. Ákvörðun má kæra til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála til **15. maí 2014.**





**Birtingur treystir okkur fyrir öruggri dreifingu á Júlíu**

**Póstdreifing**

Póstdreifing | Vatnagörðum 22 | 104 Reykjavík | Sími 585 8300 | www.postdreifing.is


## útboð

### ÚTBOÐ

**Ný útboð í auglýsingu hjá Reykjavíkurborg:**

- **Malbiksyfirlagnir í Reykjavík 2014,** útboð nr. 13221.

Nánari upplýsingar er að finna á www.reykjavik.is/utbod

Reykjavíkurborg
Innkaupadeild
Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík
Sími 411 1042 / 411 1043, Bréfsími 411 1048
Netfang: utbod@reykjavik.is

## til leigu


**JÖFUR** ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**




**TIL LEIGU**
**Borgartún 26, 105 Reykjavík**
Skrifstofuhúsnæði, 2. hæð
Stærð 939 fm.
**Laust strax**

Allar nánari upplýsingar veitir:
**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Húsnæðið skiptist í fjögur stór vinnurými, þrjú fundarherbergi, eitt stórt herbergi, setustofu með útgengi á stórar suðursvalir, stórt eldhús ásamt borðsal, tölvurými, snyrtingar og geymslu. Sérstakur dagsbirtuljósabúnaður (RGB). Allar boð- og raflagnir eru í hæsta gæðaflokki. 20 bílastæði fylgja eigninni í lokuðu bílastæðahúsi í kjallara ásamt aðstöðu fyrir reiðhjól með læstum sturtu- og búningsklefum.

**JÖFUR** ATVINNUHÚSNÆÐI
**534 1020**
**Ármúla 7, Reykjavík - www.jofur.is**




**TIL LEIGU**
**Borgartún 26, 105 Reykjavík**
Verslunarhúsnæði á jarðhæð
Stærð 453,9 fm.

Allar nánari upplýsingar veitir:
**Helgi Már Karlsson**
*Löggiltur leigumiðlari*
*Löggiltur fasteignasali*
534 1024 / 897 7086
hmk@jofur.is

Húsnæðið skiptist í stórt opið rými, tvö fundarherbergi, kaffistofu, fatahengi, skjalageymslu og snyrtingar. Möguleiki á að semja um afnot af bílastæðum í kjallara. Skemmtilega hannað rými með glæsilegri lýsingu. Mikil lofthæð. Gott aðgengi. Laust frá 1. júní 2014 eða fyrr.



| KL. 20:45
**The Smoke**
Vönduð bresk þáttaröð frá framleiðendum Broadchurch um slökkviliðsmenn í London.

# Skemmtilegt þriðjudagskvöld

| KL. 19:20
**Um land allt**
Kristján Már Unnarsson tekur púlsinn á mannlífinu undir Eyjafjöllum og hittir fólk við leik og störf.



| KL. 19:55
**Surviving Jack**
Glæný gamansería um mann á miðjum aldri sem tekur að sér að vera heima og sjá um uppeldi unglinganna á heimilinu.




| KL.21:30
**Rake**
Sjötta þáttaröðin um Patrick Jane sem nú er orðinn ráðgjafi hjá FBI.



| KL. 22:20
**Bones**
Dr. Temperance Brennan heldur áfram að veita ráðgjöf í allra flóknustu morðmálum.



3 | KL. 21:05
**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
Skemmtilegir þættir með frábærri tónlist og góðum gestum.




Krakkastöðin | KL. 07:00-20:00
**Barnaefni alla daga**
Vandað talsett barnaefni og skemmtilegir þættir fyrir yngstu áhorfendurna alla daga á Krakkastöðinni.



Fáðu þér áskrift! 365.IS

## SUDOKU

**LÉTT**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 4 | 6 | | | | | | |
| | | 7 | 2 | | | 1 | | |
| | 3 | 8 | 6 | | | | 4 | |
| | 8 | 9 | 7 | | | | 5 | |
| | | | | 5 | | 6 | 8 | |
| 4 | | | 8 | | | 7 | | 3 |
| 5 | | | | 4 | 2 | | | |
| 6 | 2 | | 5 | 8 | | | 1 | |
| | 7 | | | | 1 | 5 | | |

**MIÐLUNGS**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 3 | | 9 | | | | 7 | 8 | |
| | 6 | | | 3 | | 5 | | |
| 8 | 2 | | 4 | | 9 | | | |
| 5 | 3 | 1 | | | 2 | 8 | | |
| | | | | | 5 | | | |
| | | | 8 | | | | 3 | |
| 6 | | | 7 | | | 1 | | 8 |
| 9 | | | 1 | | | | 2 | 6 |
| | | | | | | 3 | | |

**ÞUNG**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 4 | 7 | | | 8 | 2 | | | |
| | | | | | | | | 1 |
| | | 6 | 4 | 9 | | | | 5 |
| | | | | 6 | | | 4 | |
| | | | 9 | | | 1 | | |
| 3 | | 5 | | | | | 9 | |
| 9 | | | 8 | | | 2 | | |
| 7 | | 4 | 2 | | | 9 | 1 | |
| 8 | | | | 7 | | | 6 | |

**LAUSN SÍÐUSTU SUDOKU**

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 9 | 7 | 3 | 8 | 5 | 4 | 2 | 1 | 6 |
| 4 | 5 | 6 | 2 | 3 | 1 | 7 | 8 | 9 |
| 8 | 1 | 2 | 6 | 7 | 9 | 3 | 4 | 5 |
| 6 | 3 | 1 | 4 | 9 | 7 | 8 | 5 | 2 |
| 5 | 2 | 4 | 3 | 8 | 6 | 9 | 7 | 1 |
| 7 | 8 | 9 | 1 | 2 | 5 | 4 | 6 | 3 |
| 1 | 9 | 7 | 5 | 4 | 3 | 6 | 2 | 8 |
| 2 | 4 | 5 | 9 | 6 | 8 | 1 | 3 | 7 |
| 3 | 6 | 8 | 7 | 1 | 2 | 5 | 9 | 4 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 4 | 2 | 8 | 7 | 3 | 9 | 5 | 6 |
| 3 | 8 | 6 | 9 | 1 | 5 | 7 | 4 | 2 |
| 9 | 7 | 5 | 2 | 4 | 6 | 8 | 3 | 1 |
| 4 | 3 | 8 | 7 | 5 | 2 | 1 | 6 | 9 |
| 6 | 9 | 7 | 1 | 8 | 4 | 5 | 2 | 3 |
| 5 | 2 | 1 | 6 | 3 | 9 | 4 | 7 | 8 |
| 7 | 1 | 4 | 3 | 6 | 8 | 2 | 9 | 5 |
| 8 | 6 | 9 | 5 | 2 | 7 | 3 | 1 | 4 |
| 2 | 5 | 3 | 4 | 9 | 1 | 6 | 8 | 7 |

| | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 2 | 5 | 8 | 3 | 6 | 9 | 4 | 7 | 1 |
| 3 | 4 | 1 | 7 | 2 | 5 | 6 | 8 | 9 |
| 6 | 7 | 9 | 8 | 4 | 1 | 2 | 3 | 5 |
| 4 | 6 | 2 | 5 | 9 | 8 | 7 | 1 | 3 |
| 8 | 9 | 3 | 4 | 1 | 7 | 5 | 2 | 6 |
| 5 | 1 | 7 | 2 | 3 | 6 | 8 | 9 | 4 |
| 7 | 8 | 6 | 9 | 5 | 3 | 1 | 4 | 2 |
| 9 | 2 | 5 | 1 | 7 | 4 | 3 | 6 | 8 |
| 1 | 3 | 4 | 6 | 8 | 2 | 9 | 5 | 7 |

Þrautin felst í því að fylla út í reitina þannig að í hverjum 3x3 reit birtist tölurnar 1-9. Í hverri níu reita línu, bæði lárétt og lóðrétt, birtast einnig tölurnar 1-9 og aldrei má tvítaka neina tölu í röðinni.

Lausnin verður birt í næsta tölublaði Fréttablaðsins.

# Myndasögur

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




## SPAKMÆLI DAGSINS

„Ég vildi að allir unglingar gætu hlustað á lög í stað þess að neyta fíkniefna og áfengis.“

*Taylor Swift*

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** nef, **6.** kringum, **8.** bar, **9.** gilding, **11.** snæddi, **12.** egó, **14.** nautnalyf, **16.** utan, **17.** útsæði, **18.** aldur, **20.** til, **21.** sót.

**LÓÐRÉTT**
**1.** samsull, **3.** klafi, **4.** tré, **5.** varkárni, **7.** olíusósa, **10.** fjör, **13.** tilvist, **15.** erfiði, **16.** geislahjúpur, **19.** tónlistarmaður.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** gogg, **6.** um, **8.** krá, **9.** mat, **11.** át, **12.** sjálf, **14.** ópíum, **16.** án, **17.** fræ, **18.** rek, **20.** að, **21.** aska. **LÓÐRÉTT: 1.** gums, **3.** ok, **4.** gráfura, **5.** gát, **7.** majónes, **10.** táp, **13.** líf, **15.** mæða, **16.** ára, **19.** kk.

## SKÁK

**Gunnar Björnsson**

**Stefán Kristjánsson (2.503) vann Sævar Bjarnason (2.101) í 2. umferð Wow air Vormóts Taflfélags Reykjavíkur fyrir skemmstu.**

**Hvítur á leik:**



**52. d6! Bd8** (52. … exd6 53. Bxd6+!) **53. dxe7+** og svartur gafst upp vegna 53. … Bxe7 54. d8D+. Wow air-mótið hefur farið fjörlega af stað **www.skak.is:** Úrslit 3. umferðar Wow air-mótsins.



**Frestur til**
**að senda tilnefningar er til miðnættis þann**
**23. apríl**

# HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ GÓÐVERKI?

## ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2014

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

## SAMFÉLAGSVERÐLAUNIN ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM

### 1 Hvunndagshetjan

Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

### 2 Frá kynslóð til kynslóðar

Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

### 3 Til atlögu gegn fordómum

Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

### 4 Heiðursverðlaun

Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

### 5 Samfélagsverðlaunin

Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll.
**Verðlaunafé 1,2 milljónir.**

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelagsverdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í maí.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN
FRÉTTABLAÐIÐ

Fyrstu tónleikar Blúshátíðar í Reykjavík á Hilton Nordica:

## Blúshátíð hefst með trukki

Fyrstu tónleikar Blúshátíðar í Reykjavík í ár verða á Hilton Nordica í kvöld.

Þar kemur fram Blúskompaní Magnúsar Eiríkssonar en ásamt honum skipa tríóið þeir Pálmi Gunnarsson og KK. Magnús og Pálmi hafa leitt Blúskompaníið hátt í 40 ár og verða sífellt betri.

Einnig stígur hin goðsagnakennda hljómsveit Tregasveitin á svið með feðgana Pétur Tyrfingsson og Guðmund Pétursson í fararbroddi með splunkunýtt efni.

Lucy in Blue var valið blúsaðasta bandið á nýyfirstöðnum Músíktilraunum og í tilefni af því tekur sveitin þátt í Blúshátíð í fyrsta sinn. Tónleikarnir hefjast kl. 20.



**BLÚSAÐUR** Magnús Eiríksson leiðir Blúskompaníið sem auk hans er skipað Pálma Gunnarssyni og KK.







# Zombíar á Sinfó

TÓNLIST ★★★★☆

**Tectonics**

Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Ilans Volkov.

**FIMMTUDAGINN 10. APRÍL Í ELDBORG Í HÖRPU**



**SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT ÍSLANDS** „Hljómsveitin lék af mikilli nákvæmni sem getur varla hafa verið auðvelt.“ FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Ég man ekki eftir að hafa orðið hræddur á Sinfóníutónleikum áður. En tónlistarhátíðin Tectonics byrjaði á fimmtudagskvöldið og fyrsta atriðið á Sinfóníutónleikunum sem ég sótti var eftir Pál Ívan frá Eiðum. Verkið byrjaði með drungalegum, ómstríðum hljómum – en það var ekki það sem var svona óhugnanlegt.

Nei, málið var að allir hljóðfæraleikararnir störðu á tvo stóra skjái sem hafði verið komið fyrir þar sem hljómsveitarstjórinn er venjulega. Á skjánum birtust síbreytileg fyrirmæli til tónlistarfólksins. Hljóðfæraleikararnir störðu svo einbeittir á skjáina á meðan þeir voru að spila að það var eins og þeir væru í einhverju annarlegu ástandi. Í þokkabót voru fyrirmælin frá tónskáldinu stundum þau að spilararnir áttu að kyrja „aaaaa“. Eða halda strengjabogunum í einhverjum skrýtnum stellingum. Það fór um mig, svei mér þá. Eina sem vantaði var að hljómsveitin væri blóðug um munninn. Hún var eins og hópur uppvakninga úr kvikmynd á borð við 28 Days Later eða Night of the Creeps.

Að því sögðu var þetta ágætis verk. Tónlistin var vissulega dálítið krefjandi en hún var snyrtilega byggð upp með frekar hraðri og spennandi framvindu. Leikrænu tilburðir Sinfóníunnar settu líka tónmálið í skiljanlegt samhengi. Útkoman var skemmtileg.

Allt öðruvísi kvikmyndastemning var ríkjandi í næsta verki, Átjánhundruð sjötíu og fimm fyrir hljómsveit og rafhljóð eftir Valgeir Sigurðsson. Mikið var um langa, ísmeygilega hljóma sem sköpuðu myndræna áferð og andrúmsloft. Það var fallegt. Eini gallinn var að ýmsir blásarar hljómsveitarinnar voru ekki alltaf með sitt á hreinu. Óhreinir tónar trufluðu upplifunina.

Flutningurinn var betri í tónsmíð Cathy Milliken, Earth Plays I. Í tónleikaskránni stóð að hún væri um „hljóm, tónlist og orð fólks sem hefur safnast saman á tilteknum stöðum í gegnum aldirnar“. Verkið nú fjallaði um Þingvelli. Ég verð að viðurkenna að ég gat ekki heyrt neitt Þingvallatengt við tónlistina. En hún var listilega samansett, með mörgum ólíkum köflum sem mynduðu sterka heild. Það var ljúft að hlusta á hana. Hljómsveitin flutti hana af vandvirkni og fagmennsku.

Upplifunin var líka ljúf í næsta atriði, Köldum sólargeisla eftir Skúla Sverrisson við ljóð eftir Guðrúnu Evu Mínervudóttur. Ljóðið er tregafullt og rómantískt, og tónlist Skúla var það einnig. Hljómarnir voru þykkir og munúðarfullir, undiraldan full af einhverju ósögðu. Ólöf Arnalds söng einsöng og gerði það af einstakri fegurð. Hún hefur sérstæða rödd, brothætta og mannlega með hrífandi hljómi sem hæfði tónlistinni fullkomlega.

Síðast á dagskránni var glæsilegt, einfalt verk, Diamonds eftir heiðursgest hátíðarinnar, Alvin Lucier. Þar var hljómsveitinni skipt í þrjá hópa sem hver um sig spilaði langa, hægferðuga tóna. Tónarnir skörudust á ýmsa vegu eins og demantur sem breytist eftir því hvernig ljósi er beint að honum. Hljómsveitin lék af mikilli nákvæmni sem getur varla hafa verið auðvelt. Svona hægar tónsmíðar verða að vera fullkomlega samtaka ef þær eiga að virka almennilega. Þarna var virkilega vel gert.

Jónas Sen

**NIÐURSTAÐA:** Áhugaverð byrjun á Tectonics-tónlistarhátíðinni.

# Ágúst verður gestur Þórs

Kvikmyndaleikstjórinn Ágúst Guðmundsson verður sérstakur gestur Þórs Breiðfjörð á tónleikum hans og hljómsveitar hans á KEX Hosteli í kvöld.

Á jazzkvöldi KEX Hostels í kvöld kemur fram hljómsveit söngvarans Þórs Breiðfjörð. Hana skipa, auk Þórs, þeir Snorri Sigurðarson á trompet, Vignir Þór Stefánsson á píanó, Birgir Bragason á kontrabassa og Einar Scheving á trommur. Sérstakur gestur með þeim verður kvikmyndagerðarmaðurinn góðkunni Ágúst Guðmundsson, en hann mun leika á gítar í nokkrum lögum. Flutt verður tónlist úr stóru Amerísku söngbókinni; sígræn sönglög sem „krúnerar“ á borð við Bing Crosby gerðu fræg. Tónlistarflutningurinn hefst klukkan 20.30 og stendur í um það bil tvær klukkustundir með hléi. Sem fyrr er aðgangur ókeypis.



**STÓRSÖNGVARINN** Þór Breiðfjörð syngur lög úr Amerísku söngbókinni í kvöld.





HÖFUNDURINN „Þarna er bara stiklað á því stærsta,“ segir Karl um nýju bókina um Hallgrím Pétursson.

# Enginn haft eins mikil áhrif

Karl Sigurbjörnsson, fyrrverandi biskup, er höfundur nýrrar myndskreyttrar bókar um lífshlaup Hallgríms Péturssonar sem forlagið Ugla gefur út. „Ég var í undirbúningshópi hjá Hallgrímskirkju vegna afmælisárs Hallgríms og það vantaði stutt og laggott yfirlit yfir ævi hans, kveðskap og áhrif á menningu okkar og trú. Það var gaman að vinna að því og velja myndir sem varpa ljósi á sögu hans,“ segir Karl og bætir við að efnið sé komið út, annars vegar sem bæklingur á íslensku, ensku, þýsku og dönsku og í bókarformi.

Bókin er aðeins 32 blaðsíður í A5-broti. Var ekki erfitt að koma hinni mögnuðu sögu sálmaskáldsins fyrir á svo fáum síðum?

„Jú, það þurfti ansi mikið að velja og hafna því þarna er bara stiklað á því stærsta. Þetta er mögnuð lífssaga og ég fullyrði að enginn Íslendingur hefur haft önnur eins áhrif á eina þjóð eins og Hallgrímur Pétursson.“ -gun



HOT ESKIMOS Karl Olgeirsson, Jón Rafnsson og Kristinn Snær Agnarsson.

# Hot Eskimos í Múlanum

Tónleikar Jazzklúbbsins Múlans verða annað kvöld í Björtuloftum Hörpu. Þar kemur fram hljómsveitin Hot Eskimos, en hana skipa Karl Olgeirsson, sem leikur á píanó, bassaleikarinn Jón Rafnsson og Kristinn Snær Agnarsson, sem leikur á trommur.

Eskimóarnir heitu munu leika lög af plötu sinni Songs from the Top of the World, sem kom út árið 2011, og einnig af væntanlegri plötu en þar kennir einmitt ýmissa grasa úr poppflóru og víðar að.

# Um ljósmyndun kvenna

Katrín Elvarsdóttir heldur erindi í hádeginu í dag í fyrirlestrarsal Þjóðminjasafnsins og nefnist það Undirbúningsferli og val á ljósmyndum á sýninguna Betur sjá augu. Ljósmyndun íslenskra kvenna 1872-2013 er efni fyrirlestrar Katrínar en hún er sýningarhöfundur Betur sjá augu, sem er samstarfsverkefni Þjóðminjasafns og Ljósmyndasafns Reykjavíkur.

Á sýningunni Betur sjá augu, sem lýkur 1. júní, er að finna ljósmyndaverk eftir 34 konur sem eiga það sameiginlegt að hafa unnið við ljósmyndun hér á landi, flestar sem atvinnuljósmyndarar en einstaka sem áhugaljósmyndarar.

# Atburðirnir í Gálgahrauni innblástur

Nýjasta sýning Sæmundar Gunnarssonar nefnist Ljós í hrauni. Hún er á Skólavörðustíg 5 í Reykjavík.

Sæmundur Gunnarsson hefur opnað listsýningu í húsnæði Ófeigs gullsmiðs á Skólavörðustíg 5. Sýningin kallast Ljós í hrauni, enda segir listamaðurinn nýlega atburði við Gálgahraun hafa kveikt með honum ljós.

Þetta er sjöunda einkasýning Sæmundar sem kveðst hafa krassað og teiknað frá því að hann man eftir sér.

Hann hefur sótt fjölda námskeiða, meðal annars í Myndlista- og handíðaskóla Íslands, Myndlistarskóla Reykjavíkur, hjá Þuríði Sigurðardóttur og ýmis námskeið á vegum Myndlistarfélags Reykjanesbæjar. -gun



LISTAMAÐURINN „Ég hef krassað og teiknað frá því ég man eftir mér,“ segir Sæmundur. MYND/ÚR EINKASAFNI






**FRUMKVÖÐULLINN** „Það verður gaman að tengjast menningarstarfseminni heima í héraði," segir Laufey. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Músíkin í Mývatnssveitinni

## Tónlistarhátíðin Músík í Mývatnssveit verður haldin um bænadagana. Kammertónleikar verða í Skjólbrekku og kyrrlátari stemning í Reykjahlíðarkirkju.

„Við erum þrjú á förum norður, Sesselja Kristjánsdóttir mezzósópran, Aladár Rácz píanó- og orgelleikari og ég. Við hlökkum til að flytja músík í Mývatnssveitinni. Þar fáum við líka til liðs við okkur karlaoktett sem kallar sig Garðar Hólm. Það verður gaman að tengjast menningarstarfseminni heima í héraði," segir Laufey Sigurðardóttir fiðluleikari og frumkvöðull tónlistarhátíðarinnar Músík í Mývatnssveit sem nú er haldin í sautjánda sinn.

Á kammertónleikum í Skjólbrekku á skírdag er Fantasie Impromptu eftir Chopin á dagskrá, ásamt fiðlu- og píanósónötu eftir Beethoven. Sesselja syngur úr Sígaunaljóðum eftir Dvorák, einnig íslensk lög og óperusmelli, meðal annars úr Carmen, sem hún flutti eftirminnilega í Íslensku óperunni í haust. Átta karla sveitin Garðar Hólm kemur líka fram þar.

„Það er allt önnur stemning í Reykjahlíðarkirkju á föstudaginn langa. Þar verður tónlist sem hæfir stund og stað, meðal annars eftir Bach, Händel og Gluck, ásamt íslenskum sálmalögum," segir Laufey og getur þess líka að Svava Björnsdóttir myndlistarmaður verði með sýningu á pappírsskúlptúrum í Skjólbrekku. -gun

# Stabat Mater í Bústaðakirkju

## Árlegur flutningur á Stabat Mater eftir Pergolesi fer fram í Bústaðakirkju á föstudaginn langa.

Stabat Mater eftir Pergolesi, eitt af höfuðverkum kirkjulegra tónsmíða, verður flutt í Bústaðakirkju á föstudaginn langa klukkan 14. Flytjendur eru Gréta Hergils sópran og Svava K. Ingólfsdóttir mezzósópran við undirleik Jónasar Þóris, kantors Bústaðakirkju, og Gretu Salóme fiðluleikara.

Milli þátta verður lesið úr Píslarsögunni. Tónverkið fjallar um raunir Maríu meyjar þar sem hún stendur við kross Jesú Krists og syrgir son sinn.



**SÓPRAN** Meðal þeirra sem flytja Stabat Mater er Gréta Hergils sópransöngkona. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það er orðin hefð í Bústaðakirkju að verkið sé flutt í heild á föstudaginn langa. Aðgangur að tónleikunum, sem standa í um það bil 50 mínútur, er ókeypis eins og allar kirkjulegar athafnir.




# Hallgrímur hafði traust á kvenþjóðinni

## Fjórar konur flytja Passíusálmana í Hallgrímskirkju í Saurbæ á föstudaginn langa í minningu þeirra fjögurra kvenna sem Hallgrímur sendi sálmana í eiginhandarritum vorin 1660 og 1661. Steinunn Jóhannesdóttir veit meira.

„Mér hefur alltaf þótt eftirtektarvert að fjórar konur skyldu vera með þeim fyrstu sem Hallgrímur trúði fyrir sálmunum sínum," segir Steinunn Jóhannesdóttir rithöfundur. Hún segir lengi hafa blundað í sér að kynna sér sögu þeirra kvenna betur og láta jafnmargar konur flytja Passíusálmana í Hallgrímskirkju í Saurbæ. Nú er komið að því. Það eru leikkonurnar Helga E. Jónsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir og Ragnheiður K. Steindórsdóttir ásamt Steinunni sjálfri sem gera það og Arna Kristín Einarsdóttir flautuleikari velur og flytur tónlist milli þátta. Dagskráin hefst klukkan 13.30 og stendur til 18.45.

Þeir sem mæta í Saurbæ fá afhentan bækling sem Steinunn hefur ritað og nefnist Svoddan ljós mætti fleirum lýsa. Þar rekur hún sögu þeirra fjögurra kvenna sem Hallgrímur valdi sem umboðsmenn sína og rýnir í ástæður hans fyrir því. Konurnar voru Ragnhildur Árnadóttir í Kaldaðarnesi, Helga Árnadóttir í Hítardal, Kristín Jónsdóttir í Einarsnesi og Ragnheiður Brynjólfsdóttir í Skálholti. „Allt voru þetta merkiskonur og vel í sveit settar," segir Steinunn og kveðst í þessum nýjustu pælingum vera að kynnast markaðsmanninum Hallgrími.

„Hallgrímur hafði traust á kvenþjóðinni. Hann biður því þessar fjórar konur að taka sálmana til forsvars og sjá til þess að þeim verði ekki varpað undir bekk. Þær eru ekki bara læsar, hann telur þær dómbærar og þar fyrir utan í þeirri stöðu að geta hugsanlega haft áhrif á að sálmarnir verði afritaðir og að þeir komist í umtal og umferð," segir hún.



**FLYTJENDUR** Arna Kristín Einarsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir, Margrét Guðmundsdóttir, Helga E. Jónsdóttir og Steinunn Jóhannesdóttir. MYND/ÚR EINKASAFNI

Steinunn telur ljóst að skáldið hafi haft smekk fyrir sterkum konum. „Þeirri fyrstu kynnist hann í barnæsku, Halldóru Guðbrandsdóttur á Hólum, sem þá var mesta valdakona landsins og síðan velur hann sér fyrir eiginkonu Guðríði Símonardóttur, mikinn skörung. Þegar hann þarf að koma stórvirkinu sínu á framfæri þá velur hann til þess fjórar flottar konur. Þær risu undir þessu trúnaðarhlutverki því þótt handrit Ragnheiðar Brynjólfsdóttur sé það eina sem varðveist hefur til okkar daga lágu handrit hinna til grundvallar nokkrum útgáfum Passíusálmanna."

gun@frettabladid.is

# Hamlet litli fer hamförum

LEIKLIST ★★★★☆

**Hamlet litli**

Litla svið Borgarleikhússins

**HÖFUNDUR:** BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON OG HÓPURINN. **LEIKSTJÓRN:** BERGUR ÞÓR INGÓLFSSON. **LEIKMYND, LEIKBRÚÐUGERÐ OG BÚNINGAR:** SIGRÍÐUR SUNNA REYNISDÓTTIR. **LÝSING:** GARÐAR BORGÞÓRSSON. **HLJÓÐ:** ÓLAFUR ÖRN THORODDSEN. **TÓNLIST:** KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR. **LEIKARAR:** SIGURÐUR ÞÓR ÓSKARSSON, KRISTÍN ÞÓRA HARALDSDÓTTIR OG KRISTJANA STEFÁNSDÓTTIR.



**HAMLET LITLI** „Hér vinnur allt saman eins og best verður á kosið." MYND/GRÍMUR BJARNASON

Best að gangast við því strax; ég er Shakespeare-snobb. Nútímauppfærsla á Hamlet, sem miðar að því að opna augu íslenskra ungmenna fyrir gildi klassískrar leikritunar, hljómar eins og eitthvað sem lævís óvinur gæti hafa kokkað upp sérstaklega mér til hrellingar. Hamlet Shakespeares er líklega þekktasta leikrit gervallra leikbókmenntanna og leiklistarfólk hefur í gegnum árin og aldirnar gert sér mat úr verkinu með afar misjöfnum árangri eins og gengur, bæði með uppfærslum verksins og svo því að byggja lauslega á leikritinu. Hamlet litli fellur í seinni flokkinn; Bergur Þór Ingólfsson fær hér frjálsar hendur, litla leiksvið Borgarleikhússins (besta leiksvið landsins) og fulltingi leikhússins – en frumsýnt var um síðustu helgi. Og útkoman kemur sannarlega ánægjulega á óvart.

Bergur Þór, leikstjóri, höfundur leikgerðar og söngtexta, sker verkið inn að beini, styðst við strípaðan söguþráðinn og helstu persónur verksins – veitir sér svo fullkomið frelsi til að setja upp sýningu sem byggir á þeirri sögu með frjálslegu orðfæri sem íslensk ungmenni þekkja. Þetta tekst honum að gera án þess að maður fái á tilfinninguna að verið sé að skælast á Shakespeare – sem hlýtur að teljast verulegt afrek. Eina sem skýtur skökku við er mónólógur sem Ófelía fer með ágætlega en er á skjön við heildarmyndina sem og epílógur sem Hamlet flytur: Þar sem hann ávarpar salinn og útskýrir fyrir leikhúsgestum hvernig beri að skilja sýninguna. Þetta er algjört tabú, út með þessa ræðu en þá er líka upptalið það sem finna má að.

Sýningin öll er ákaflega kraftmikil og sterk. Sigurður Þór Óskarsson og Kristín Þóra Haraldsdóttir fara á kostum og bresta í söng, og leika sér að því en fléttuð er inn í frumsamin tónlist sem sjálf Kristjana Stefánsdóttir semur og flytur ásamt leikurunum. Kristjana bregður sér einnig í ýmis hlutverk og túlkar til dæmis hinn illa kóng Kládíus með fulltingi bráðskemmtilegrar brúðu. Allt tekst það með miklum ágætum. Leikmyndin sjálf er ákaflega snjöll og skemmtileg; nánast eins og inni í pípuorgeli sé og í pípunum leynast gagnlegir leikmunir – reyndar einkenna hugmyndaauðgi og snjallar lausnir sýninguna í heild. Þá er lýsingin með miklum ágætum sem og búningar bráðskemmtilegir og vandaðir. Hér vinnur allt saman eins og best verður á kosið.

Bergur Þór er potturinn og pannan í öllu þessu og sýnir hér hversu snjall leikhúsmaður hann er orðinn. Sýningin má heita sigur fyrir Berg. Hún er klukkustundar löng og salurinn var vel með á nótunum allt frá fyrstu mínútu. Líkast til er ekki hægt að mæla með henni fyrir allra yngstu áhorfendur en þeir sem eru orðnir tíu ára og upp úr ættu að geta haft af henni gagn og mikið gaman.

**Jakob Bjarnar Grétarsson**

**NIÐURSTAÐA:** Sigur fyrir Berg Þór Ingólfsson sem sýnir með stórskemmtilegri, hugmyndaríkri og kröftugri leiksýningu hversu öflugur leikhúsmaður hann er.


Ali
OFNÆMISFRÍR
SKOÐAÐUR
ÁN MSG
Ali
70
1944-2014
METNAÐARFULL FRAMLEIÐSLA Í SJÖTÍU ÁR
Ali
Hamborgar hryggur
Metnaðarfull framleiðsla
í sjötíu ár
BAYONNE
Bayonne úr læri
Sparerribs
Vinsælustu rifin
Grill
Góðar á grillið
Ali
HUNANGS
Ali
STERKARA
PEPPERONI
Ali
Party skinka
Fulleldað
Ali
Hunangs skinka
Fulleldað
Ali
Helgarskinka
Ali
Silkiskorin
Hunangsskinka
Ali
Ali
Skinka
Ali
Alltaf jafn góðar
Verðlaunabacon
Bacon
REYKT
SNEIÐAR
REYKJAVIK BACON FESTIVAL 2013
Blue Ribbon Bacon Tour
BACON HÁTÍÐARINNAR 2013
1
ALI BACON
Hvað ætlið þið að verða þegar þið eruð orðin stór?
Ali -BACON
SÍLD & FISKUR
Ali
TAKTIK 4155 14.4.14

# Sumarstemning á Coachella

Það er aldeilis hægt að ylja sér við myndirnar frá tónlistarhátíðinni Coachella sem haldin er þessa dagana í steikjandi hita og sól í Kaliforníu. Fjölmargir leggja leið sína á hátíðina sem fór fram um helgina og heldur áfram þá næstu. Frægasta tónlistarfólk í heiminum í dag kemur fram á hátíðinni eins og Arcade Fire, Muse, Pharrell Williams, Lorde, Lana del Rey og Ellie Goulding.



**GULLKLÆDD** Söngkonan Lorde var flott á sviðinu.



**NEFHRINGUR** Kendall Jenner var með óvenjulegan skartgrip.

NORDICPHOTOS/GETTY



**SÓL OG SUMAR** Katy Perry lét sig ekki vanta á hátíðina.

## COACHELLA-TÓNLISTARHÁTÍÐIN

- Fyrsta tónlistarhátíðin var árið 1999 og þá kostaði miðinn 50 Bandaríkjadali fyrir hvern dag.
- Hátíðin tapaði svo miklu fyrsta árið að henni var frestað árið eftir og þráðurinn tekinn upp á ný árið 2001.
- Árið 2003 voru gestir 70 þúsund og hátíðin skilaði hagnaði í fyrsta sinn.
- Árið 2011 voru gestir 225 þúsund talsins og seldist upp á sex dögum.
- Í fyrra skilaði hátíðin 67 milljóna dollara hagnaði og hefur fest sig í sessi sem ein vinsælasta tónlistarhátíð í heimi.

## Komu óvænt fram

Söngkonan Beyonce kom óvænt fram á tónlistarhátíðinni í ár er hún steig á svið með litlu systur sinni Solange. Systurnar dönsuðu saman við lagið Losing You við mikinn fögnuð áhorfenda. Poppdívan hefur áður komið fram á hátíðinni en var ekki á dagskránni í ár og því ákveðinn bónus fyrir áhorfendur að sjá þær systur saman á sviðinu. Eiginmaður Beyonce, Jay Z, ákvað líka að koma óvænt fram á hátíðinni en hann stal senunni á tónleikum rapparans Nas og tóku þeir lögin Dead Presidents II og Where I'm From.



**FJÖR** Systurnar dönsuðu skemmtilegan dans saman á sviðinu og virtust skemmta sér hið besta. NORDICPHOTOS/GETTY



**SMART** Jared Leto var flottur í tauinu að venju.



**HATTURINN** Pharrell Williams tók að sjálfsögðu með sér hattinn.



**VINKONUR** Leikkonan Emmy Rossum og söngkonan Fergie voru sumarlega klæddar.

Græjaðu fermingargjafirnar!
Hljómskærustu pakkarnir

NÝHERJI
Borgartúni 37 / Kaupangi Akureyri
nyherji.is/fermingar

NM62018

Bose SoundLink Mini hljómtæki
**Verð: 39.990 kr.**
Þráðlaus og létt græja. Tengist við snjallsíma. Flott hulstur fylgir.



Sony Bluetooth hljómtæki
**Tilboð: 15.192 kr.**
Ótrúlega fínn hljómur sem hægt er að tengja við snjallsíma.



Plantronics RIG heyrnartól
**Verð: 21.900 kr.**
Frábær heyrnatól fyrir tölvuleikjasnillinginn.



# SNJALLSJÓNVARP FRÁ Panasonic




Fæst hvítt eða silfurlitað!

39"

42"

## GLÆSILEG HÖNNUN

**Tækið er glæsilega hannað með örþunnum ramma utan um skarpan LED skjá. Vandað, umhverfisvænt og í orkuflokki A+**

**Panasonic TXL39E6**

**119.990**

VERÐ ÁÐUR **149.990**

**Panasonic TXL42E6**

**129.990**

VERÐ ÁÐUR **169.990**

**Framúrskarandi myndgæði**
100Hz Backlight Blinking tryggir flöktlausa mynd og Vreal Smart örgjörvinn gerir alla myndvinnslu óaðfinnanlega.

**Viera Connect WiFi snjallsjónvarp**
Með nýjustu Panasonic tækni er boðið upp á allt það besta í samhæfni við net og tölvur. Með „My Home Screen" getur notandinn aðlagað að sínum þörfum hvað birtist á skjánum. Swipe & Share 2.0 gerir svo einfalt að senda myndir og myndbönd frá spjaldtölvum og snjallsímum yfir á tækið og Microsoft Smooth Streaming technology hámarkar gæði efnis sem náð er í gegnum netið.

FULL HD 1920X1080p · 100Hz Back Light Blinking · my Home Screen · HIGH CONTRAST · SWIPE & SHARE · VIERA Connect · Wireless LAN built-in · SLIM LED

AVForums HIGHLY RECOMMENDED AWARD · Trusted Reviews RECOMMENDED · HDTVtest HIGHLY RECOMMENDED · EDITORS' CHOICE MAR 2013 cnet

„It offers excellent picture quality with good upscaling, deep black levels and natural colors, and packages it up in an atrractively slim design" cnet – Editors choice

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • **WWW.SM.IS**

Official 3D Equipment Partner Panasonic

# Stjörnurnar í stuði í Los Angeles

MTV Movie-verðlaunin voru afhent í Los Angeles á sunnudagskvöldið. Kvikmyndirnar The Hunger Games: Catching Fire og We're the Millers voru sigursælastar en sú fyrrnefnda hlaut þrenn verðlaun og sú síðarnefnda tvenn. Þá fór kynnirinn, Conan O'Brien, á kostum.



**Í ANDA PHARRELLS** Leikarinn Jared Leto mætti með risastóran hatt en leikkonan Lupita Nyong'o var í kjól frá Chanel. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY



**SPRENGHLÆGILEGUR** Conan O'Brien brá sér í líki Chippendales-karlstrippara.



**DÚNDURDÚETT** Eminem og Rihanna fluttu The Monster.



**FORELDRAR Í STUÐI** Channing Tatum og Jenna Dewan-Tatum slógu á létta strengi.

## ALLIR SIGURVEGARAR HÁTÍÐARINNAR

**Mynd ársins**
The Hunger Games: Catching Fire

**Besta leikkona**
Jennifer Lawrence – The Hunger Games: Catching Fire

**Besti leikari**
Josh Hutcherson – The Hunger Games: Catching Fire

**Nýliði ársins**
Will Poulter – We're the Millers

**Besti koss**
Emma Roberts, Jennifer Aniston og Will Poulter – We're the Millers

**Besta slagsmálasena**
The Hobbit: The Desolation of Smaug – Orlando Bloom og Evangeline Lilly á móti orkum

**Besta frammistaða í gríni**
Jonah Hill – The Wolf of Wall Street

**Besta frammistaða ber að ofan**
Zac Efron – That Awkward Moment

**Besta illmenni**
Mila Kunis – Oz The Great and Powerful

**Besta umbreyting á hvíta tjaldinu**
Jared Leto – Dallas Buyers Club

**Besta tónlistaratriði**
Backstreet Boys, Jay Baruchel, Seth Rogen og Craig Robinson – This Is the End

**Besta „cameo"-hlutverk**
Rihanna – This Is the End



**REIF EFRON ÚR AÐ OFAN** Söngkonan Rita Ora reif Zac Efron úr að ofan og leikkonunni Jessicu Alba var skemmt.





*Mazda6 eru bestu kaupin í sínum flokki samkvæmt ritdómi Morgunblaðsins. Það ætti engan að undra því Mazda6 sameinar glæsilega hönnun, framúrskarandi akstursánægju og ótrúlega sparneytni. SKYACTIV spartækni Mazda skapar fádæma sparneytni fyrir stóran fjölskyldubíl. Þar sameinast ný vélar- og sjálfskiptitækni ásamt léttum en ofursterkum málmum sem létta bílinn. Eldsneytisnotkun SKYACTIV vélanna með sjálfskiptingu er einungis 4,8 l/100 km fyrir dísilvél og 6,0 l/100 km fyrir bensínvél.*

*MAZDA. DEFY CONVENTION.*

Nýir og notaðir bílar: Söludeildir eru opnar alla virka daga frá kl. 9-17 og laugardaga frá kl. 12-16.
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 8, sími 515 7040 I Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 515 7050 I mazda.is

Vissir þú að Mazda6 hefur þennan staðalbúnað?
Snjallhemlunarkerfi (Smart City Break Support), blindpunktsaðvörunarkerfi (Rear Vehicle Monitoring), i-stop spartækni, Bluetooth síma- og tónhlöðutengi, 17" álfelgur, nálægðarskynjara, upplýsingasnertiskjá í mælaborði, hraðastilli (cruise) og regnskynjara í framrúðu. Komdu í reynsluakstur og gerðu samanburð.
Brimborg og Mazda áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara. Útbúnaður getur verið frábrugðinn mynd í auglýsingu.

50 ár í bílgreininni
brimborg
Öruggur staður til að vera á

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

## AFGREIÐSLUTÍMI Í BÓNUS

| | | |
|---|---|---|
| ÞRIÐJUD. | 15.apríl | 11:00-19:00 |
| MIÐVIKUD. | 16.apríl | 10:00-20:00 |
| SKÍRDAGUR | 17.apríl | 10:00-19:00 |

NÝTT KORTATÍMABIL NÝTT KORTATÍMABIL

30% AFSLÁTTUR
Nóa konfekt 630g
FYLLTIR MOLAR
1259 kr. 630g
Verð áður kr. 1798

Vanillu ís 2 – Jarðarberja ís 2 – Súkkulaði ís 2
2 LTR.
359 krónur 2 ltr.

5.000 PAKKAR Í BOÐI
Merrild MALAÐ KAFFI
579 kr. 500g

2013 SLÁTRAÐ
1498 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Lambalæri í sneiðum FROSIÐ

Gleðilega páska
1998 kr. 1000g
1298 kr. 520g

Ali BAYONNE skinka
1198 krónur kg.
Ali Bayonne-skinka 1.flokkur

2013 SLÁTRAÐ
1259 krónur kg.
Kaupfél. Skagf. Heilt lambalæri FROSIÐ

1259 krónur kg.
Bónus Hamborgarhryggur

2013 SLÁTRAÐ
KJARNAFÆÐI
1398 krónur kg.
Kjarnafæði ÍSLENSKT HEIÐALAMB Íslenskar kryddjurtir

FRÁ ÞÝSKALANDI
1998 krónur kg.
100% KJÖT
Frosin Kalkúnabringa

NORÐLENSKT KOFAREYKT HANGIKJÖT
2798 krónur kg.
Kjarnafæði Kofareykt
HANGILÆRI ÚRBEINAÐ

BÓNUS Kornbrauð
198 kr. 1 kg.

10.000 PAKKAR Í BOÐI
Honey Cheerios
598 krónur 565g

10.000 PAKKAR Í BOÐI
Cheerios
498 krónur 518g

10.000 PAKKAR Í BOÐI
Cocoa Puffs
498 krónur 465g

Egils APPELSÍN
79 kr. 500ml

Coca-Cola
198 kr. 1.5 ltr.

pepsi – pepsi MAX
198 kr. 2 ltr.

AFGREIÐSLUTÍMI
ÞRIÐJUDAGUR
11:00-19:00

BÓNUS EKKERT BRUÐL

VISA

AFGREIÐSLUTÍMI
ÞRIÐJUDAGUR
11:00-19:00

## STJÖRNURNAR Á TWITTER



### Piers Morgan
@piersmorgan
**14. apríl**
„Mig grunar að ákvörðun Oscars Pistorius um að stíga í vitnastúkuna verði versta ákvörðun í lögfræðisögunni.



### Macklemore
@lamMacklemore
**14. apríl**
„Að ofhugsa hlutina drepur hamingjuna.“



### Harry Styles
@Harry_Styles
**11. apríl**
„Er öllum mjög illa við rauðrófur? Mér finnst það vera raunin.“

# Toppurinn að vera fullorðinn

**BAKPANKAR**
Söru McMahon



**ÞEGAR** ég var barn hlakkaði ég til þess að verða fullorðin. Mér fannst svalt að sjá fólk halda á innkaupapoka, heimilispóstinum og bisa við að opna útidyrnar heima hjá sér. Mér fannst töff að ganga með seðlaveski og horfa á fréttatíma RÚV. Mér fannst fullorðið fólk geggjað og ég gat ekki beðið eftir því að verða tekin í fullorðinna manna tölu.

**HIÐ** óhjákvæmilega gerðist og áður en ég vissi af var ég orðin fullorðin. Ég keypti fasteign, skila skattskýrslu minni á hverju ári, held lífi í plöntum og bý til sósur frá grunni. Draumur minn hafði ræst en skyndilega fannst mér ekki nóg að vera bara fullorðin – mig langaði líka að verða fullkomlega sjálfbjarga fullorðinn einstaklingur.

**FULL** bjartsýni hóf ég ætlunarverk mitt. Árið 2009 lærði ég að taka slátur og sníða vambir. Í fyrra lærði ég að smíða rúm úr pallettum … alvöru rúm á fótum sem stendur enn. Sama ár kenndi vinkona mín mér réttu aðferðina við að stytta buxur með broti í. Eldri starfsmaður í BYKO eyddi dágóðum tíma í að sýna mér hvernig eigi að beita sög þannig að það flísist sem minnst úr viðnum. Samstarfsmaður minn kenndi mér á tækniundrið sem kallað er snjallsími og góður vinur kenndi mér að tengja rafmagn.

**UM** síðustu helgi bættist svo enn í reynslubanka minn því ég fékk að aðstoða foreldra mína við að skipta um eldhúsinnréttingu. Með þolinmæðina að vopni útskýrði stjúpi minn fyrir mér hvert handtakið á fætur öðru og þótt ég sé ekki fullnuma í eldhúsuppsetningum, þá er ég komin með þokkalegan grunn.

**NÆSTA** mál á dagskrá er að dobla hann tengdaföður minn til að kenna mér handtökin við að hamfletta rjúpu. Ég vil einnig læra grunninn í pípulögnun. Það er toppurinn að vera fullorðinn.

# Hönnunargleði í Gerðarsafni

Margt var um manninn í Gerðarsafni í Kópavogi á laugardag þegar útskriftarsýning meistaranema við Listaháskóla Íslands var opnuð en sýningin stendur til 11. maí. Átta nemendur í hönnun og myndlist sýndu verk sín en þetta er fyrsti hópurinn sem útskrifast úr meistaranámi LHÍ í þessum greinum. Verk nemendanna eru af ýmsum toga, myndir, innsetningar og skúlptúrar.



**VEL SÓTT** Á fimmta hundrað gesta mættu á sýningaropnun í Gerðarsafni.



**ÍSLENSKI HESTURINN** Verk Grétu Guðmundsdóttur um íslenska hestinn vakti athygli.



**FJÖGUR FRÆKIN** Gréta Guðmundsdóttir, Kristján Jónsson, Diljá Þórhallsdóttir og Stefán Jónsson.



**GLATT Á HJALLA** Þórey Sigþórsdóttir og Fríða Björk Ingvarsdóttir létu sjá sig.








SMÁRABÍÓ — 5% aukakrónur

| | | |
|---|---|---|
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 4 - 5 - 6 - 7 - 8 - 9 - 10 | 7 |
| HARRÝ OG HEIMIR LÚXUS | KL. 4 - 6 - 8 - 10 | 7 |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 – 8 - 10.15 | 7 |
| HNETURÁNIÐ 2D | KL. 3.30 - 5.50 | L |
| ÆVINTÝRI HR. PÍBODYS ÍSL. TAL 2D | KL. 3.30 | L |
| RIDE ALONG | KL. 8 - 10.15 | 12 |

HÁSKÓLABÍÓ — 5% aukakrónur

| | | |
|---|---|---|
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 - 9 - 10 | 7 |
| NYMPHOMANIAC PART 2 | KL. 6 - 8 | 16 |
| HEILD | KL. 6 | L |
| GRAND BUDAPEST HOTEL | KL. 5.45 - 8 - 10.15 | 7 |

Miðasala á: eMiði

BÍÓBYLTING
ÞRJÁR NÝJAR LEIÐIR TIL AÐ FARA Í BÍÓ
BESTA VERÐIÐ Ódýrara fyrir kl. 19.
FJÖLSKYLDUPAKKINN Allir borga barnaverð.
GÆÐASTUND Fyrir 18 ára og eldri.
NÁNAR Á WWW.SMARABIO.IS/BYLTING

LAUGARÁSBÍÓ — Coca-Cola í Laugarásbíói





ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR

| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar | |
|---|---|---|
| MONICA Z | 5:50, 8 | 7 |
| HARRY OG HEIMIR ATH EKKI TILBOÐ | 2, 4, 6, 8, 10 | 7 |
| CAPTAIN AMERICA 3D | 8, 10:45 | 12 |
| NOAH | 10:20 | 12 |
| HNETURÁNIÐ 2D | 2, 4, 6 | L |
| ÆVINTÝRI PÍBODY 2D | 2, 4 | L |

SAMbio.is








SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 5 - 8 - 10 - 10:50 | 12 |
| DIVERGENT VIP | KL. 5 - 8 | |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 5:10 - 8 - 10:45 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 10:20 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 VIP 2D | KL. 10:50 | |
| NOAH | KL. 5 - 8 - 10:50 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 7:10 | 12 |
| NON STOP | KL. 8 | 12 |
| MUPPETS MOST WANTED ENSTAL2D | KL. 5:30 | L |
| THE LEGO MOVIE ÍSLTAL2D | KL. 5 | L |

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 3D | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| NOAH | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |
| NEED FOR SPEED | KL. 4:50 - 7:40 - 10:30 | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI — NÚMERUÐ SÆTI

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 6 - 9 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 2D | KL. 6 - 9 | 12 |
| NOAH | KL. 9 | 12 |
| GAMLINGINN | KL. 6 | 12 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 8 - 10:50 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 10 | 12 |
| HARRÝ OG HEIMIR | KL. 6 - 8 | L |
| THE NUT JOB | KL. 6 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| DIVERGENT | KL. 5:10 - 8 | 12 |
| CAPTAIN AMERICA 2 | KL. 3D: 5:10 - 10:45 2D: 8 | 12 |
| NOAH | KL. 10:45 | 12 |

ÞRIÐJUDAGS TILBOÐ Í DAG

www.baddydesign.com

NORRÆNA HÚSIÐ KYNNIR:
NORRÆN KVIKMYNDA HÁTÍÐ
3.–15. APRÍL 2014



NORRÆNA HÚSIÐ

Allar kvikmyndirnar eru sýndar með enskum texta og er frítt inn á hátíðina. Nánari upplýsingar á norraenahusid.is.



ÞRIÐJUDAGUR 15. APRÍL
14:00 Sju brödre, Finnland (2012), finnskumælandi
16:00 Fuglejagten, Danmörk (2012)
18:00 Miss Farkku-Suomi, Finnland (2012)
20:00 Monica Z, Svíþjóð (2013)



Kvikmyndasafn Íslands
sýnir í
Bæjarbíói

Sýnt er á þri kl. 20:00 og lau kl. 16:00
Sjá sýningarskrá á: www. kvikmyndasafn.is

UPPGANGAN
Stj.: Larisa Sjepitko
Sögusviðið er heimsstyrjöldin síðari. Skæruliðarnir Sotnikov og Rybak leggja í ferð langt inn á óvinasvæði í leit að vistum fyrir sveltandi félaga sína. Ferðalagið reynir ekki síður á andlegt atgervi þeirra en líkamsburði. Og það veltir upp ýmsum spurningum um samskipti, heiðarleika og frelsið. Inntak myndarinnar vísar til píslargöngu Krists og svika Júdasar, viðeigandi íhugunarefni í dymbilviku. Kvikmyndatakan er falleg og áhrifarík.

BÍÓ ★ PARADÍS — EUROPA CINEMAS



ANTBOY



METEÓRA



ANDRI & EDDA VERÐA BESTU VINIR

SJÁ FLEIRI SÝNINGAR Á WWW.BIOPARADIS.IS - Miðasala: 412 7711 - Hverfisgata 54 - bioparadis.is - Hluti af Europa Cinemas

# Hestur leikur aðalhlutverk í myndbandinu

Brynhildur Oddsdóttir tók upp myndband við lagið Óumflýjanlegt og fékk graðhest lánaðan í tökurnar.

„Ég útskrifaðist sem tamningamaður árið 2002 og var að vinna við það í svolítinn tíma. Ég hafði mikinn áhuga á að hafa myndbandið hestatengt,“ segir söngkonan og tónsmiðurinn Brynhildur Oddsdóttir. Hún tók nýverið upp tónlistarmyndband við fyrstu sólósmáskífuna sína Óumflýjanlegt og fékk lánaðan graðhestinn Pilt frá Hæli í tökurnar.

„Ég hefði ekki getað fengið betri hest. Hann var algjör snillingur. Þetta er þolinmóðasti hestur sem ég hef á ævi minni kynnst. Hann stóð grafkyrr á milli taka og ekkert væri,“ segir Brynhildur en vinkona hennar, Eva Rut Hjaltadóttir, leikstýrði myndbandinu, tók það upp og klippti.

Brynhildur lærði á fiðlu sem krakki og lærði söng í Nýja tónlistarskólanum. Árið 2011 kláraði hún síðan tónsmíðanám við Listaháskóla Íslands. Núna er hún líka að læra á rafmagnsgítar hjá Félagi íslenskra hljómlistarmanna og er á framhaldsstigi í djasssöng. Þá er hún einnig í hljómsveitinni Beebee and the Bluebirds sem gefur út plötu í maí. Það er því í nægu að snúast hjá Brynhildi.

„Lagið Óumflýjanlegt er hluti af sólóverkefninu mínu. Þetta lag er verk sem stendur eitt og sér með myndbandinu en ég ætla að gera sólóplötu á þessu ári. Það er allavega stefnan,“ segir Brynhildur. Hún treður upp á Blúshátíð Reykjavíkur á Hilton Nordica á fimmtudaginn sem sólólistamaður.

„Ég opna kvöldið en sama kvöld spila einnig Egill Ólafsson, Dóri Braga og Andrea Gylfadóttir.“

-lkg

> **Þetta er þolinmóðasti hestur sem ég hef á ævi minni kynnst.**
>
> *Brynhildur Oddsdóttir*



**GEKK EINS OG Í SÖGU** Brynhildur er lærður tamningamaður. MYND/EVA RUT HJALTADÓTTIR



**FJÖLHÆFUR** Ed Sheeran er með englarödd. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Setur Beyoncé í nýjan búning

Tónlistarmaðurinn Ed Sheeran var gestur í útvarpsþætti Elvis Duran á útvarpsstöðinni Z100 og flutti sína útgáfu af Beyoncé-smellinum Drunk in Love.

Flutningur Eds vakti mikla athygli en hann var í útvarpsþættinum til að kynna nýju plötuna sína X, sem kemur út þann 23. júní.

Ed er þekktur fyrir að setja lög annarra í nýjan búning og hefur til dæmis gert þetta með lög Blackstreet og Rihönnu.

-lkg



**KUNNINGJAKONUR** Lily þekkti Amy lítillega. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

## Tileinkar Amy nýju plötuna

Tónlistarkonan Lily Allen hefur í nægu að snúast þessa dagana við að kynna nýju plötuna sína Sheezus.

Lily segir í viðtali við Telegraph að hún tileinki Amy heitinni Winehouse plötuna en þær voru kunningjakonur.

„Hún var ekki á góðum stað þegar við kynntumst þannig að mér finnst ég ekki hafa þekkt Amy, ég þekkti útgáfu af henni,“ segir Lily.

„Hún þurfti að kljást við tíu sinnum meira en ég. Hún seldi miklu fleiri plötur en ég og það var miklu meiri áhugi fyrir henni. Það var fólk fyrir utan heimili hennar allan sólarhringinn, alla daga vikunnar. Hún gat ekki gert neitt án þess að það ylli æsingi og hún elskaði að skemmta sér og kynnast fólki. Hún var fangi þegar það var tekið af henni,“ bætir Lily við.

-lkg




**Í könnun Neytendablaðsins, 1. tbl. 60. árg. mars 2014, fékk Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK bestu einkunn.**

Sænska neytendablaðið Råd & Rön gerði úttekt á uppþvottavélum frá ýmsum framleiðendum og kom Siemens uppþvottavélin SN 45M231SK best út. Þetta er fjórða árið í röð sem Siemens uppþvottavél hlýtur fyrsta sætið*. Vélin fær toppeinkunn fyrir þurrkhæfni, þökk sé einstakri nýjung: **zeolite**-þurrkun, sem skilar sérlega þurru og glitrandi hreinu leirtaui. Frekari upplýsingar um þessa uppþvottavél er að finna á heimasíðu okkar, www.sminor.is.

*SN 45M203SK, Råd & Rön, 8. tbl. 2010; SN 45M206SK, Testfakta, 16.9. 2011 (www.testfakta.se); SN 45M205SK, Råd & Rön, 4. tbl. 2012; SN 45M231SK, Råd & Rön, 3. tbl. 2013.

Råd&Rön HÆSTA EINKUNN April 2013

SMITH & NORLAND
Nóatúni 4 · Sími 520 3000
www.sminor.is

# Vildi passa upp á að gleymast ekki

**Hrafnhildur Lúthersdóttir nýtti Íslandsheimsóknina vel og vann sjö gullverðlaun á Íslandsmeistaramótinu í sundi um helgina en hún gaf sér smá tíma frá náminu í Flórída. Hápunkturinn var Íslandsmetið í 100 metra bringusundi sem hún bætti um tæpa sekúndu.**


**UPPSKERA HELGARINNAR** Hrafnhildur Lúthersdóttir vann níu verðlaun á Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug um helgina, þar af fjögur gull í einstaklingsgreinum. Hún fékk einnig Sigurðarbikarinn fyrir besta afrekið í bringusundi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

**SUND** Hrafnhildur Lúthersdóttir, sundkona úr SH, bætti sjö Íslandsmeistaratitlum í safnið um helgina þegar hún skellti sér heim til Íslands til að taka þátt í Íslandsmeistaramótinu í 50 metra laug sem fram fór í Laugardalslauginni. Hrafnhildur er við nám í Flórída í Bandaríkjunum sem hefur reynst henni vel.

Hrafnhildur vann allar þrjár bringusundsgreinarnar (50 metra, 100 metra og 200 metra) á ÍM, auk þess að vinna 200 metra fjórsund. Hún átti síðan þátt í þrennum gullverðlaunum og tveimur silfurverðlaunum hjá SH í boðsundsgreinum.

### Vildi alls ekki missa af ÍM

„Ég vildi alls ekki missa af þessu móti. Maður verður að koma heim og láta sjá sig svo maður gleymist ekki," segir Hrafnhildur í léttum tón. Hún horfir nú til næsta stórmóts sem er Evrópumeistaramótið í haust. Hrafnhildur kláraði á dögunum sitt síðasta tímabil með Flórída-háskólanum þar sem hún komst í NCAA-úrslitamótið á öllum fjórum árum sínum. Á lokamótinu synti hún þrisvar til úrslita, þar af tvisvar með boðsundssveit skólans sem náði 3. og 4. sæti á nýjum skólametum.

„Ég kom á ÍM með það markmið að hafa gaman af þessu og synda eins hratt og ég gæti. Ég var fullhvíld fyrir tveimur vikum fyrir úrslitamótið í bandaríska háskólasundinu. Ég er búin að vera í hvíld síðan þá. Það er erfitt að halda svona hvíld svona lengi þannig að ég bjóst ekki við miklu," segir Hrafnhildur.

Glæsilegt Íslandsmet í fyrstu grein á föstudagskvöldið kom því skemmtilega á óvart. „Ég var frekar fersk af því að þetta var fyrsta sundið á helginni, synti þetta vel og það gekk allt upp," segir hún. Hún kom í mark á 1:08.62 mínútum en gamla metið var 1:09.48 mínútur. Hrafnhildur segist hafa lengi verið að stefna á það að komast undir 1:09 og nú tókst það.

Hrafnhildur hefur notið tímans sem krókódíll (Florida Gators) og fjölmörg Íslandsmet á meðan hún hefur verið við nám við skólann segja líka sína sögu.

„Það er ótrúlega gaman og það hefur greinilega hjálpað mér mjög mikið. Ég fæ miklu meira af þolæfingum þarna úti og svo er alltaf gott að koma heim og fá meiri tækniæfingar hjá Klaus, sem er þjálfarinn minn hérna heima. Hann þekkir mig rosalega vel og það er gott að vinna með honum þó að ég sé að æfa þarna úti. Hann veit alltaf hvað ég á að gera þegar ég kem heim," segir Hrafnhildur. Árin í Flórída hafa virkað vel á hana.

### Æfir meira og öðruvísi

„Ég er að æfa svolítið öðruvísi og meira. Þetta voru viðbrigði í byrjun en svo venst maður þessu," segir Hrafnhildur og það er engin afslöppun á dagskránni fram að Ólympíuleikunum í Ríó 2016.

Hrafnhildur ætlar reyndar að taka sér vikuhvíld á meðan hún býr sig undir prófatörn í skólanum en svo byrja æfingarnar á fullu og hún sér ekki fram á neina hvíld í sumar.

„Ég sé mig bara æfa á fullu samfellt til ársins 2016. Það verður engin hvíld hjá mér," segir Hrafnhildur ákveðin. Hún er að læra almannatengsl í skólanum. Hún mælir hiklaust með að íslenskt sundfólk skelli sér í nám til Bandaríkjanna.

### Mælir með því að fara út í skóla

„Ég mæli endalaust með því fyrir ungt sundfólk að fara út í skóla. Þetta er svo gott tækifæri. Þetta er frítt nám og svo færðu að æfa með því sem getur verið svo erfitt að gera hérna heima, það er að vera bæði í sundinu og í háskólanum. Þá endistu ekki lengi í sundinu nema þú dreifir náminu yfir lengri tíma. Það er líka farið svo vel með íþróttamennina þarna úti þannig að þetta er kjörið tækifæri," segir Hrafnhildur.

Hún reyndi að nýta vikuna á Íslandi sem best og var ekki bara í lauginni.

„Ég hitti vinkonur mínar og ömmu og afa sem og eitthvað af fjölskyldunni. Ég fékk að borða góðan íslenskan mat sem ég hafði ekki borðað lengi. Núna taka bara við lokaverkefni og próf í skólanum. Svo eru nokkrir vinir mínir að fara að útskrifast þannig að ég fæ að sjá alvöru bandaríska útskrift. Sjá þau henda upp hattinum og eitthvað svoleiðis," segir Hrafnhildur.

### Páskaegg og ferð í Disneyland

Fréttablaðið heyrði í henni í gær þegar hún var að undirbúa brottför til Flórída og verðlaunin fyrir góða frammistöðu eru ekki bara fjöldi verðlaunapeninga heldur einnig eitt gott íslenskt páskaegg sem verður með í för.

Hrafnhildur ætlar líka að heimsækja Disneyland í fyrsta sinn. Ef einhver hefur unnið sér það inn þá er það fremsta bringusundskona landsins.

ooj@frettabladid.is



Samsettir fjáröflunarpakkar eða sérsniðnir eftir óskum hópsins
olís
Hafið samband við sölumenn Rekstrarlands eða **næsta útibú Olís** og leitið tilboða. Rekstrarland er byggt á fyrrum rekstrarvörudeild Olís og er dótturfyrirtæki Olíuverzlunar Íslands hf.
REKSTRARLAND
– léttir þér lífið
Skeifunni 11 | Sími 515 1100
www.rekstrarland.is


**SVEKKTIR** ÍR tapaði 5 af síðustu 6 leikjum sínum og fer í umspilið. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

# Haukar og FH mætast

**ÍR fer í umspilið eftir spennandi lokaumferð.**

**HANDBOLTI** FH tryggði sér í gærkvöldi síðasta sætið í úrslitakeppninni í Olís-deild karla í handbolta eftir dramatískan sigur á ÍR, 28-27, í Austurbergi. FH var 26-21 yfir þegar átta mínútur voru eftir en heimamenn tóku á mikinn sprett og jöfnuðu leikinn, 27-27. Það var svo Benedikt Reynir Kristinsson sem skoraði sigurmark FH 30 sekúndum áður en lokaflautið gall í Breiðholtinu.

FH-ingar fengu hjálp frá Valsmönnum sem unnu Framara í Reykjavíkurslag að Hlíðarenda, 26-19, eftir að lenda mest 8-3 undir í byrjun leiks.

Valur tryggði sér þriðja sætið með sigrinum en skildi um leið Framara eftir með sárt ennið í fimmta sæti deildarinnar og FH komst í úrslitakeppnina. ÍR gat einnig tryggt sér sæti í úrslitakeppninni með sigri en allt fór á versta veg hjá því vegna tapsins. Vegna sigurs Vals á Fram og Akureyrar á botnliði HK féllu ÍR-ingar alla leið niður í 7. sætið og þurfa Breiðhyltingar því að fara í umspil við liðin í 1. deildinni um áframhaldandi veru í deildinni.

Haukar unnu toppslaginn gegn ÍBV, 24-23, að Ásvöllum í gær og unnu því deildina með fjögurra stiga mun en ÍBV endar í öðru sæti en það er nýliði í deildinni.

Þar með er það klárt að handboltaunnendur fá enn fleiri Hafnafjarðarslagi því Haukar og FH mætast í undanúrslitum Íslandsmótsins og þá eigast við Eyjamenn og Valsmenn.

-tom

# FARTÖLVUTILBOÐ

acer

## GLÆSILEGA HÖNNUÐ HVÍT ACER ASPIRON MEÐ INTEL i3 !

**Frábær kaup í þessari fyrir páskana. Skemmtilega hönnuð 14" fartölva með langri rafhlöðuendingu og Intel i3 örgjörvanum. Intel HD 4000 skjákort og 500GB harður diskur. Stórt og þægilegt lyklaborð. Windows 8.1.**

**99.990**



ACE-NXMKJED001



TOSHIBA

## FJÓRIR KJARNAR OG NÝR INTEL i7 HASWELL ÖRGJÖRVI !

**Ein sú öflugasta í L-línunni frá Toshiba. Kraftmikil og hröð í vinnslu með Intel i7 Haswell örgjörvanum. Frábær í leikjaspilun með 2GB nVidia GeForce GT 740M skjákorti. Kristaltær og skarpur 15,6" skjár og 500GB harður diskur. Windows 8.1.**

**149.990**

TOS-L50A1D6

PROMENNT **ÓKEYPIS WINDOWS 8 NÁMSKEIÐ FYLGIR ÖLLUM TÖLVUM !**

Allir sem velja tölvu hjá okkur með Windows 8 fá ávísun á skemmtilegt og fræðandi námskeið sem haldið er í samstarfi við Promennt sem sérhæfa sig í fjölbreyttu tölvunámi. Microsoft sérfræðingar Promennt fara yfir helstu nýjungarnar og helstu grundvallaratriði í notkun Windows 8.

tl.is

TÖLVU LISTINN




**OPIÐ**

Virka daga 10-18
Laugardaga 11-16

| REYKJAVÍK | AKUREYRI | HÚSAVÍK | EGILSSTAÐIR | KEFLAVÍK | SELFOSS | AKRANES | HAFNARFJÖRÐUR |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| SUÐURLANDSBRAUT 26 | GLERÁRGÖTU 30 | GARÐARSBRAUT 18A | KAUPVANGI 6 | HAFNARGÖTU 90 | AUSTURVEGI 34 | ÞJÓÐBRAUT 1 | REYKJAVÍKURVEGI 66 |
| Sími 414 1700 | Sími 414 1730 | Sími 464 1600 | Sími 414 1735 | Sími 414 1740 | Sími 414 1745 | SÍMI 431 333 | Sími 414 1750 |

-12 KR.
AF BENSÍNI OG DÍSEL Í DAG
ÞRIÐJUDAG
með lykli, Staðgreiðslu- og
Tvennukorti Olís

OG
3FALDIR
Vildarpunktar
Icelandair
alla páskana
15.–21. apríl

Dæmi: 10.000 kr. áfylling
gefur 450 Vildarpunkta.

PIPAR\TBWA · SÍA · 141120



ICELANDAIR

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með Olís-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair korti, American Express vildarkorti eða Einstaklingskorti Olís. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi Olís eru á olis.is/vidskiptakort/vildarkerfi

olís

# Geri allt á minn hátt

Hrái töframaðurinn Bubba Watson vann Masters öðru sinni og komst í hóp með risanöfnum sögunnar. Kenndi sér sjálfur og fagnaði með ættleiddum syni.

**GOLF** Gerry Lester „Bubba“ Watson er ekki steyptur í golfmótið. Þegar hann var lítill drengur sagaði faðir Bubba ofan af níu-járni fyrir hann og sendi hann út í garð með litla loftbolta. Hann fékk stutta kennslu frá föður sínum um hvernig halda skyldi á kylfunni og sveifla. Meira var það ekki.

Bubba Watson hefur ekki sótt sér neina golfkennslu síðan. Hann kenndi sér sjálfur og er nú orðinn tvöfaldur Masters-meistari eftir frábæra frammistöðu á Augusta National-vellinum á sunnudaginn þar sem hann hafði betur í baráttunni við hinn unga Jordan Spieth.

Bubba fékk græna jakkann aftur, í annað sinn á þremur árum, og er þar með kominn í hóp með mönnum á borð við Ben Hogan, Byron Nelson, Tom Watson og Seve heitnum Ballesteros. Hóp sem flestir væru til í að tilheyra.

Bubba afgreiddi þá mýtu algjörlega að hann væri eitthvert „one hit wonder“.

**Spilar golf á sinn hátt**

Sigurinn á Masters að þessu sinni var ekki jafn dramatískur og fyrir tveimur árum þegar hann bauð upp á eitt ótrúlegasta högg golfsögunnar í bráðabana. Nú var hann reyndi kylfingurinn sem hélt haus og talaði um það alla helgina að hitta flatirnar. Á sama tíma brotnaði Spieth.

Það var þó ekki þar með sagt að Bubba væri ekki lengur sá skemmtilegi og óútreiknanlegi kylfingur sem golfheimurinn er fyrir löngu byrjaður að elska.

Hann sagðist eftir mótið oftar hafa beðið kylfusvein sinn um ráð og spurt hver væri skynsamlegasti kosturinn. Bubba fór þó ekki alltaf eftir ráðleggingunum. Það er bara ekki hans stíll.

Besta dæmið um það var á 15. holu á lokahringnum þegar hann missti boltann aðeins út fyrir braut. Í staðinn fyrir að leggja hann örugglega inn á brautina aftur og nota þriðja höggið til að setja sig eins nálægt pinna og hægt var negldi Bubba boltanum bara inn á flöt úr erfiðri stöðu. Þetta myndi engum öðrum detta í hug í þessari stöðu.

„Ég geri allt á minn hátt,“ sagði Bubba Watson eftir sigurinn á sunnudaginn. Hann laug engu.

**Erfitt að verja titilinn**

Bubba náði aðeins 50. sæti á síðasta Masters-móti þegar hann kom til að verja titilinn. Það reyndist honum um megn. Hann var í raun enn að átta sig á því sem hann hafði afrekað ári áður. Bubba hafði komið svo langa leið og unnið stærsta mótið. „Þið verðið að átta ykkur á því hvaðan ég kem. Pabbi vann í byggingarvinnu og mamma vann tvö störf til að ég gæti stundað golf,“ sagði Bubba.



**ENGUM LÍKUR** Bubba Watson með ættleidda soninn Caleb Watson eftir sigur á Masters 2014 á Augusta-vellinum í Georgíuríki. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

Hann var þá einnig nýbúinn að ættleiða soninn Caleb með konu sinni Angie. Eiginkona Bubba tilkynnti honum á fyrsta stefnumóti að hún gæti ekki eignast börn og þurftu þau því að grípa til ættleiðingar. Eftir nokkrar misheppnaðar tilraunir fengu þau Caleb og það sem var að gerast utan vallar var einfaldlega of mikið fyrir hinn tilfinningaríka Bubba Watson.

„Ég þurfti að læra að greiða úr mínum málum á minn hátt. Það tók mig bara svolítið langan tíma að finna einbeitinguna og drifkraftinn aftur sem kom mér aftur hingað,“ sagði Bubba Watson sem faðmaði son sinn og konu og grét af gleði eins og svo oft áður þegar sigurpúttið steinlá á 18. flötinni á Augusta-vellinum.

**Hráir hæfileikar**

„Hann er svo hugmyndaríkur og snjall spilari. Hann er með svo hráa og náttúrulega hæfileika. Bubba er eiginlega snillingur en samt maður sem hefur þurft að hafa fyrir sínu,“ sagði Paul Azinger, fyrrverandi fyrirliði Ryder-liðs Bandaríkjanna, um Bubba um helgina er hann var að lýsa mótinu á einni sjónvarpsstöðinni.

Bubba er svo sannarlega hrár. Sveiflan hans er langt frá því að vera falleg eins og svissneska klukkuspilið sem margir mótherjar hans bjóða upp á. Bubba slær boltann og slær hann fast. Hann slær líka lengst á mótaröðinni en um helgina fóru teighöggin hans að meðaltali 280 metra.

„Maður verður bara að nota sína sveiflu. Það er það sem ég segi við alla. Ég geri bara það sem ég þarf að gera til að vinna mót. Mér er alveg sama þó sveiflan sé ljót. Ég vil bara vinna og sem betur fer er ég búinn að gera það tvisvar hérna,“ sagði Bubba eftir Masters-mótið en hann vildi þó lítið vera að láta nefna sig í sömu setningu og aðrar hetjur sem unnið hafa mótið tvisvar.

„Ég er bara að reyna að halda PGA-kortinu mínu. Ef fólk segir að ég sé góður spilari þá er það bara flott. En ég spila ekki golf til að heyra fólk segja hversu frábær ég er. Ég spila golf því ég elska það,“ sagði Bubba Watson.

tom@frettabladid.is

# Bræðraslagur kostaði þrjú stig

FH og KV notuðu ólöglega leikmenn í lokaumferðum Lengjubikarsins í fótbolta.

**FÓTBOLTI** KV, sem leikur í 1. deild í fyrsta skipti í níu ára sögu félagsins í sumar, gerði jafntefli við Pepsi-deildarlið Víkings, 2-2, í lokaumferð 3. riðils A-deildar Lengjubikarsins í fótbolta síðastliðið föstudagskvöld. Úrslitunum hefur þó verið breytt í 3-0 sigur Víkinga því KV-menn notuðust við ólöglegan leikmann í leiknum.

Davíð Steinn Sigurðarson, miðjumaður KV, fékk sitt þriðja gula spjald í leiknum á undan gegn Víkingum úr Ólafsvík og hefði því átt að taka út leikbann en það yfirsást KV-mönnum.

Davíð Steinn er í láni frá Víkingum en hafði fengið leyfi til að spila leikinn, ólíkt því þegar liðin mættust í Borgunarbikarnum síðasta sumar.

Leikurinn verður eftirminnilegur fyrir Davíð þar sem hann mætti bróður sínum, Halldóri Smára Sigurðarsyni, í fyrsta skipti á knattspyrnuvellinum en Halldór hefur leikið allan sinn feril með Víkingi.

„Leikurinn í kvöld mun seint gleymast en KV og Víkingur mættust þar sem ég og stóri bróðir byrjuðum á sitthvorri miðjunni,“ skrifaði Davíð Steinn á Instagram-síðu sína eftir leik.

Þessi bræðraslagur kostaði KV þó þrjú stig en það hafði engin áhrif á lokastöðu riðilsins. KV komst ekki áfram en Víkingar enduðu í 2. sæti og mæta Breiðabliki í átta liða úrslitum.

FH notaði einnig ólöglegan leikmann í 3-2 sigri á Fjölni í næstsíðustu umferð 1. riðils. Það varð til þess að Þór fór upp fyrir FH í 1. sæti riðilsins og hefur það í



**LITLI BRÓÐIR** Davíð Steinn Sigurðarson var í banni. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

för með sér breytingar á átta liða úrslitum Lengjubikarsins.

Í stað þess að mæta Keflavík í átta liða úrslitum mætir FH nú Stjörnunni en Þórsarar mæta Keflvíkingum í átta liða úrslitum. -tom



**UPP, UPP, UPP** Stjarnan steig hvert skrefið af öðru upp metorðastigann á meðan Teitur þjálfaði liðið. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tímamótatíð hjá Teiti

**Teitur Örlygsson kvaddi Ásgarð á sunnudaginn eftir fimm og hálft tímabil sem þjálfari karlaliðs Stjörnunnar. Liðið náði ekki þeim stóra en endurskrifaði körfuboltasögu Garðabæjar í þjálfaratíð þessa mikla sigurvegara úr Njarðvík.**

**KÖRFUBOLTI** Teitur Örlygsson stýrði Stjörnuliðinu í síðasta sinn á sunnudagskvöldið þar sem Garðabæjarliðið datt út úr úrslitakeppninni eftir æsispennandi leik og eins stigs tap fyrir deildarmeisturum KR.

Það er óhætt að segja að Teitur hafi skrifað nokkra kafla í sögu körfuboltans í Garðabænum þau rúmu fimm ár sem hann var við stjórnvölinn í Ásgarði en Stjarnan hefur á þeim tíma orðið að einu af bestu körfuboltaliðum landsins þótt Íslandsbikarinn eigi enn eftir að rata í Garðabæinn.

### Einn sá óvæntasti í sögunni

Teitur tók við Stjörnuliðinu á miðju tímabili 2008-09 og hafði ekki verið marga mánuði í starfinu þegar Stjarnan vann einn óvæntasta sigur í sögu íslenska körfuboltans. Stjarnan vann þá stórstjörnulið KR í bikarúrslitaleiknum í Laugardalshöllinni og dramatísk fagnaðarlæti þessa mikla sigurvegara gleymast líklega aldrei.

Síðan þá hefur Stjarnan ítrekað endurskrifað körfuboltasögu félagsins og nú síðast hjálpuðu Stjörnumenn Teiti sjálfum að ná einstökum árangri. Teitur vann fjóra leiki með Stjörnunni í þessari úrslitakeppni og komst þar með upp í 100 sigurleiki í úrslitakeppninni á Íslandi. Hann varð fyrstur til að vinna tíu Íslandsmeistaratitla sem leikmaður í úrslitakeppni og tími hans með Stjörnunni kom honum upp um hundrað sigurleiki sem leikmaður og þjálfari í úrslitakeppni.

Það eina sem vantar upp á er að vinna Íslandsmeistarabikarinn sem var í huga flestra kominn hálfa leið upp í Ásgarð fyrir ári. Sigurvilji Grindvíkinga verður hins vegar seint vanmetinn og Teitur og félagar urðu að sætta sig við silfrið í annað skiptið á þremur tímabilum.

### Hafa fest sig í sessi

„Hjartað í liðinu í dag eru sömu mennirnir og voru þegar ég kom og við erum að spila svipað kerfi mestallan tímann. Liðið og deildin á sama tíma hefur dafnað frá því að ég tók við Stjörnunni og það hefur verið gaman að fylgjast með uppbyggingunni. Liðið hefur unnið tvö silfur og tvo bikarmeistaratitla og er vonandi búið að festa sig í sessi í körfubolta," sagði Teitur við blaðamann Vísis eftir síðasta leikinn sem þjálfari Stjörnuliðsins.

Teitur gekk líka stoltur maður út úr Ásgarði á sunnudagskvöldið: „Algjörlega, stoltur og þakklátur fyrir að hafa fengið þetta tækifæri. Allir vinirnir sem maður er búinn að eignast hérna, það situr eftir í manni," sagði Teitur.



### Komið að 89 prósent sigranna

Stjarnan hefur unnið 106 leiki í deild og úrslitakeppni frá upphafi, þar af 94 þeirra undir stjórn Teits Örlygssonar eða 89 prósent. Hann hefur komið að báðum stórum titlum félagsins og nú er það í höndum Hrafns Kristjánssonar að fylgja starfi hans eftir.

Hér fyrir neðan má sjá yfirlit yfir fyrstu skrefin sem Stjarnan tók í þjálfaratíð Teits Örlygssonar frá 2009 til 2014.

ooj@frettabladi.is



## „NÝJU SKREFIN" Í GARÐABÆNUM Í ÞJÁLFARATÍÐ TEITS

**FYRSTA SINN Í UNDANÚRSLIT Í BIKARKEPPNI**
- 11. janúar 2009 (116-70 sigur á Val)

**FYRSTA SINN Í BIKARÚRSLITALEIK**
- 25. janúar 2009 (83-73 sigur á Njarðvík)

**FYRSTI BIKARMEISTARATITILINN**
- 15. febrúar 2009 (78-76 sigur á KR)

**FYRSTA SINN YFIR 50 PRÓSENT SIGURHLUTFALL Á TÍMABILI**
- 2009/10, 68 prósent (15 sigrar - 7 töp)

**FYRSTI LEIKUR Í ÚRSLITAKEPPNI**
- 14. mars 2009 (81-93 tap fyrir Snæfelli)

**FYRSTI SIGURLEIKUR Í ÚRSLITAKEPPNI**
- 29. mars 2010 (95-91 sigur á Njarðvík)

**FYRSTI SIGUR Í SERÍU Í ÚRSLITAKEPPNI**
- 23. mars 2011 (69-66 sigur á Grindavík, 2-1)

**FYRSTI SIGUR Í UNDANÚRSLITUM Í ÚRSLITAKEPPNI**
- 27. mars 2011 (75-73 sigur á Snæfelli)

**FYRSTA SINN Í LOKAÚRSLIT Í ÚRSLITAKEPPNI**
- 31. mars 2011 (105-88 sigur á Snæfelli)

**FYRSTI SIGUR Í LOKAÚRSLITUM Í ÚRSLITAKEPPNI**
- 14. apríl 2011 (107-105 sigur á KR)

**FYRSTA FORYSTA Í LOKAÚRSLITUM Í ÚRSLITAKEPPNI**
- 22. apríl 2013 (101-89 sigur á Grindavík, 2-1)




Hlaupagarpar!

Hlaupahópur Stjörnunnar leitar nú að þjálfara til að ganga til liðs við frábæran hóp skemmtilegra einstaklinga.

Hópurinn var stofnaður haustið 2012 og er í dag með stærri hlaupahópum landsins. Mikil fjölbreytni er innan hópsins sem og mikið og gott félagslíf sem stýrt er af öflugri stjórn.

Ef þú ert áhugasamur og vilt kynna þér málið frekar vertu þá í sambandi við Odd eða Gunnar, oddur@nordicseafood.is s. 847 7674 eða gunnar@garri.is s. 696 4446.



-12 KR.

af bensíni og dísel í dag þriðjudag

með lykli, Staðgreiðslu- og Tvennukorti Olís



OG 3FALDIR

Vildarpunktar Icelandair alla páskana

15.–21. apríl

Dæmi: 10.000 kr. áfylling gefur 450 Vildarpunkta.

PIPAR\TBWA · SÍA · 141120

ICELANDAIR

Til að safna Vildarpunktum Icelandair með ÓB-lyklinum þarf að hafa hann tengdan Visa Icelandair korti eða American Express vildarkorti. Einnig er hægt að safna punktum með Sagakorti. Nánari upplýsingar um vildarkerfi ÓB eru á ob.is/vildarkerfi

ÓB


KR - STJ
KARLA,
KÖRFU

# DAGSKRÁ

## Í KVÖLD

### Stöð 3 kl. 21.05
**Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**



Stórsöngvarinn Friðrik Dór stjórnar þessum fjölbreytta og skemmtilega þætti og honum til halds og trausts verður leikarinn Ásgrímur Geir Logason. Fjöldi góðra gesta mætir í þáttinn auk þess sem boðið verður upp á frábæra tónlist.



### Nýsköpun – Íslensk vísindi
**RÚV KL. 21.25** Ný íslensk þáttaröð fyrir alla fjölskylduna um vísindi og fræði í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar og Valdimars Leifssonar. Í þættinum er almenningsheilsa eftir hrunið til dæmis skoðuð sem og skyndilegar loftslagsbreytingar.



### The Good Wife
**SKJÁR EINN KL. 21.10** Julianna Margulies leikur hina geðþekku eiginkonu Aliciu sem hefur ákveðið að yfirgefa sína gömlu lögfræðistofu og stofna nýja ásamt fyrrverandi samstarfsmanni sínum. Þetta er fimmta serían af þáttunum þar sem valdatafl, réttlætisbarátta og forboðin ást eru í aðalhlutverkum.



### Happy Gilmore
**STÖÐ 2 BÍÓ KL. 20.25** Uppgjafaíshokkíleikaranum Happy Gilmore gengur ekki nógu vel í lífinu. Kærastan er farin frá honum og hann getur lítið gert fyrir ömmu sína sem er að missa húsið sitt. Með von um skjótan gróða ákveður hann að taka þátt í golfmóti án þess að hafa nokkra reynslu af íþróttinni.

### X977 kl. 17.30
**Frosti**



Útvarpsmaðurinn Frosti Logason lokar deginum á X-inu 977 eins og honum einum er lagið. Frosti ræðir um daginn og veginn auk þess að spila góða tónlist, enda annálaður smekkmaður á músík.





HEFUR ÞÚ ORÐIÐ VITNI AÐ

GÓÐVERKI?

ÓSKAÐ ER EFTIR TILNEFNINGUM TIL SAMFÉLAGSVERÐLAUNA FRÉTTABLAÐSINS 2014

Til greina koma allir sem hafa lagt umtalsvert af mörkum til að bæta íslenskt samfélag. Skorað er á lesendur Fréttablaðsins að senda inn tilnefningar um fólk og félagasamtök sem eiga skilið virðingarvott fyrir verk sín. Allir koma til greina, jafnt óþekktir einstaklingar sem vinna störf sín í hljóði, félagasamtök og þjóðþekktir karlar og konur sem hafa með gjörðum sínum og framgöngu verið öðrum fyrirmynd.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐSINS ERU VEITT Í FIMM FLOKKUM.

1 **Hvunndagshetjan**
Einstaklingur sem sýnt hefur sérstaka óeigingirni eða hugrekki, hvort sem er í tengslum við einn atburð eða með vinnu að ákveðnum málaflokki í lengri tíma.

2 **Frá kynslóð til kynslóðar**
Hér koma til greina kennarar, leiðbeinendur, þjálfarar eða aðrir uppfræðarar sem skarað hafa fram úr á einhvern hátt. Einnig koma til greina félagasamtök sem sinna börnum af sérstökum metnaði og alúð.

3 **Til atlögu gegn fordómum**
Einstaklingur eða félagasamtök sem hafa unnið ötullega að því að eyða fordómum í samfélaginu.

4 **Heiðursverðlaun**
Einstaklingur sem með ævistarfi sínu hefur stuðlað að betra samfélagi.

5 **Samfélagsverðlaunin**
Félagasamtök sem hafa unnið framúrskarandi mannúðar- eða náttúruverndarstarf og lagt sitt af mörkum til að gera íslenskt samfélag betra fyrir okkur öll. **Verðlaunafé 1,2 milljónir.**

Sendið tilnefningar á hlekknum Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins á **visir.is/samfelagsverdlaun,** með tölvupósti á netfangið samfelags-verdlaun@frettabladid.is, eða bréfleiðis merkt: Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins, Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík. Dómnefnd tekur allar innsendar tillögur til skoðunar. Samfélagsverðlaun Fréttablaðsins verða veitt í maí.

SAMFÉLAGSVERÐLAUN FRÉTTABLAÐIÐ


## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**07.40 Malcolm in the Middle** *(19:22)*
**08.05 Barnatími Stöðvar 2**
**0830 Extreme Makeover: Home Edition** *(4:26)*
**09.15 Bold and the Beautiful**
**09.35 Doctors**
**10.15 The Wonder Years** *(4:24)*
**10.40 The Middle** *(21:24)*
**11.05 Flipping Out** *(3:11)*
**11.50 The Kennedys** *(1:8)*
**12.35 Nágrannar**
**13.00 The X-Factor US** *(10:26)*
**13.50 Covert Affairs** *(3:16)*
**14.35 In Treatment** *(20:28)*
**15.05 Sjáðu**
**15.35 Ozzy & Drix**
**16.00 Scooby-Doo! Leynifélagið**
**16.25 Mike & Molly** *(11:24)*
**16.45 How I Met Your Mother** *(13:24)*
**17.10 Bold and the Beautiful** *(6341:6821)*
**17.32 Nágrannar**
**17.57 Simpson-fjölskyldan** *(12:22)*
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Um land allt**
**19.45 Surviving Jack** *(1:8)*
**20.05 The Big Bang Theory** *(19:24)*
**20.30 The Smoke** *(2:8)*
**21.15 Rake** *(11:13)*
**22.00 Bones** *(24:24)*
**22.45 Daily Show: Global Edition**
**23.10 Grey's Anatomy** *(18:24)*
**23.55 Rita** *(5:8)*
**00.40 Believe** *(4:13)*
**01.25 Crossing Lines** *(3:10)*
**02.15 Burn Notice** *(11:18)*
**02.55 Fringe** *(3:22)*
**03.40 Carriers**
**05.00 How I Met Your Mother** *(13:24)*
**05.25 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Njarðvík - Grindavík**
**13.05 Meistaradeildin í hestaíþróttum**
**13.35 Dallas - San Antonio**
**15.35 NBA - Shaqtin' a Fool**
**16.00 Chelsea - PSG**
**17.40 Spænsku mörkin 2013/14**
**18.10 Magdeburg - Hamburg**
**19.40 RN Löwen - Hamburg**
**21.00 Getafe - Atletico Madrid**
**22.40 Magdeburg - Hamburg**
**00.00 UFC Live Events**
**02.00 UFC Now 2014**

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Reading - Leicester**
**11.55 Ensku mörkin - neðri deild**
**12.25 Stoke - Newcastle**
**14.05 Messan**
**15.30 Premier League World**
**16.00 Liverpool - Man. City**
**17.40 Ensku mörkin - úrvalsdeildin** *(34:40)*
**18.35 Arsenal - West Ham**
**20.45 Destination Brazil** *(Spánn, Curitiba og Ástralía)*
**21.15 Fulham - Norwich**
**22.55 Arsenal - West Ham**
**00.35 Sunderland - Everton**

## ÍNN

**20.00** Hrafnaþing **21.00** Stjórnarráðið **21.30** Skuggaráðuneytið

## STÖÐ 3

**13.30 Simpson-fjölskyldan** *(6:22)*
**13.50 Friends** *(4:24)*
**14.15 Glee** *(6:22)*
**15.00 Hart of Dixie** *(6:22)*
**15.45 Gossip Girl** *(4:10)*
**16.30 Pretty Little Liars** *(6:25)*
**17.15 School Pride** *(1:7)*
**17.55 Junior Masterchef Australia** *(15:22)*
**18.35 Baby Daddy** *(4:16)*
**19.00 Extreme Makeover: Home Edition** *(25:26)*
**19.40 Hart Of Dixie** *(9:22)*
**20.25 Pretty Little Liars** *(8:25)*
**21.05 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**21.35 Nikita** *(9:22)*
**22.15 Southland** *(4:10)*
**23.00 Revolution** *(7:22)*
**23.40 Arrow** *(18:24)*
**00.20 Tomorrow People** *(8:22)*
**01.00 Extreme Makeover: Home Edition** *(25:26)*
**01.45 Hart Of Dixie** *(9:22)*
**02.25 Pretty Little Liars** *(8:25)*
**03.05 Þriðjudagskvöld með Frikka Dór**
**03.35 Nikita** *(9:22)*
**04.15 Southland** *(4:10)*
**05.00 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## Krakkastöðin

**07.00** Dóra könnuður **07.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **07:45** Doddi litli og Eyrnastór **07.55** Sumardalsmyllan **08.00** Áfram Diego, áfram! **08.24** Svampur Sveinsson **08.45** Hvellur keppnisbíll **08.55** UKI **09.00** Ævintýri Tinna **09.25** Ljóti andarunginn og ég **09.47** Tom and Jerry **09.55** Rasmus Klumpur og félagar **10.00** Brunabílarnir **10.23** Latibær **10.47** Ævintýraferðin **11.00** Dóra könnuður **11.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **11.45** Doddi litli og Eyrnastór **11.55** Sumardalsmyllan **12.00** Áfram Diego, áfram! **12.24** Svampur Sveinsson **12.45** Hvellur keppnisbíll **12.55** UKI **13.00** Ævintýri Tinna **13.25** Ljóti andarunginn og ég **13.47** Tom and Jerry **13.55** Rasmus Klumpur og félagar **14.00** Brunabílarnir **14.23** Latibær **14.47** Ævintýraferðin **15.00** Dóra könnuður **15.24** Mörgæsirnar frá Madagaskar **15.45** Doddi litli og Eyrnastór **15.55** Sumardalsmyllan **16.00** Áfram Diego, áfram! **16.24** Svampur Sveinsson **16.45** Hvellur keppnisbíll **16.55** UKI **17.00** Ævintýri Tinna **17.25** Ljóti andarunginn og ég **17.47** Tom and Jerry **17.55** Rasmus Klumpur og félagar **18.00** Brunabílarnir **18.23** Latibær **18.47** Ævintýraferðin **19.00** Puss N'Boots **20.25** Sögur fyrir svefninn

## GULL

**17.50 Strákarnir**
**18.15 Friends** *(16:24)*
**18.40 Seinfeld** *(8:22)*
**19.05 Modern Family** *(13:24)*
**19.30 Two and a Half Men** *(17:23)*
**19.55 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(7:10)*
**20.20 Veggfóður – LOKAÞÁTTUR**
**21.00 Twenty Four** *(18:24)*
**21.40 Anna Pihl** *(5:10)*
**22.25 Lærkevej** *(3:10)*
**23.10 Chuck** *(2:13)*
**23.50 The Fixer** *(4:6)*
**00.35 Kalli Berndsen – Í nýju ljósi** *(7:10)*
**01.00 Veggfóður – LOKAÞÁTTUR**
**01.40 Anna Pihl** *(5:10)*
**02.20 Lærkevej** *(3:10)*
**03.05 Tónlistarmyndbönd frá Popptíví**

## BÍÓ

**11.20 Last Night**
**12.50 The Bourne Legacy**
**15.05 Happy Gilmore**
**16.35 Last Night**
**18.10 The Bourne Legacy**
**20.25 Happy Gilmore**
**22.00 Red Dawn**
**23.35 This Means War**
**01.15 Green Hornet**
**03.15 Red Dawn**

## RÚV

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.01 Teitur** *(2:13)*
**08.11 Poppý kisulóra** *(2:13)*
**08.22 Froskur og vinir hans** *(2:12)*
**08.29 Kóalabræður** *(2:13)*
**08.39 Lítil prinsessa** *(2:13)*
**08.50 Friðþjófur forvitni** *(2:10)*
**09.13 Franklín** *(2:7)*
**09.35 Babar og Badou** *(2:13)*
**10.00 Að temja drekann sinn**
**11.35 Stephen Fry: Græjukarl – Í eldhúsinu** *(2:6)*
**12.00 Attenborough: 60 ár í náttúru – Að skilja náttúruna** *(2:3)*
**12.55 Vert að vita** *(2:3)*
**13.45 Fit Hostel**
**14.45 Tilraunin – Áhrif tölvuleikja** *(2:3)*
**15.15 Litla Parísareldhúsið** *(2:3)*
**15.45 Ástarlíf** *(2:3)*
**16.30 Ástareldur**
**17.18 Músahús Mikka** *(10:26)*
**17.40 Violetta** *(3:26)*
**18.20 Táknmálsfréttir**
**18.30 Viðtalið**
**19.00 Fréttir**
**19.25 Veðurfréttir**
**19.30 Íþróttir**
**19.40 Kastljós**
**20.10 Leiðin á HM í Brasilíu** *(8:16)*
Í þættinum er farið yfir lið allra þátttökuþjóðanna á HM, styrkleika þeirra og veikleika og helstu stjörnur kynntar til leiks. Við kynnumst gestgjöfunum og skoðum borgirnar og leikvanga sem keppt er á.
**20.40 Castle** *(15:23)*
**21.25 Nýsköpun – Íslensk vísindi III** *(1:8)*
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.20 Thorne: Hræðslupúki** *(3:3)*
**23.05 Borgríki – bakvið tjöldin**
**23.20 Spilaborg** *(9:13)*
**00.10 Kastljós**
**00.30 Fréttir**
**00.40 Dagskrárlok**

## SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**08.00 Cheers** (17:26)
**08.25 Dr. Phil**
**09.05 Pepsi MAX tónlist**
**16.30 Titanic – Blood & Steel** (5:12)
**17.20 Got to Dance** (14:20)
**18.10 Dr. Phil**
**18.50 Top Chef** (4:15)
**19.35 Cheers** (18:26)
**20.00 The Millers** (14:22)
**20.25 Parenthood** (15:15)
**21.10 The Good Wife** (10:22)
**22.00 Elementary** (15:24)
**22.50 Scandal** (13:22)
**23.35 Elementary** (15:24)
**00.25 Royal Pains** (1:16)
**01.15 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRSPORT

**06.00** Motors TV **13.30** Bundesliga Highlights Show **14.22** FC Bayern Munchen - Borussia Dortmund **16.16** AFC Ajax - ADO Den Haag **18.09** Heerenveen - PSV Eindhoven **20.00** Dutch League - Highlights **21.00** Dutch League - Highlights **22.00** Dutch League - Highlights **23.00** Motors TV

## Golfstöðin

**08.00** Augusta Masters **12.30** Golfing World **13.20** Samsung Unglingaeinvígið **14.15** Augusta Masters Official Film Augusta Masters **18.15** Golfing World 2014 **19.05** Inside the PGA Tour **19.30** Golfing World **20.20** US Masters **23.20** Feherty

## ÚTVARP

**FM 88,5** XA-Radíó
**FM 90,1** Rás 2
**FM 90,9** Gullbylgjan
**FM 93,5** Rás 1
**FM 95,7** FM957
**FM 96,3** FM Suðurland
**FM 96,7** Létt Bylgjan
**FM 97,7** X-ið
**FM 98,9** Bylgjan
**FM 99,4** Útvarp Saga
**FM 100,5** Kaninn
**FM 102,2** Útv. Latibær
**FM 102,9** Lindin
**FM 105,5** Útvarp Boðun


Graceland
PRESENTS
Eldborg 23 og 24 apríl
Með hjálp nýjustu tækni
mun Elvis Presley sjálfur
flytja öll sín vinsælustu lög
ásamt stórri hljómsveit
og bakraddasöngvurum
Rödd Elvis og nærvera hans á tjaldinu er svo
kraftmikil og samspilið við tónlistamennina
og söngvarana á sviðinu svo samofið að eftir
nokkur lög getur þú nánast gleymt því að
Elvis er ekki þarna í eigin persónu.
Miðasala á
harpa.is / midi.is
og í síma
528 50 50
Elvis Presley
ON STAGE ®
ELVIS
TONIGHT
TONIGHT

## BESTA BÍÓMYND



**The Darjeeling Limited eftir Wes Anderson er í uppáhaldi.**

Matthildur Matthíasdóttir, fyrirsæta

# Fékk kassettutæki fimm ára

Steinunn „Eldflaug“ Harðardóttir er betur þekkt sem dj. flugvél og geimskip en hún segir að Grandma Lo-Fi hafi haft góð áhrif á hana sem tónlistarkonu.

Steinunn „Eldflaug“ Harðardóttir er betur þekkt sem dj. flugvél og geimskip en hún byrjaði mjög ung að semja tónlist og er nýjasti viðmælandi þáttarins Á bakvið borðin.

„Það eru samt bara til upptökur frá því að ég var fimm ára því þá fékk ég kassettutæki að gjöf,“ segir Steinunn í viðtali við þáttarstjórnendurna. „Ég fann síðan kassetturnar um daginn og varð svo hissa á því að lögin sem ég var að semja þá eru rosalega svipuð nýjustu lögunum mínum, textar og allt.“

Tónlistarkonan segir einnig í viðtalinu að áhuginn á raftónlist hafi kviknað þegar frændi hennar gaf henni vinsælan geisladisk eftir fræga rafhljómsveit. „Hann kom sem sagt með diskinn Fat of the Land eftir Prodigy,“ segir Steinunn. „Þá var ekki aftur snúið eftir að ég var búin að hlusta á hann.“

Í þættinum leikur Steinunn listir sínar á ýmsa hljóðgervla en sá sem hún notar einna mest er hljóðfæri sem hún hefur nefnt Stóru nýbylgjuna. Aðspurð hvort það séu einhverjir tónlistarmenn sem hafa haft áhrif á hana segir hún að Sigríður Níelsdóttir, einnig þekkt sem Grandma Lo-Fi, hafi haft góð áhrif á hana. „Hún gerði tónlistina sína og tók hana upp sjálf og bjó síðan til geisladiska sem hún lét selja í búðum,“ segir Steinunn. „Þá hugsaði ég bara, nú jæja, þetta er ekkert mál.“

baldvin@frettabladid.is



**HÆFILEIKARÍK** Dj. flugvél og geimskip spilar mest á hljóðgervla.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**GÓÐUR MATUR** Vilhjálmur Sanne segir að allir geti fundið sér eitthvað.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Chuck Norris er glerharður

Vilhjálmur Sanne var að opna nýstárlegan grillstað á Laugaveginum þar sem þemað er Chuck Norris.

„Hugmyndin kviknaði eiginlega þegar ég var að fara að sofa eitt kvöldið,“ segir Vilhjálmur Sanne en hann var að opna veitingastaðinn Chuck Norris Grill á Laugaveginum. „Ég og konan mín vorum að velta fyrir okkur nafni á staðinn og þá datt okkur í hug þetta þema,“ segir Vilhjálmur en flestir hljóta að kannast við brandarana um Chuck Norris og hörku hans. „Við ákváðum í kjölfarið að fara þá leið að leggja mesta áherslu á steikarsamlokurnar,“ segir veitingastaðareigandinn sem bætir því við að á matseðlinum verði ýmiss konar grillmatur ásamt steikarsamlokunum. „Við erum með hamborgarana eins og flestir grillstaðir en okkur fannst vanta fleiri staði sem sérhæfðu sig í steikarsamlokum.“

Staðurinn var opnaður síðastliðinn föstudag og segir Vilhjálmur viðtökurnar hafa verið góðar. „Fólki finnst þetta skemmtilegt, Chuck Norris er náttúrlega glerharður.“ Á bak við staðinn er einnig að finna myndarlegan garð sem Vilhjálmur segir eiga eftir að nýtast vel í sumar þegar sólin fer að skína. „Við erum með nokkur borð og stóla úti en síðan getur fólk líka sest inni eða tekið matinn heim með sér,“ segir Vilhjálmur sem mælir með því að fólk líti inn og grípi með sér eitthvað af grillinu. „Við bjóðum líka upp á góð salöt og steikur, hér geta allir fundið sér eitthvað.“

# Nakin í framboði

Salka Valsdóttir var ekki sátt við forræðishyggjuna sem virtist ríkja innan veggja Menntaskólans við Hamrahlíð og ákvað því að taka málin í sínar hendur.

„Ég var orðin svo pirruð á ákveðinni forræðishyggju sem var í gangi í samskiptum skólastjórnar og nemendafélagins,“ segir Salka Valsdóttir, einn meðlima Reykjavíkurdætra, en hún bauð sig fram til forseta Nemendafélags Menntaskólans við Hamrahlíð og hengdi upp nektarmyndir af sjálfri sér sem plaköt.

„Það var rosaleg ritskoðun í skólablaðinu og mér fannst ég heldur ekki búin að pönkast nægilega mikið í stjórn,“ segir Salka og hlær. „Mér finnst að tilgangur nemendafélags sé að gera allt eins skemmtilegt og hægt er fyrir nemendurna en núna er eins og það sé verið að aga þá og allt gert til þess að þóknast skólastjórninni.“ Salka bjó til síðu vegna framboðsins á Facebook en var bönnuð í kjölfar myndbirtingarinnar. „Fyrst kom viðvörun en síðan var ég sett í bann í 48 klukkustundir,“ segir Salka en Facebook hafði flokkað myndina sem klám. „Þetta er klárlega ekki klám og það er engin hlutgerving við þessa mynd heldur er þetta bara falleg mynd sem vinkona mín, Sólveig Lára, tók.“ segir Salka.

„Það er eins og þeir séu með einhverja græju sem skannar hvort það séu brjóst á myndum en ef ég væri karlmaður sem væri ber að ofan þá yrði ekkert sagt.“

Athæfi Sölku virðist þó hafa vakið athygli utan skólans en vinkona hennar sem stundar nám við Verslunarskóla Íslands sagði henni að einstaklingar innan Versló hefðu spurst fyrir um athæfið.

„Það voru einhverjar stelpur að spyrja vinkonu mína hvort ég væri ekki hrædd um að fólk héldi að ég væri lauslát út af myndunum,“ segir Salka. „Síðan voru nokkrar stelpur sem spurðu hvort kærastinn minn leyfði mér að vera með hár undir höndunum,“ segir Salka og hlær en hún undirbýr brúðkaup sitt og unnusta síns, Almars S. Atlasonar. „Vinkona mín sagði þessum stelpum að ég væri ekki beint lauslát, í ljósi þess að ég væri að fara að gifta mig í sumar,“ segir Salka sem er ákaflega spennt fyrir athöfninni.

baldvin@frettabladid.is



**FEMÍNISTI** Salka Valsdóttir vekur mikla athygli. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

> **Síðan voru nokkrar stelpur sem spurðu hvort að kærastinn minn leyfði mér að vera með hár undir höndunum.**
>
> *Salka Valsdóttir*



**UMDEILD** Salka Valsdóttir var nakin á framboðsplakötunum.




## Ársfundur EFÍA 2014

Ársfundur Eftirlaunasjóðs FÍA verður haldinn þriðjudaginn 6. maí 2014 kl. 14.00 í Hlíðasmára 8, Kópavogi.

DAGSKRÁ

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningur kynntur
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna
5. Skipun stjórnar og laun stjórnarmanna
6. Val endurskoðanda
7. Önnur mál

Allir sjóðfélagar eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum með umræðu- og tillögurétti. Hægt er að nálgast ársfundargögn á heimasíðu sjóðsins www.efia.is.

FÍA Eftirlaunasjóður


ÞRIÐJUDAGS
TILBOÐ
DOMINO'S
1000 KR.
Miðstærð af pizzu með 3 áleggstegundum að eigin vali.
Ef þú sækir. Gildir fyrir klassískan, ítalskan og lauflétan botn.
HEIT ALLA LEIÐ HEIM
Fyrir aðeins 699 kr. færðu þína eigin hitatösku
á Domino's sem þú getur notað aftur og aftur!
HEIT HEIM
LJÚFFENG OG RJÚKANDI
BEINT ÚR OFNI
KJÖTVEISLA: Skinka, pepperoni og nautahakk
SÍMI 58 12345
DOMINO'S APP
WWW.DOMINOS.IS

# FRÉTTABLAÐIÐ

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** • SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 **VÍSIR**

**RITSTJÓRN** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **AUGLÝSINGADEILD** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN** Ísafoldarprentsmiðja

Póstdreifing

**DREIFING:** dreifing@postdreifing.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060







## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Cell7 burt úr bænum

Hipphoppgyðjan Cell7, **Ragna Kjartansdóttir**, hefur sett gömlu húfuna frá Subterranean-árunum upp og er tilbúin í kuldann á Ísafirði. Ragna kemur fram á Aldrei fór ég suður en þetta er í fyrsta sinn sem hún stígur á svið á hátíðinni. Rögnu fylgir hljómsveit skipuð þeim Magnúsi Trygvasyni Eliassen, Andra Ólafssyni og Steingrími Teague. Von er á meira brölti út fyrir höfuðborgarsvæðið frá Cell7 og fylgisveinum en Ragna fékk nýlega styrk frá Kraumi til tónleikahalds á landsbyggðinni. Eins og alþjóð veit er fátt betra til að halda á sér hita í páskahretinu en að dansa við þéttan hipphopptakt. -ssb



### Hittust á Everest

Pólfarinn **Vilborg Arna Gissurardóttir** og leikkonan **Saga Garðarsdóttir** hittust í gær í grunnbúðum við Everest, hæsta fjallstind í heimi. Vilborg birti mynd af fagnaðarfundunum, eins og hún kallar þá, á Facebook-síðu sinni. „Vildi að Saga gæti verið með okkur alla daga,“ skrifar Vilborg við myndina. Everest er síðasti tindurinn af tindunum sjö, hæstu tindunum í hverri heimsálfu, sem Vilborg klífur á einu ári. Grunnbúðirnar eru í um 5.300 metra hæð og ætlar Vilborg að dvelja þar í sex vikur ef marka má ferðadagbók hennar á vefsíðunni vilborg.is. -lkg



### Mest lesið VÍSIR

1 „Ætlarðu svo að reyna að taka kredit fyrir það að mér gangi vel í tónlistinni í dag?“
2 Sex mánaða fangelsi fyrir að „vera of góður í rúminu“
3 Umfjöllun, viðtöl og myndir: Stjarnan-KR 89-90 | KR komið í úrslit
4 Takk fyrir mig!
5 Listi yfir Íslendinga í skattaskjóli afhentur







